

EFTIRMINNILEGUSTU SÖFNIN

Íslenski safnadagurinn er í dag. Hvaða söfn skyldi fólk kunna best að meta?



Hent í djúpu laugina

Ólafur Kristjánsson, þjálfari Breiðabliks, er óhræddur við að henda kjúklingum út í djúpu laugina.



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

13. júlí 2008 – 189. tölublað – 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

SUNNUDAGUR



ENN FLÝGUR HRAFNINN

Ingi Hrafn hættir sem vert við Langá eftir 30 ár og talar meðal annars um gegndarlaust óhóf í laxveiðinni.

HELGARVIDTAL 16

FYLGIR Í DAG



VEÐRIÐ Í DAG



SKÚRIR VIÐA Í dag verður suðvestan 5-10 m/s SV- og V-til, annars hægari vindur. Skýjað að mestu en helst bjart austan til. Viða rigning eða skúrir. Hiti á bilinu 10-18 stig, hlýjast á Austurlandi.

VEDUR 4

Þróunaraðstoð fyrir atkvæði í öryggisráð

Fulltrúi Vinstri grænna í stjórn Þróunarsamvinnustofnunar Íslands segir utanríkisráðuneytið nota stofnunina í kosningabaráttu fyrir sæti í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Íslendingar veki upp vonir ríkja um að fá þróunaraðstoð.

STJÓRNSÝSLA Sigfús Ólafsson, fulltrúi Vinstri grænna í stjórn Þróunarsamvinnustofnunar Íslands (ÞSSÍ), telur utanríkisráðuneytið nota stofnunina sem tæki í baráttunni fyrir sæti í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Hann er ósáttur við vinnubrögð ráðuneytisins.

Utanríkisráðuneytið stóð fyrir ráðstefnu á Barbados í mars og óskað var eftir að fulltrúar ÞSSÍ yrðu með í för. Yfirlýst markmið ráðstefnunnar var að efla þróunaraðstoð við þróunarríki á smá-

eyjum í Karíbahafi. Sigfús telur hins vegar að höfuðtilgangur ferðarinnar hafi verið að afla atkvæða frá smáríkjum fyrir kosningarnar í öryggisráðið. Kosningarnar fara fram í október og keppir Ísland við Austurríki og Tyrkland um tvö laus sæti í ráðinu.

„Ég mótmælti kröftuglega þeirri ákvörðun að senda fulltrúa ÞSSÍ á ráðstefnuna,“ segir Sigfús. Hann telur veru ÞSSÍ á fundinum hafa leitt til þess misskilnings að

stofnunin ætli sér að koma fram með þróunaraðstoð á svæðinu. Ekkert slíkt hafi verið ákveðið.

Jón Skaptason, fulltrúi Sjálfstæðisflokks í stjórn ÞSSÍ, segir ráðstefnuna hafa alið væntingar til Íslands um þróunaraðstoð á svæðinu. „Maður spyr sig hvers vegna þetta svæði var valið á þessum tímamarki. Ljóst mátti vera fyrirfram að ÞSSÍ myndi ekki koma að þróunaraðstoð á þessu svæði,“ segir Jón.

- kg, sgj / sjá síðu 6



BIRKIR MÁR Nýjasti atvinnumaður Íslands hefði átt að kosta meira.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Íslenskir knattspyrnumenn:

Eiga að kosta yfir 30 milljónir

FÓTBOLTI „Þessi lið á Norðurlöndunum eru alltaf að reyna að fá íslenska leikmenn fyrir ekki neitt.“ Þetta segir Jónas Kristinsson hjá KR sem vill að félag á Íslandi sameinist um að hækka verð á leikmönnum. „Íslensk félag þurfa að fara að spyrna við fótum,“ segir Jónas um þróunina.

Birkir Már Sævarsson var seldur frá Val til Noregsmeistara Brann fyrir á milli 20 og 25 milljónir króna. Með hækkandi kostnaði íslenskra félagsliða vill Jónas fá meira. „Við eigum að fá 30 milljónir eða meira.“

- hph /Íþróttir 24

Vill endurheimta gamalt orð:

Lesbosbúi ekki sáttur við lesbíur

GRIKKLAND Íbúi á grísku eyjunni Lesbos segist njóta mikils stuðnings í baráttu sinni fyrir að fá samkynhneigðar konur til að hætta að nota orðið „lesbía“.

Hinn 69 ára gamli Dimitris Lambrou hefur krafist dómsúrskurðar til að meina grískum samtökum samkynhneigðra að nota orðið „lesbía“, samkvæmt Der Spiegel. Hann segir íbúa eyjunnar mæta miklu skilningsleysi þegar þeir kynni sig erlendis sem lesbíur. Dimitris hefur þó ekkert á móti samkynhneigðum, að eigin sögn.

Skáldkonan Saffó frá Lesbos, sem orti tilfinningaþrungin ljóð til annarra kvenna, er uppspretta notkunar samkynhneigðra á orðinu lesbía. Fjöldi lesbía sækir því Lesbos heim árlega.

- sgi



INNI OG ÚTI Það rignði í höfuðborginni í gær eftir marga sólríka daga að undanförunu. Fólk lét vatnsveðrið ekki á sig fá og var margt manna í miðborginni um miðjan dag í gær. Búast má við úrkomuveðri í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUDUNN

Orkufyrirtæki áforma verulega aukningu í orkuframleiðslu á næstu árum:

Orkusala til stóriðju tvöfölduð

ORKUMÁL Stóriðja á Íslandi mun nota tæplega tvöfalt meiri orku en hún gerir í dag innan nokkurra ára, verði öll áform um uppbyggingu að veruleika. Stóriðja notar í dag um 61 prósent af allri orku sem framleidd er hér á landi.

Orkufyrirtæki hér á landi framleiða um 2.400 megavött af orku í dag. Nái virkjanaáform víða um land fram að ganga verður framleiðslan komin upp í 3.600 megavött innan nokkurra ára.

Þegar þrjár virkjanir í neðri hluta Þjórsár, auk Búðarhálsvirkjunar í Tungnaá, eru orðnar að veruleika mun Landsvirkjun snúa sér að öðrum kostum. Friðrik Sophusson, forstjóri Landsvirkjunar, segir að eðlilegt sé að fullnýta Þjórsár- og Tungnaásvæðið áður en virkjað verði annars staðar.

Landsvirkjun íhugar mögulega virkjun í Tungnaá við Bjalla, ofan Sigöldu, segir Friðrik Sophusson, forstjóri Landsvirkjunar. Auk þess

ætla fyrirtækið í umfangsmiklar jarðvarmavirkjanir á Norðurlandi.

Landsvirkjun mun ekki setja nein skilyrði um staðsetningu stóriðju sem kaupa vill orku frá virkjunum í neðri hluta Þjórsár, segir Friðrik.

„Við stjórnnum því ekki hvar atvinnustarfsemin er sett niður,“ segir Friðrik. „Landsvirkjun hugsar fyrst og fremst um að fá sem hæst og best verð fyrir framleiðslu sína og að það sé sem best tryggt.“

- bj / sjá síðu 8

NU ER KÁTT Í HÖLLINI

RISA

MARKAÐUR

Í LAUGARDALSHÖLLINI

DVD MYNDIR - DVD TÓNLIST
TÓNLIST - TÖLVULEIKIR

Þúsundir titla í boði á ótrúlegum verðum

OPIÐ 11 - 19
ALLA DAGA VIKUNNAR

OPIÐ til **20** alla daga

HAGKAUP
Ein færð betra verð

Útsala

Nýtt kortatímabil

úllen dúllen doff!

Opið 13-18

Kringlan

SPURNING DAGSINS



Braga, ertu búin að frika út?

„Nei, og ég hef ekki verið í sambúð, lamin, skilin eða bæld.“

Braga Stefáný Mileris kláraði stúdentsþróf frá Menntaskólanum Hraðbraut í gær aðeins 17 ára gömul. Í texta Bjartmars Guðlaugssonar „15 ára á föstu“ var viðkomandi á föstu, í sambúð og búin að frika út við 17 ára aldur. Síðan lamin, skilin, bæld og komin í kút um tvítugt.

Þjakkur skallaði löngu:

Rændi leigubíl í Garðabænum

LÖGREGLUMÁL Tveir voru handteknir í gærkvöld eftir að hafa rænt leigubíl með því að ógna bílstjóranum með hníf. Þeim var sleppt eftir yfirheyrslu.

Annar þeirra sem reyndi að ræna leigubílinn var handtekinn aftur stuttu síðar. Þá var hann í matvöruverslun og gerði tilraun til að ræna vörum.

Við komuna á lögreglustöðina veittist drengurinn að lögreglumanni og skallaði hann. Drengurinn er innan við tvítugt að sögn lögreglu. Lögregluumaðurinn er með lítils háttar eymsli í andliti og á handlegg eftir átökin.

- vsp



SIRIN JOHANSEN Hún synti á slóðum kvikmyndasögunnar í köldu lóninu.

MYND/GUNNAR

Synti á slóðum James Bond:

Lítið mál að synda í lóninu

JÖKULSÁRLÓN Sirin Johansen tók nokkra sundspretti í Jökulsárlóni á dögunum. Sirin er frá Tromsø í Noregi og er félagi í Hafbaðsfélaginu „Íshúð“ í heimabæ sínum. Hún syndir reglulega í köldum sjónum á veturna.

Að sögn Sirin var lónið í meðallagi kalt og henni þótti ekkert tiltökumál að taka nokkur sundtök framhjá jökulum Jökulsárlóns.

Jökulsárlón er frægt fyrir nokkrar eftirminnilegar kvikmyndasenu. Lónið kom fyrir í James Bond-kvikmyndunum A View to a Kill og Die Another Day. Í þeirri síðarnefndu er mjög eftirminnilegur bílaeltingaleikur sem á sér stað á lóninu.

- vsp

Jeppaárekstur við Keríð:

Fjórir fluttir á sjúkrahús

LÖGREGLUMÁL Tveir jeppar skullu saman á Biskupstungnabraut við Keríð í Grímsnesi í gær. Í öðrum jeppanum voru auk öikumans þrjú börn en í hinum jeppanum ökuumaður og tveir farþegar.

Ökuumaður fyrrnefnda jeppans var ásamt börnunum þremur fluttur á Heilbrigðisstofnun Suðurlands til aðhlyningar en ekki var talið að um alvarlega áverka væri að ræða.

Bílarinn komu úr gagnstæðum áttum og eru báðir óökufærir. Að sögn lögreglu fór betur en á horfóist.

- vsp

Forseti Frakklands segir Sýrland og Líbanon opna sendiráð í landi hvort annars:

Sýrlendingar ekki jafnbjartsýnir

MÍÐ-AUSTURLÖND, AP Nicolas Sarkozy staðfesti í gær að viðræður Sýrlands og Líbanon um að opna sendiráð í landi hvort annars væru komnar vel á veg. Forseti Sýrlands, Bashar Assad, vildi ekki taka jafn djúpt í árinna.

Assad segir að hann og Michel Suleiman, forseti Líbanons, hafi rætt þetta tiltekna mál en það væri enn á umræðustigi og ákvarðanir um nokkra hluti ætti eftir að taka.

Sarkozy virtist töluvert bjartsýnni og sagði að þegar væri byrjað að gera ráðstafanir en nokkrum lögregluum spurningum væri ósvarað hvað Sýrland varðar. Það myndi hins vegar leysast.

Suleiman, forseti Líbanons, tók í sama streng og Sarkozy. „Ég er mjög ánægður með gang mála,“ sagði hann. „Við viljum sendiherra-skipti og stjórnmalasamband við Sýrland.“

Sarkozy vonast til að sendiráðs-skiptin rói stöðuna í Mið-Austurlöndum. Hann sagðist ætla að heimsækja Damaskus, höfuðborg Sýrlands, í september vegna málsins en hefur ekki ákveðið nákvæma dagsetningu.

Sýrland og Líbanon hafa ekki haft sendiráð hvort í landi annars síðan Líbanon fékk sjálfstæði árið 1943.

- vsp



NICOLAS SARKOZY Hann er mjög bjartsýnn á að stjórnmalasamband Sýrlands og Líbanon gangi eftir.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hörmulegt slys í Noregi:

Tvö ungmenni fundust látin

NOREGUR, AP Tveir fundust látnir á rokkónlistarhátíð í Suður-Noregi í gær og sex aðrir eru á spítala. Fórnarlömbin fundust inni í og í kringum strætisvagn á hátíðinni.

Pau sex sem fundust lifandi voru flutt með þyrlu á næsta spítala. Bráðabirgðaskýrslur þaðan segja að kolmónoxíðeitrun gæti hafa verið ástæðan en sum þeirra sem fundust lifandi voru ekki með meðvitund.

Öll fórnarlömbin voru norskir ríkisborgarar á þrítugs- og fertugsaldri að sögn lögreglu í Noregi. Rokkhátíðin er haldin í bænum Kvinesdal sem er 430 kílómetra suðvestur af Osló.

- vsp

Féll um sex metra úr fljúgandi íkorna

Ungur maður féll um sex metra úr leiktæki í Adrenalíngarðinum í fyrrkvöld. Félagi mannsins sem fór á undan í tækið segir óeðlilegan slaka hafa komið á línuna þegar hann var í tækinu en umsjónarmaður hafi ekki sinnt því.

SLYS „Fyrir mér leit þetta út fyrir að vera fall úr um það bil fimm til sex metra hæð,“ segir Hafsteinn Gunnar Hauksson, níttján ára piltur sem slasaðist í fyrrkvöld eftir að hafa fallið úr leiktæki í Adrenalíngarðinum á Nesjavöllum.

„Ég lenti á grasi fyrir neðan og finn fyrst mjög mikinn sársauka. Hann dofnaði þó stuttu á eftir og ég hélt að ég væri bara nefbrotinn og ætlaði að reyna halda áfram að skemmta mér með félögum mínum sem þarna voru,“ segir Hafsteinn. Hann komst þó fljótlega að því að hann var of slasaður til að geta haldið skemmtuninni áfram og þótt ekki hafi sjúkrabíll verið hvaddur til ók einn starfsmanna garðsins Hafsteini á sjúkrahús þar sem hlúð var að honum. Við læknisrannsókn kom í ljós að hann var handleggsbrotinn, nefbrotinn og rifbeinsbrotinn auk þess sem hann hafði marist á lunga.

Tækið sem gaf sig í garðinum er kallað „fljúgandi íkorninn“. Í honum er fólk hífst upp í nokkurra metra hæð á talú og því snúid í hringi þegar það er komið í um tólf metra. Hafsteinn þakkar fyrir að hafa ekki fallið úr slíkrri hæð enda má hann teljast sérlega heppinn með að hafa sloppið jafn vel og raun ber vitni eftir um sex metra fall. Hann segist telja að vör taliunnar sem hann hékk í hafa sigið ögn áður en festingin gaf sig og hafi sá slinkur líkast til orðið til þess að hann féll ekki úr efstu stöðu tækisins.

Benedikt Bóas Hinriksson, starfsbróðir Hafsteins, segist hafa verið síðasti maður á undan honum



HAFSTEINN GUNNAR HAUKSSON Þrífrotinn eftir sex metra fall í Adrenalíngarðinum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUBUNN

Ég ætla fara yfir það með mér fróðari mönnum hvort ég fari fram á bætur.

HAFSTEINN GUNNAR HAUKSSON

í tækinu. Hann segir að þegar hann hafi verið í tækinu hafi komið slinkur á línuna. „Það virtust allir hafa tekið eftir því nema umsjónarmaðurinn. Hann bauð mér bara að fara aðra ferð,“ segir Benedikt, sem væntanlega þakkar sínum sæla fyrir að hafa afþakkað boðið og hleypt félaga sínum að.

Óskar Guðjónsson, framkvæmdastjóri Adrenalíngarðsins, segir að lás sem festur er við línuna sjálfa hafi gefið sig en nýlega

var skipt um hann og virðist sem hann hafi ekki verið hertur nægilega vel.

Hafsteinn segist ósáttur við að koma þrífrotinn út úr leiktæki sem ítrekað hafði verið að væri alveg öruggt. „Ég ætla fara yfir það með mér fróðari mönnum hvort ég fari fram á bætur,“ segir hann en ljóst er að hann verður frá vinnu á næstunni.

Gylfi Thorlacius hæstaréttarlögmaður, sem mikið hefur starfað á sviði skaðabótaréttar, telur miklar líkur á að Hafsteinn eigi rétt á bótum vegna slyssins. Hafi fyrirtækið ábyrgðartryggingu muni hún sjá um greiðslu bóttanna annars standi fyrirtækið sjálft straum af því.

karen@frettabladid.is

Bautasteinn til minningar um Einar Odd Kristjánsson var afhjúpaður á Flateyri í gær:

Lífi og list um landið hrundið af stað

FLATEYRI Margmenni var við afhjúpun bautasteins til minningar um Einar Odd Kristjánsson, fyrrverandi alþingismaður. Steinninn var afhjúpaður á Sólbakka við hátíðlega athöfn á Flateyri í gær. Bautasteinninn er þakkarvottur Samtaka atvinnulífsins og Alþýðusambands Íslands fyrir störf hans í þágu atvinnulífs á Íslandi en samtökin standa í sameiningu að bautasteininum.

Geir H. Haarde forsætisráðherra flutti ávarp við athöfnina. Í ræðu sinni talaði hann um nýtt átak sem byggist á því að efla menningarlíf á landsbyggðinni. Hugmyndin er komin frá Einari Oddi og mun bera heitið Líf og list um landið. Einar Oddur var að sögn Geirs mikill áhugamaður um menningu og var honum sérstaklega hugleikin sígild tónlist.

Fjölmenni var við athöfnina og þar á meðal stór hluti ráðherra-líðs ríkisstjórnarinnar.

Margir þakka Einari Oddi gerð þjóðarsáttarsamninganna árið 1990 en hann var þá formaður Vinnuveitendasambands Íslands. Einar Oddur varð bráðkvaddur 14. júlí á síðasta ári. Hann sat á þingi frá 1995 fyrir Vestfjarðakjördæmi og síðar Norðvesturkjördæmi til dauðadags.

Eftir athöfnina héldu Kristinn Sigmundsson söngvari og Jónas Ingimundarson pianóleikari tónleika í minningu Einars Odds Kristjánssonar.

- vsp

AFHJÚPUN BAUTASTEINSINS Hér sjást Gunnar Ingi Birgisson, bæjarstjóri í Kópavogi, og Ásmundur Stefánsson ríkissáttasemjari afhjúpa bautastein til minningar um Einar Odd Kristjánsson.

MYND/PORSTEINN J. TÓMASSON



Einar Oddur Kristjánsson
Vinnuveitendasambands Íslands
1990-1999



ÚLFYNYSTYTAN Fyrir neðan má sjá Rómulus og Remus sjuga mjólk út spenum úlfynjunnar.

NORDICPHOTOS/AFP

Endurskoðaður aldur stytta:

Úlfynja kannski ekki svo gömul

ÍTALÍA, AP Stytta af úlfynju sem öldum saman hefur verið eitt helsta tákn Rómaveldis er ef til vill ekki jafn gömul og talið var. Sérfræðingar sem kannað hafa styttuna undanfarið telja að hún sé frá miðöldum, en ekki frá trúskum tíma, meira en þúsund árum fyrr, eins og talið hefur verið.

Styttan er af úlfynju sem samkvæmt goðsögninni nærði tvíburana Rómulus og Remus, stofnendur Rómur, eftir að þeir höfðu verið bornir út.

Beðið er niðurstaðna úr kolefnisrannsókn sem skorið gæti úr um aldur styttunnar.

- gh

Hnífstunga á Tryggvagötu:

Stunginn nálægð hálsinum

LÍKAMSÁRÁS Karlmaður á fertugsaldri var stunginn við skemmtistað á Tryggvagötu í gærmorgun.

Fórnarlambið var flutt á slyssadeild Landspítalans og heilsast vel. Árásarmaðurinn var hins vegar handtekinn og er enn í haldi.

Um eina stungu var að ræða á efri hluta líkamans, nálægð hálsi og slapp fórnarlambið, að sögn lögreglu merkilega vel. Ekki er vitað um ástæður árásarinnar.

- vsp

GESTASTOFA ER OPIN

OPIÐ:

VIRKA DAGA 10.00-17.00

UM HELGAR 13.00-17.00

VELKOMIN Í GESTASTOFU TÓNLISTAR- OG RÁÐSTEFNUHÚSSINS SEM HEFUR NÚ VERIÐ OPNUÐ VIÐ LÆKJARTORG

Í Gestastofu gefst áhugasömum kostur á að skoða sýningu um byggingu Tónlistar- og ráðstefnuhússins og skipulag Austurhafnarsvæðisins. Innsýn er gefin í söguna á bakvið hönnunar- og byggingarferlið ásamt helstu þátttakendum verkefnisins.

Gestir geta kynnt sér hlutverk Tónlistar- og ráðstefnuhússins, væntanlega starfsemi sem í því verður og möguleikana á að nýta það. Betur er hægt að átta sig á því hvernig ásynnd miðborgarinnar verður að uppbyggingu lokinni. Í Gestastofu verður hægt að fylgjast með mikilvægu kennileiti verða til í Reykjavík.

Stórglæsilegur tíu metra útsýnisgluggi gefur kost á að virða fyrir sér svæðið. Til sýnis eru drög að hverfinu sem mun rísa, teikningar, vinnulíkon og listaverk. Sjáðu hið stóra í hinu smáa og hið smáa í hinu stóra. Sjáðu Tónlistar- og ráðstefnuhúsið verða til, húsið okkar allra.

**Gestastofa er öllum opin
og þar er heitt á könnunni alla daga vikunnar.**

Sími: 437 1000 | gestastofa@gestastofa.is | www.gestastofa.is



**GESTA
STOFA**
VISITOR
CENTER

GENGIÐ 11.07.2008

GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	75,68 76,04
Sterlingspund	149,68 150,40
Evra	119,64 120,30
Dönsk króna	16,029 16,123
Norsk króna	14,839 14,927
Sænsk króna	12,619 12,693
Japanskt jen	0,7069 0,7111

SDR 123,35 124,09

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

153,2111

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Menntamálaráðuneytið: Styrkir vegna aflasamdráttar

MENNTAMÁL Menntamálaráðherra hefur ákveðið að veita allt að 180 milljónir króna til menntaverkefna á landsbyggðinni. Í tilkynningu frá menntamálaráðuneytinu segir að styrkir séu þáttur í mótvægisáðgerðum ríkisstjórnarinnar vegna tímabundins aflasamdráttar.

Veittir verða styrkir til 59 verkefna að þessu sinni. Samkvæmt tilkynningu var áhersla lögð á að styrkir menntaverkefni sem væru til þess fallin að mæta afleiðingum samdráttar í fiskveiðum og -vinnslu. Styrkveitingar eru að hluta til háðar framvindu verkefna og þátttöku í þeim.

Rastafarar í Ítalíu:

Mega reykja marijúana

ITALÍA, AP Æðsti sakadómstóll Ítalíu hefur dæmt að marijúanareykjar rastafara njóti sérstakrar verndar sem trúarathöfn.

Rastafarahreyfingin er trúarbrögð sem urðu til á fjórða áratug síðustu aldar á Jamaíka. Rastafarar hylla Haile Selassie, fyrrum keisara Eþíópíu, sem guð í mannsmynd. Marijúanareykjar og reggítónlist eru mikilvægir hlutar trúarbragðanna.

Með dómnum var ógiltur sextán mánaða fangelsisdómur rastafara fyrir ólöglega marijúanaeign.

LEIÐRÉTTING

Í frétt blaðsins í gær um sölu á eignarhlut Glitnis í Eignarhaldsfélaginu Fasteign hf. var ranglega farið með hver væri eigandi Saxbygg ehf. Hið rétta er að Saxbygg ehf. er í eigu Byggingafélags Gylfa og Gunnars annars vegar og Saxhóls ehf. hins vegar.

Framsóknarflokkurinn leggur fram tillögur vegna ástands efnahagsmála:

Stýrivextir lækki hið fyrsta

STJÓRNMÁL „Við tókum þátt í farsælli ríkisstjórn í tólf ár og sjáum nú málin þróað hér óvænt og illa,“ segir Guðni Ágústsson, formaður Framsóknarflokksins. Þingflokkur framsóknarmanna lagði fram tillögur í efnahagsmálum á föstudag.

Framsóknarmenn hvetja Seðlabankann til að hefja lækunarferli stýrivaxta hið fyrsta, þar sem samdráttur hagkerfisins virðist vera harðari og meiri en gert hafi verið ráð fyrir. Þá hvetja þeir til aukinna stórfremkvæmda á vegum ríkis og sveitarfélaga og nýrrar þjóðarsáttar stjórnvalda og atvinnulífs.



GUÐNI ÁGÚSTSSON

„Ekkert gerist hjá blessaðri ríkisstjórninni, ekkert gengur eftir sem hún hefur boðað og það er engin forysta,“ segir Guðni. „Við vildum brýna hana til dáða eða hvetja hana til að fara frá.“ -sgj

Þingflokkur Framsóknarflokks segist reiðubúinn til að aðstoða ríkisstjórnina í efnahagsmálum, nú þegar stefni í atvinnuleysi og samdrátt á mörgum sviðum þjóðlífsins.

TILLÖGUR FRAMSÓKNAR

- Seðlabankinn taki erlent lán sem allra fyrst
- Seðlabankinn birti rökstuðning fyrir vaxtaákvörðunum
- Lækkunarferli stýrivaxta hefjist hið fyrsta
- Íbúðalánasjóður endurfjármagni fasteignalán fjármálastofnana
- Stórfremkvæmdum verði hraðað
- Stjórnvöld og atvinnulíf hafi með sér samráð um nýja þjóðarsátt

Nágranni Ólafs með mun styttri biðlaun

Fráfarandi bæjarstjóri Grindavíkur getur verið á biðlaunum til desembermánaðar 2010. Biðlaunaréttur bæjarstjóra Reykjanesbæjar er þrjú mánuðir eins og á vinnumarkaði. Fyrir tveimur árum var lengsti biðlaunaréttur sex mánuðir.

BÆJARSTJÓRN „Ég er bara með þriggja mánaða biðlaun eins og það er á almennum vinnumarkaði. Mér fannst hálfauingjalegt að hafa þá mánuðina sex því ég held ég gæti fengið vinnu innan þriggja mánaða ef til þess kæmi,“ segir Árni Sigfússon bæjarstjóri Reykjanesbæjar. Bæjarstjórnin í Reykjanesbæ breytti biðlaunum Árna að hans frumkvæði frá þeim sex mánuðum sem almennt gerist hjá bæjarstjórum í þrjú mánuði eins og almennt gerist á vinnumarkaði.

Ólafur Örn Ólafsson, fráfarandi bæjarstjóri Grindavíkurbæjar, gerði ráðningarsamning þar sem er ákvæði um að hann verði á biðlaunum til loka kjörtímabilsins til ársins 2010, auk sex mánaða eftir kosningarnar, til desember 2010 ef kæmi til meirihlutaslita. Meirihlutinn sleit samstarfi í síðustu viku. Einnig er ákvæði í ráðningarsamningnum þar sem Grindavíkurbær verður að kaupa einbýlishús hans, seljist það ekki fyrir janúarbyrjun á næsta ári.

Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri Hafnarfjarðar, er með hinn almenna sex mánaða biðlaunarétt. „Hér er traustur meirihluti og engin ástæða til að setja ákvæði um lengri biðlaunarétt í samninginn.“

Formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga og bæjarstjóri Ísafjarðar, Halldór Halldórsson, segir sambandið ekki hafa vitað af samningi Ólafs í Grindavík. „Kjör bæjarstjóra er ákvörðun hvers og eins sveitarfélags. Sjálfur er ég með sex mánaða biðlaunarétt með



GRINDAVÍKURHÖFN Grindavíkingar þurfa að greiða tveimur bæjarstjórum í rúm tvö ár ef fyrrverandi bæjarstjóri nýttir sér biðlaunarétt sinn.

„Ég myndi ekki vera í vandræðum að finna vinnu innan sex mánaða þó að ég myndi hætta að vera bæjarstjóri.“

GUNNAR I. BIRGISSON
BÆJARSTJÓRI Í KÓPAVOGI

gagnkvæmum uppsagnarfresti,“ segir Halldór.

Í skýrslu Sambands íslenskra sveitarfélaga frá árinu 2006 kemur fram að lengsti biðlauna-

samningur var sex mánuðir en það er sá tími sem jafnframt er algengastur. Biðlaun Ólafs eru vegna meirihlutaslita í síðustu viku tæplega tvö og hálf ár.

Gunnari Inga Birgissyni, bæjarstjóra í Kópavogi, finnst ráðningarsamningur Ólafs óvenjulegur. Hann segist vera með hinn venjundna sex mánaða uppsagnarfresti. „Ég mundi ekki vera í vandræðum að finna vinnu innan sex mánaða þó að ég myndi hætta að vera bæjarstjóri.“ vidirp@frettabladid.is

Mat á verðgildi lífs lækkar:

Mannslífið er minna virði

BANDARÍKIN, AP Umhverfisverndarstofnun Bandaríkjanna hefur lækkað verðmat lífs í 6,9 milljónir dala, jafnvirði rúmlega fimm hundruð og tuttugu milljóna króna. Fyrir fimm árum var lífið metið á 7,8 milljónir dala.

Verðgildi lífs er reiknað út frá því hversu miklu fólk er reiðubúið að eyða til að forðast tiltekna áhættur.

Verðmatið skiptir miklu máli því það er notað þegar metið er hvort framkvæmdir og reglur bjargi nægilega mörgum mannlífum til að það réttlæti kostnað af þeim.

- gh



STRANDVEIÐI Afþreying sem nýtur sívaxandi vinsælda hérlandis.

Keppt í strandveiði í Viðey:

Hægt að leigja veiðibúnaðinn

FÓLK Fyrsta strandveiðikeppnin af þremur verður haldin í Viðey í dag. Félagar Strandveiðiklúbbsins og RB-búðarinnar munu verða í eyjunni til þess að kenna réttu handtök.

Gestum Viðeyjar í sumar mun standa til boða að leigja allan búnað til veiðanna og spreyta sig.

Keppnin hefst klukkan 14 og stendur til 17. Glæsilegir vinningar eru í boði og Viðeyjarstofa stendur opin þeim sem vilja njóta léttara veitinga.

- mmm

Ljósleiðari NATO boðinn út:

Stuðli að aukinni samkeppni

UTANRÍKISMÁL Utanríkisráðuneytið hefur ákveðið að ganga til samninga við fyrirtækin Fjarska ehf. og Og fjarskipti ehf. um rekstur tveggja ljósleiðara Atlantshafsbandalagsins (NATO) á Íslandi.

Markmiðið er að draga úr kostnaði vegna viðhalds og reksturs ljósleiðarans og stuðla að aukinni samkeppni í gagnaflutningum á markaði.

Fimm tillögur bárust frá fjórum fyrirtækjum. Tilboð Fjarska ehf. var 20 milljónir en tilboð Og fjarskipta var 19,15 milljónir.

- vsp

Imodium®


Við bráðum niðurgangi



Fæst án lyfseðils í næsta apóteki

Imodium® (loperamið) 2 mg töflur. Imodium er fánlegt án lyfseðils og er notað við bráðum niðurgangi (skammtíma meðferð). Langvarandi alvarlegur niðurgangur, þ.m.t. niðurgangur vegna af hraðrar læmingar. Skammtar og lyfjagjöf: Bráður niðurgangur: Byrja skal meðferðina með 2 töflum, en skömmtun er síðan 1 tafla eftir hverja hægðabólum með niðurgangi, þó ekki þéttar en á 2-3 klst. frest. Sólarhringskammtur á ekki að fara yfir 8 töflur. Langvarandi niðurgangur: Skömmtun er í upphafi 2 töflur. Skömmtun er síðan einstaklingsbundin á bilinu 1-8 töflur á sólarhring. Lyfið er ekki ætíð börnum yngri en 12 ára. Varnarorð: Við langvarna bólgusjúkdömi í börnum getur lyfið dulað einkenni um skyndilega versnun. Lyfið hefur einungis áhrif á sjúkdómseinkenni. Ef sjúkdagur hefur háan hita eða blóð í hægðum og ef meðferð á að vera langvarandi, þarf að finna og meðhöndla undirliggjandi orsök eins og kostur er. Imodium meðferð skal stöðva við merki um hægðaregðu eða önnur merki um ofullnægjandi þarmahreyfingar. Sjátt bati ekki innan tveggja sólarhringa við bráðum niðurgangi, á að hætta gjöf Imodium og huga aðra meðferð. Hjá almannisjúklingum á meðferð með Imodium á að stöðva meðferð við fyrstu merki um jafninn kyð. Tilkynnt hefur með um einstaka tilvik eitrunarstíðis hjá almannisjúklingum með reipiðlegu. Imodium á að nota með varð á sjúklingum með skerta líffræðisemi. Leið til læknis eða lyfjafélags ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfið. Leið til fylgiseðilinnar vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Handhafi markaðsleyfis: Janssen-Cilag AB. Umbod á Íslandi: Vistor hf., Hórgatun 2, 210 Garðabær.

VEÐURSPÁ





PALLHÚS*
Frí ásetning



POPPAÐU UPP PALLBÍLINN!

Pallhús og annar aukabúnaður á margar gerðir pallbíla



Álböx í ýmsum stærðum
15% afsláttur



Glugga-, ljós og húddhlífar
Frí ásetning



Aukaljós á bíla
15% afsláttur



Pallkistur
Frí ásetning



INNO farangursbox
Frí ásetning



Palldúkur
Frí ásetning



Sætahlífar á sæti og bekki
30% afsláttur



Dekk og felgur
15% afsláttur



Grillgrindur
Frí ásetning



INNO toppgrindafestingar
Frí ásetning

Arctic Trucks • Kletthálsi 3 • 110 Reykjavík • Sími 540 4900 • www.arctictrucks.is

* Þétting á pallhléra ekki innifalin

KJÖRKASSINN



Finnst þér rétt að láta flugfélög borga fyrir losun gróðurhúsalofttegunda?

Já	48,8%
Nei	51,2%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ber ríkislögreglustjóra að svara fyrir um hvort leysa skuli 10-11 lögregluþjón frá störfum?

Segðu skoðun þína á visir.is.



Mótmælabúðir á Hellisheiði: Saving Iceland á Hengilssvæði

MÓTMÆLI Fjórir mótmælabúðir Saving Iceland hafa verið settar upp hjá Hellisheiðarvirkjun.

Um þessar mundir á stækkun Hellisheiðarvirkjunar sér stað til að afla orku fyrir stærra álver á Grundartanga og eru búðirnar settar upp í tilefni af því.

Um miðjan gærðag voru í kringum 50 manns komnir og búist við fleirum að sögn Snorra Páls Jónssonar Úlfhildarsonar, talsmanns Saving Iceland.

„Það er engin dagsetning komin á það hvenær við hættum, fer bara eftir því hversu mikla orku við höfum,“ segir Snorri. - mmf

Fyrrum blaðafulltrúi Bush: Lést af völdum ristilkrabba

WASHINGTON, AP Tony Snow, fyrrum blaðafulltrúi George W.

Bush Bandaríkjaforseta, lést úr ristilkrabbameini í gær, 53 ára.

Snow var fyrsti stjórnanandi fréttabáttarins Fox News Sunday en hóf blaðafulltrúastörf hjá Hvíta húsinu árið 2006. Snow var aldrei feiminn við myndavélarnar og var liflegur á blaðamannafundum. Hann sagði af sér í september 2007.

Haft var eftir Bush að allir í Hvíta húsinu myndu sakna Tonys, ásamt milljónum Bandaríkjamanna sem hann veitti innblástur í baráttu sinni við krabbamein. - mmf



TONY SNOW



FLUGVÉL ICELAND EXPRESS Seinkun varð á flugi félagsins til Danmerkur.

Bilun í vél Iceland Express:

Fótboltakrakkar biðu í tíu tíma

SAMGÖNGUR Ferðalag 65 krakka í Leikni fór úr skorðum þegar mikil seinkun varð á flugi Iceland Express til Danmerkur í gærmorgun. Þar hugðist hópurinn gera stuttan stans á leið sinni á fótboltamót í Gautaborg í Svíþjóð. Frá þessu er greint á Vísi.is. Vélun mun hafa lagt af stað um kvöldmatarleytið í gær.

Þórður Einarsson, þjálfari í hópnum, var að vonum svekktur og sagði biðina algjöra martröð.

Lára Ómarsdóttir, upplýsingafulltrúi Iceland Express, sagði að ekki hefði verið vitað um seinkunina fyrr en snemma í gærmorgun og að reynt hefði verið að finna aðra vél fyrir hópinn. - mmf

FÍS segir nauðsynlegt að koma á stöðugleika í gengismálum þjóðarinnar:

Kaupmenn vilja ESB viðræður

EFNAHAGSMÁL „Okkur finnst þessi ærandi þögn stjórnvalda varðandi stöðu krónunnar orðin allt of löng,“ segir Skúli J. Björnsson, formaður Félags íslenskra stórkaupmanna (FÍS). Félagið birti í gær heilsíu-auglýsingu í Morgunblaðinu þar sem krafist er aðgerða í efnahagsmálum.

Auglýsingin er í formi opins bréfs sem skrifað er Geir Haarde forsætisráðherra og Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur utanríkisráðherra. Í bréfinu segir að stjórn FÍS hafi verulegar áhyggjur af „því alvarlega ástandi sem skapast hefur í íslensku efnahagslífi“. Íslenska krónan fái ekki staðist til

lengdar og breyta þurfi peningastefnu þjóðarinnar, að mati félagsmanna.

Skoðanakönnun meðal félagsmanna sýndi meirihlutastuðning við viðræður um innngöngu í Evrópusambandið og upptöku evru.

„Við svona kyrrstöðu er ekki hægt að búa lengur,“ segir Skúli. „Auðvitað eru skiptar skoðanir meðal félagsmanna um hvort ganga eigi í Evrópusambandið eða ekki. En það þarf að kanna hvort hægt sé að ná ásættanlegum samningi.“ - sgi

OPIÐ BRÉF í bréfinu er krafist lægri vaxta, erlendar lántöku og aukins aðgengis að lánsfé.



Segir ráðuneytið nota ÞSSÍ til atkvæðaveiða

Fulltrúi VG í stjórn Þróunarsamvinnustofnunar Íslands segir utanríkisráðuneytið nota stofnunina sem tæki í hagsmunabaráttu fyrir sæti í Öryggisráði SP. Hann segir þessi vinnubrögð ráðuneytisins grafa undan starfi stofnunarinnar.

STJÓRNÝSLA „Ég skil vel að utanríkisráðuneytið þurfi að standa í hagsmunabaráttu fyrir hönd lands og þjóðar. Starfsemi Þróunarsamvinnustofnunar (ÞSSÍ) á hins vegar ekkert skylt við slíka hagsmunabaráttu og ég er alfarið á móti því að stofnunin sé notuð í þeim tilgangi,“ segir Sigfús Ólafsson, fulltrúi VG í stjórn Þróunarsamvinnustofnunar Íslands. Sigfús telur utanríkisráðuneytið hafa blandað ÞSSÍ inn í baráttuna fyrir sæti í Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna að óþörfu. Hann er ósáttur við vinnubrögð ráðuneytisins.

Forsaga málsins er sú að í mars síðastliðnum stóð utanríkisráðuneytið fyrir ráðstefnu á Barbados og óskað var eftir að fulltrúar ÞSSÍ yrðu með í för. Orðið var við þeirri beiðni. Yfirlýst markmið ráðstefnunnar var að leggja grunn að frekari þróunarsamvinnu við þróunarríki á smáeyjum í Karíbahafi. Sigfús telur hins vegar höfuðtilgang fararinnar hafa verið að afla atkvæða til kosningar í Öryggisráðið.

„Ég mótmælti kröftuglega þeirri ákvörðun að senda fulltrúa ÞSSÍ á ráðstefnuna. Ég tel að áherslan eigi að vera á núverandi samstarfslönd og er ekki talsmaður þess að við bætum við samstarfslöndum að svo stöddu. Ég tel sjálfsagt að Íslendingar efla samskipti við þessar eyþjóðir, til dæmis í viðskipta-, mennta- og jafnréttismálum, en Þróunarsamvinnustofnun á ekkert erindi þarna,“ segir Sigfús.

Hann telur veru ÞSSÍ á fundinum hafa leitt til þess misskilnings



ÞRÓUNARSAMVINNA Fulltrúi VG í stjórn ÞSSÍ er ekki talsmaður þess að stofnunin bæti við samstarfslöndum að svo stöddu. Hann telur áhersluna eiga að vera á núverandi samstarfslönd eins og Malaví, þar sem þessi mynd er tekin.

að nú sé almennt talið að stofnunin muni koma af krafti að aðstoð á svæðinu. Ekkert hafi þó verið afráðið í þeim efnum, hvorki hjá ÞSSÍ né ráðuneytinu.

Jón Skaptason, fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í stjórn ÞSSÍ, tekur undir að ráðstefnan hafi alið af sér miklar væntingar til Íslendinga um þróunaraðstoð. Engin loforð hafi þó verið gefin í því efni. Hann vill ekkert fullyrða um tilgang ferðarinnar en segir hana velta upp ýmsum spurningum. „Maður spyr sig hvers vegna þetta svæði var valið á þessum tímamarki. Ljóst mátti vera fyrirfram að ÞSSÍ myndi ekki koma að þróunarstarfi á þessu svæði,“ segir Jón.

Haukur Már Haraldsson, fulltrúi Samfylkingar í stjórninni, segist ekki vilja taka þátt í neinum vangaveltum um hvað í störfum ráðuneytisins flokkist undir áróður fyrir sæti í Öryggisráðinu og hvað ekki. „Flokkspólítík hefur aldrei verið uppi á borðinu í stjórn Þróunarsamvinnustofnunar,“ segir Haukur.

Katrín Ásgrímsdóttir, fulltrúi Framsóknar í stjórninni, segist ekki vera í stöðu til að segja nákvæmlega til um tilgang ferðarinnar. „Ef það hafði eitthvað með hagsmunabaráttu vegna öryggisráðsins að gera tel ég menn vera á mjög rangri braut,“ segir Katrín.

kjartan@frettabladid.is

Fangelsismálayfirvöld leita verkefna fyrir fanga á Akureyri og Grundarfirði:

Vilja fjölga atvinnutækifærum fanga

ATVINNUMÁL Fangelsismálastofnun leitar leiða til að fjölga atvinnutækifærum fanga í afplánum í fangelsinu á Akureyri og Kviabryggju.

Páll Winkel, forstjóri Fangelsismálastofnunar, segir að sótt sé eftir því að finna füngum verkefni sem unnin eru inni í fangelsunum en jafnframt komi til greina að fangar vinni undir eftirliti fangavarða utan fangelsa.

Páll segir stækkun og endurbætur á húsnæði fangelsanna hafa aukid atvinnutækifæri fanga. „Slíka möguleika er mikilvægt að nýta enda markviss vinna mikilvægur hluti betrunar og getur dregið úr líkum á að fólk leiðist aftur út í afbrot að lokinni afplánum,“ segir hann.

Páll segir erindi vegna þessara hugmynda starfsmanna Fangelsismálastofnunar hafa verið send bærjarfulltrúum á Akureyri og Grundarfirði. Á Akureyri hefur verið vel tekið í hugmyndir um að möguleikar á samstarfi við fangelsið þar í bæ verði kannadír.

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, bærjarstjóri á Grundarfirði, segir erindið ekki hafa verið tekið efnislega fyrir en farið verði yfir erindið á mánudag og kannað hvort möguleiki sé á því að fangar geti unnið verkefni á vegum sveitarfélagsins. - kdk



BÆTT AÐSTADA TIL ATVINNU Í fangelsunum á Akureyri og Kviabryggju hafa endurbætur skapað aukin tækifæri til atvinnuþátttöku fanga en markviss vinna er mikilvæg fyrir betrun fanga. FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

McCain sakaður um tvíkvæni:

Lá of mikið á að giftast Cindy

BANDARÍKIN John McCain forsetaframbjóðandi lá svo á að ganga að eiga Cindy Hensley að hann kvæntist henni á meðan hann var kvæntur Carol McCain.

McCain giftist Cindy 6. mars árið 1980 en lögformlegur skilnaður við Carol gekk ekki í gegn fyrr en 2. apríl sama ár.

Ástæða skilnaðarins við Carol á að hafa verið að hún þyngdist verulega og minnkaði um 13 sentímetra vegna alvarlegs bílslyss. Hann á að hafa sagt að þetta hafi ekki verið sú Carol sem hann kvæntist en á þeim tíma sem hún lenti í bílslysinu var hann í fangabúðum í Víetnam. - vsp



HLAUPARAR Ríflega tvö hundruð lögðu af stað frá Landmannalaugum í gær.

Eitt skemmtilegasta hlaupið:

Alls hlupu 236 Laugavegin

ÚTIVIST Metþátttaka var í Laugavegshlaupinu sem hlaupið var í tólfta sinn í gær. Alls tóku 236 keppendur þátt í hlaupinu en margir voru á biðlista. Hlaupið er frá Landmannalaugum í Þórs-mörk, 55 kílómetra vegalengd.

Tuttugu hlauparar stóðust ekki tímatakmörkin í Emstrum þar sem fjórði hluti hlaupsins hefst.

Fyrstur í karlaflokkri varð Daníel Smári Guðmundsson og í kvennaflokkri varð Eva Margrét Einarasdóttir fyrst.

Að sögn Friðriks Þórs Óskarssonar hefur Laugavegshlaupið verið valið eitt af þremur skemmtilegustu fjallahlaupunum á franski vefsíðu. - mmf

Atli Gíslason, þingmaður VG:

Hefur enn ekki fengið gögnin

STJÓRNMÁL Atli Gíslason, þingmaður Vinstri grænna, hefur beðið í rúma þrjá mánuði eftir gögnum sem hann óskaði eftir sem nefndarmaður í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis. Hann hefur nú ítrekað kröfu sína við forseta og forsætisnefnd Alþingis.

Gögnin varða samningaviðræður milli Íslands og ESB um afnám á undanþágu frá ákvæði EFTA-samningsins. Með niðurfellingu undanþágunnar yrði innflutningur hrás kjóts heimilaður.

Að sögn Arnbjargar Sveinsdóttur, formanns sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar, voru starfsmenn utanríkisráðuneytisins að taka saman gögnin fyrir Atla seinast þegar hún vissi. - sgi

ATLI GÍSLASON

LÖGREGLUFRETTIR

Þrír olvaðir undir stýri

Þrír voru teknir fyrir ölvunarakstur í lögregluumdæmi lögreglunnar á Selfossi í gærkvöldi. Einn keyrði út af veginum og lenti út í móa. Fimm voru teknir fyrir of hraðan akstur og hraðast mældist mótörhjóla á 161 kílómetra hraða.

Altaf góð tilboð!



41%
afsláttur

SAFARÍKAR
KJUKLINGABRINGUR

1.595 kr/kg

~~2.704~~ kr/kg



GOÐI



30%
afsláttur

HAMBORGARAR
2x175g

398 kr

~~568~~ kr



25%
afsláttur

GOÐA
HÜNANGSKÓTILETTUR

1.399 kr/kg

~~1.867~~ kr



30%
afsláttur

GOÐA
PÍTUBUFF M/BRAUDI OG SÓSU

699 kr/kg

~~998~~ kr/kg



GOÐI

50%
afsláttur

GOÐA
BLANDAÐ HAKK

549 kr/kg

~~1.099~~ kr/kg



CHICAGO TOWN
OSTAFYLLTUR KANTUR

499 kr/pk

~~698~~ kr/pk



PEPSI MAX
6X2L

990 kr

DVD
fylgir með

TILBOÐIN GILDA 10. - 13. JÚLÍ


Verið velkomin í Nettó

Mjódd - Salavegi - Akureyri - Höfn - Grindavík

Birt með fyrirvara um prentvillur.

Fréttaskýring: Virkjanir í Þjórsá

4. hluti



Stóriðja fær meirihluta orkunnar

Afl allra helstu vatnsafls- og jarðvarmavirkjana hér á landi er í dag samanlagt nærri 2.400 megavött. Þar af nota heimilin í landinu um 290. Verði þær virkjanir sem áformaðar eru hjá orkufyrirtækjunum að veruleika má búast við að megavöttin komist nálægt 3.600 á næstu árum. Um fimmtungur orkunnar kemur frá jarðvarma, en hlutfall jarðvarma mun hækka á næstu árum.

Síst virðist vera að draga úr orkuþörf hér á landi þrátt fyrir stórar virkjanir sem teknar hafa verið í notkun á undanföllum árum. Áform um raforkufreka atvinnustarfsemi eru stórhuga, og þyrfti að virkja talsvert meira en áform eru um til að uppfylla allar óskir um orku.

Þrjú stærstu orkufyrirtæki landsins framleiða svo til alla orku sem til verður hér á landi. Afl virkjana Landsvirkjunar er um 1.900 megavött, afl jarðvarmavirkjana Orkuveitu Reykjavíkur er um 250 megavött, og Hitaveita Suðurnesja nær í dag um 175 megavöttum. Smærri orkufyrirtæki framleiða samanlagt um 56 megavött.

Samanlögð orkuframleiðsla á landinu er nú um 2.400 megavött. Verði af áformum Landsvirkjunar um virkjanir í neðri hluta Þjórsár, og við Búðarháls bætast um 350 megavött við. Þá er Landsvirkjun með áform um jarðvarmavirkjanir á Norðurlandi, á Kröflusvæðinu, Þeistareykjum, við Gjástykki og í Bjarnarflagi sem gætu skilað um 400 megavöttum til viðbótar.

Orkuveita Reykjavíkur áformar að bæta við um 180 megavatta virkjunum á Hellsheiði, auk 90 megavatta virkjunar í Hverahlíð.

Hitaveita Suðurnesja ætlar einnig að bæta raforkuframleiðsluna í Reykjanesvirkjun og víðar, samtals vonast þeir til að virkja um 150 til

200 megavött til viðbótar á næstu árum.

Af um 1.200 megavatta framleiðsluaukningu sem áformuð er munu um 850 megavött koma frá jarðvarmavirkjunum. Í dag framleiða jarðvarmavirkjanir um 20 prósent þeirrar orku sem framleidd er hér á landi. Gangi áformin eftir kemst hlutfall jarðvarmavirkjana í rúman þriðjung, um 37 prósent.

Stóriðjan notar 61 prósent

Íslensk heimili nýta ekki nema brot af þeirri orku sem framleidd er hér á landi. Gróft áætlað dugir eitt megavatt til að framleiða rafmagn fyrir um 440 heimili. Heimilin í landinu eru nú um 246 þúsund. Þau þurfa því um 290 megavött til að ljósín slokni ekki. Það er innan við áttundi hluti orkuframleiðslunnar. Þó má að sjálfsögðu bæta við talsverðri rafmagnsnotkun sem er í þágu almennings, götulýsingum, orkunotkun opinberra fyrirtækja og þar fram eftir götunum.

Sú stóriðja sem starfandi er í landinu í dag, þrjú álver og járnblendiverksmiðja, notar samtals um 1.460 megavött á ári. Það er um 61 prósent allrar framleiddar orku í landinu. Stærsti notandinn er álver Alcoa Fjarðaáls á Reyðarfirði, sem notar um 560 megavött.

Gangi öll áform um stóriðju og netþjónabú sem nefnd hafa verið á

SETJA EKKI SKILYRÐI UM STAÐSETNINGU

Landsvirkjun mun ekki setja kaupendum orku úr virkjunum í neðri hluta Þjórsár stólinn fyrir dynar þó starfsemi þeirra verði ekki á Suðurlandi. Heimamenn, sveitastjórnir jafnt sem aðrir, leggja áherslu á að hluti orkunnar verði nýttur á Suðurlandi, helst í einhverjum af þeim fjórum sveitarfélögum sem virkjanirnar eru í.

Gefnar hafa verið út viljayfirlýsingar um sölu á orku til tveggja fyrirtækja, segir Friðrik Sophusson, forstjóri Landsvirkjunar.

Vilji stendur til að selja Greenstone samtals 50 megavött, í tveimur áföngum, til að knýja netþjónabú í Porlákshöfn. Þá stendur til að selja Rio Tinto Alcan um 75 megavött vegna framleiðsluaukningar í álveri fyrirtækisins í Straumsvík.

Tvö fyrirtæki hafa óskað eftir að kaupa um 150 megavött hvort til að framleiða hreinkisil í Porlákshöfn. Þá hefur Norðurál áhuga á að kaupa meiri orku til að auka framleiðslu í álveri sínu á Grundartanga.

„Við stjórnum því ekki hvar atvinnustarfsemi er sett niður,“ segir Friðrik. Hann segir skilaboðin frá Landsvirkjun hins vegar þau að það væri til hagsbótar fyrir alla aðila verði orkan nýtt á Suðurlandi.

„Landsvirkjun hugsar fyrst og fremst um að fá sem hæst og best verð fyrir framleiðslu sína, og að það sé sem best tryggt,“ segir Friðrik.

Netþjónabú vilja gjarnan semja til skemmti tíma en stóriðja og eru að auki með veikari baktryggingar, segir hann.

undanföllum misserum eftir mun raforkunotkun stórnotenda tæplega tvöfaldast.

Munar þar mest um tvö álver og framleiðsluaukningu í því þriðja, samanlagt um 900 megavött.

ORKAN Fyrirhugaðar virkjanir í neðri hluta Þjórsár munu ekki anna nema broti af eftirspurn stórnotenda eftir orku á komandi árum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

STEFNAN AÐ FULLKLÁRA SVÆÐI

„Það er eðlilegt að menn fullklári Þjórsár- og Tungnársvæðið, stefnan er sú að klára þau svæði sem byrjað hefur verið á,“ segir Friðrik Sophusson, forstjóri Landsvirkjunar, spurður um næstu virkjanakosti á eftir Þjórsárvirkjunum og Búðarhálsvirkjun.

„Ég hef sagt að tími stærstu virkjananna sé liðinn, það verði ekki byggð jafn stór virkjun og Kárahnjúkavirkjun á næstu áratugum. En ég held að vatnsaflsvirkjanir verði reistar áfram, en kannski í minna mæli en áður,“ segir Friðrik. Þá áformar Landsvirkjun jarðvarmavirkjun í nágrenni Kröfla.

Þrjár virkjanir í neðri hluta Þjórsár, auk Búðarhálsvirkjunar í Tungnaá, eru nú á teikniborði Landsvirkjunar. Þar á eftir nefnir Friðrik að gæti komið virkjun í Tungnaá við Bjalla, ofan Sigöldu. Þá hafi Skaftár- og Hólmsárvirkjanir verið í skoðun.



FRÉTTASKÝRING
BRJÁNN JÓNASSON
brjann@frettabladid.is

FJÓRÐA GREIN AF FJÓRUM

☆ Tenerife í allan vetur

Tenerife er paradís, þekkt fyrir einstakt náttúrufar sitt, veðursæld og hreinleika -allt árið um kring. Þegar er uppselt í tvær vélar, en jólaflugi hefur verið bætt við til að anna eftirspurn.

frá 87.867 kr.

Verð miðast við 2 fullorðna og 2 börn.
21. des. í 9 daga. Gist á Laguna Park.

Minnismerki um áhrifaríkan forystumann:

Hvað er þjóðarsátt?

ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Í gær reistu Samtök atvinnulífsins og Alþýðusamband Íslands minnismerki á Flateyri um Einar Odd Kristjánsson. Mikið þarf til að koma þegar allir eru á eitt sáttir um að einn maður hafi átt svo ríkan þátt í að sameina hagsmuni umbjóðenda beggja þessara samtaka þegar mikið lá við. Það gerðist í kjarasamningnum sem síðar voru kenndir við þjóðarsátt. Af hálfu Alþýðusambandsins lék Ásmundur Stefánsson þar höfuðhlutverk í ásamt Guðmundi J. Guðmundssyni. Hlutur þeirra var síst minni en eldhugans.

Þetta var í byrjun árs 1990. En hugsunin átti sér lengri aðdraganda og forsendur í stefnubreytingu í efnahags- og fjármálum á niunda áratugnum. Nokkrum vikum áður hafði fjármálaráðherrann fengið Alþingi til að samþykkja fjárlög þar sem reiknað var með vaxandi verðbólgu á milli tuttugu og þrjátíu af hundruði. Það var sú sýn sem ríkisstjórnin sjálf hafði á áhrif þeirra gamaldags millifærsluráðstafana sem hún hafði horfið aftur til.

Það var gegn þessari vaxandi forystumenn á almennum vinnumarkaði risu upp. Þeir tóku einfaldlega til sinna ráða. Árangurinn situr enn í minni manna. Ríkisstjórnir hafa komið og farið af ýmsum ástæðum í gegnum tíðina en engin sitjandi ríkisstjórn hefur verið sett til hliðar við efnahagsstjórnina eins og gerðist í þessu tilviki.

En hvað var þessi þjóðarsátt? Orðið er nú um stundir notað um alla skapaða hluti en þó mest um óskhyggju. Margir kalla eftir þjóðarsátt án þess að hafa sjálfir nokkuð til málanna að leggja. Einar Oddur Kristjánsson og Ásmundur Stefánsson vissu hins vegar gjörlla hvað var að og hvers þurfti við.

Inntak þjóðarsáttarinnar fólst í kjarasamningnum þar sem sátt varð um launabreytingar sem þýddu í raun kjararýrnun um tíma. Þetta var kjarninn í ráðagerð til þess að ná niður þeirri verðbólgu sem þáverandi ríkisstjórn ætlaði að horfa upp á án aðgerða. Með öðru móti var ekki unnt að bæta lífskjörin til framtíðar. Það tókst.

Guðmundur Magnússon sagnfræðingur lýsir í nýlegri grein í Markaði Fréttablaðsins minnisblaðinu sem aðilar vinnumarkaðarins afhentu ríkisstjórninni til framkvæmdar: „Að efni og framsetningu var minnisblaðið eins og efnahagskafla í stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar, enda sögðu margir á þessum tíma að þunga-miðja landsstjórnarinnar hefði færst úr Stjórnarráðinu til aðila vinnumarkaðarins. Þarna voru beinlínis gefin fyrir mæli um ásættanleg viðskiptakjör og hagvöxt, gengi, vexti, verð á búvörum, verðlag opinberrar þjónustu, þróun neysluvísitölu og launabróun hjá opinberum starfsmönnum.“

Ríkisstjórninni var meira að segja gert að ógilda með lögum kjarasamninga sem fjármálaráðherrann hafði sjálfur ný samþykkt og þóttu fela í sér verðbólguþvingun. Afturvirkni þeirra laga var síðar dæmd andstæð stjórnarskrá. Forsætisráðherrann á vissulega heiður skilinn fyrir að aftengja verðbólguþvingun þar sem fjármálaráðherrann þegar honum var ljóst hvað til hans friðar heyrði.

Þjóðarsáttin var ekki gjafapakki í silkiumbúðum eins og margir virðast halda nú. Hún snerist um erfiða hluti eins og kjaraskerðingu og nauðsynlegar hliðarráðstafanir. Næsta ríkisstjórn fékk síðan það hlutverk að viðhalda stöðugleikanum með því að hverfa aftur til nútíma efnahagsstjórnar. Vel fer á því að merki þess manns sem hafði nógu sterka hugsjón og sannfæringu til að ryðja lokakafila brautarinnar skuli risið á Flateyri.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **ADSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Ármannsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabankum án endurgjalds. **ISSN:** 1670-3871



Ósaltað og ósykrað

Nestlé
Gott veganesti fyrir lífið

Pasta Toscana

Nýr lífrænn barnamatgur frá Nestlé
www.barnamatgur.is

FRÁ DEGI TIL DAGS

Pólítískir flóttamenn

Mál Pauls Ramses flóttamanns, sem sendur var á dögunum til Ítalíu, hefur ekki farið fram hjá nokkrum manni. Miklar umræður hafa spunnist um málið og upp á síðkastið hafa ýmsir dregið trúverðugleika Pauls í efa. Sumir halda því fram að Paul stafi engin hætta af því að snúa aftur til Kenía.



Aðrir hafa sakað hann um að vera fjársvikari. Enn aðrir efast um að hann segi satt um að hafa tekið þátt í stjórnmálum í heimalandinu. Lítið er um sannanir bak við þessar vangaveltur.

En eitt er víst, að Paul hefur áhuga á stjórnmálum, svo mikinn raunar að hann skartaði bol merktum framsóknarflokknum á kosningaplakötum flokks síns í Kenía. Íslenskir Framsóknarmenn hljóta að sýta það að missa þennan góða liðsmann á pólitískan flótta. En svo má færa rök fyrir því að þessa dagana séu allir framsóknarmenn á pólitískum flótta.

Fjörugt mannlíf

Enn eru mannbreytingar á tímaritinu Mannlífi. Sigurjón M. Egilsson hefur verið látinn fara úr ritstjórnastólum eftir rúmlega hálfis árs viðdöl. Á fáum árum

hafa Gerður Kristný Guðjónsdóttir, Reynir Traustason, Kristján Þorvalds-son og Þórarinn Þórarinnsson öll vermt þennan stól.

Rafbyssuvinir

Hundrað og sjö Íslendingar eru meðlimir í hópnum „Við VIJUM að Lögreglan fái rafbyssur“ á tengslanetsvefnum Facebook. Öllu fleiri eru í hópnum „Við viljum EKKI að lögreglan fái rafbyssur“, eða 511 manns. Ekki þarf að koma á óvart að sjö meðlimir hóps þeirra sem heimita rafbyssur skarta einkennisbúningum lögreglunnar á auðkennismyndum sínum.

steindor@frettabladid.is

Endurskoðum gjaldeyrismálin



Eftir Þórlind Kjartansson

Órói í efnahagsmálum og ótti um þróun þeirra hefur á síðustu mánuðum verið ráðandi á Íslandi. Þetta er mikil breyting frá þeirri stemmningu sem ríkt hefur undanfarnin ár, en niðursveiflan nú er í raun ekki óvænt í ljósi þeirrar velgengni sem Íslendingar hafa notið á síðustu árum. En þótt harðni á dalnum í hagkerfinu er mikilvægt að missa ekki sjónar á því að staða Íslands verður áfram öfundsverð í heiminum.

Það er því engin ástæða til þess að fyllast bölmóði yfir því sem er í vændum. Þó er nauðsynlegt að draga lærdóm af þeirri stöðu sem við stöndum frammi fyrir og finna leiðir til þess að aðlaga íslenska hagkerfið og hagstjórnina að gjörbreyttum aðstæðum. Gömul stjórnþæki í efnahagslífinu hafa í raun verið borin ofurlíði af stefnum, straumum og stemningu á alþjóðlegum mörkuðum. Þetta þarf að horfast í augu við, einkum varðandi þá stefnu sem Íslendingar hafa reynt að fylgja í gjaldeyrismálum.

Alþjóðavæðing og frumkvæði

Í ræðu á ráðstefnu á vegum Íslensk-Ameríska viðskiptaráðsins í New York í mars á þessu ári lýsti forsætisráðherra fjórum þáttum sem stuðlað hafa að velsæld á Íslandi. Þeir eru: alþjóðavæðing, einkavæðing, skattalækkunarir og afnám hafta. Annar lykull að framtíðarhagvexti Íslands kom fram í nýlegri könnun Global Entrepreneurship Monitor. Hún sýndi að Íslendingar eru mun líklegri en íbúar í Evróusambandinu til þess að stunda frumkvöðlastarfsemi. Þetta er mikilvægur eiginleiki og ekki sjálfsgöður. Jákvætt viðmót gagnvart nýjungum, einföld skrif-finnsla, tiltölulega lágir skattar og almenn virðing fyrir athafnasemi eru þættir sem stuðla að þessari jákvæðu stöðu.

Undanfarnin ár hefur ríkisstjórnarforysta Sjálfstæðisflokksins tryggt að þessum þáttum hefur verið gefinn verðskuldaður gaumur. Frelsi og alþjóðahyggja hafa þar ráðið för.

Ungir sjálfstæðismenn vilja halda áfram á þeirri heillavænlegu braut að stækka þann markað sem Íslendingar geta sótt á með vinnu sína, vörur, þjónustu, hugvit og fjármagn. Aðild Íslands að innri markaði Evrópu er mikilvægasta stöðin í utanríkisverslun okkar en fyrirhugaðir fríverslunarsamningar við fleiri stór svæði verða einnig mikil lyftistöng fyrir íslenskt athafnalíf. Þessir samningar munu breyta landslagi utanríkisviðskiptanna. Það er vert að hafa þetta í huga þegar rætt er um hagsmuni Íslands í alþjóðasamtarfi. Frelsi til þess að gera samninga um fríverslun ætti að vera mikil undirstaða áframhaldandi alþjóðlegrar sóknar.

Möguleikar í gjaldmiðlamálum

Til þess að viðhalda samkeppnishæfni Íslands þurfa innviðir í efnahagslífinu stöðugt að vera til endurskoðunar. Mest aðkallandi nú er staða gjaldmiðilsins. Núverandi fyrirkomulag flotgengis krónunnar með verðbólgu-markmiði er ekki ýkja gamalt og leggja verður kalt mat á það hvort fyrirkomulagið sé raunhæft með hliðsjón af því opna og frjálsa hagkerfi sem við tilheyrum og viljum vera hluti af. Vöxtur fjármála-stofnana og umbreyting þeirra yfir í alþjóðleg stórfyrirtæki kallar enn fremur á nýjar hugmyndir í peningamálu og hagstjórn.

Augljóst er að alþjóðlegt samstarf er eina raunhæfa lausnin. Nú þegar hefur verið stigið skref í þessa átt með samningnum við seðlabanka annarra Norðurlandabjórða um gjaldeyrisskipti. Með þeim var undirstrikað að ógnir sem steðjað geta að íslensku myntinni eru ekki staðbundin vandamál. Slíkir samningar, einir og sér, duga þó tæpast. Það þarf tryggara



umhverfi í gjaldeyrismálum sé lítið til lengri tíma, að minnsta kosti á meðan núverandi aðferðum er beitt við vaxtaákvæðanir.

Tenging íslensku krónunnar við stærra gjaldmiðlasvæði, með traustum samningnum við erlenda seðlabanka, er raunhæfari kostur. Miðað við núverandi stöðu er nærtækast að líta til tengingar við evru, þótt auðvitað megi velta fjölmörgum öðrum kostum upp. Til eru ýmsar leiðir í þessum efnunum, sem flestar eru ókannaðar en vert er að tæpa á.

Nokkur fámenn ríki í Evrópu hafa með samningum, á grundvelli sérstakra samninga við Evrópusambandið, tekið upp evruna sem gjaldmiðil þótt þau standi utan sambandsins. Aðild Íslands að innri markaðnum gefur tilefni til þess að slíkir möguleikar séu kannaðir af fullri alvöru. Jafnframt hljófum við að skoða ábendingar Guðmundar Magnússonar og Stefáns Más Stefánssonar um að aðild Íslands að Evrópska myntkerfinu gæti verið rökrétt útfærsla á EES samningnum. Allt fer þetta eftir pólitískum vilja og efnahagslegum hagsmunum.

Traustari gjaldmiðill og frelsi í gjaldmiðlamálum

Þá er enn fremur mikilvægt að hér ríki óskorað frelsi til þess að skrá hlutafé sitt, eiga viðskipti og gera upp í þeirri mynt sem henta hverju fyrirtæki. Æskilegast væri að jafnvel skattgreiðslur mætti inna af hendi í fleiri myntum en þeirri íslensku. Með því að tryggja fyrirtækjum slíkt frelsi ætti atvinnulífið að hafa flest þau tæki sem þarf til þess að standast alþjóðlega samkeppni og halda áfram að dafna. Þetta er kjarni þeirra úrlausnarefna sem við stöndum frammi fyrir í gjaldeyrismálum.

Umræða um að aðild að ESB og upptaka evru á þeim grunni sé eini valkosturinn við núverandi fyrirkomulag er hins vegar ekki málefnaleg. Það er því brýnt að umræða um gjaldmiðlamál og peningahagfræði sé ekki vængstýfð af fyrirframgefnum ályktunum eða lituð af áróðri fyrir aðild okkar að ESB.

Höfundur er formaður Sambands ungra sjálfstæðismanna.

Auglýsingasími

512 50 50



Mest lesið

Boðlegur málflutningur?

UMRÆÐAN

Helgi Áss Grétarsson skrifar um sjávarútvegsmál



HELGI ÁSS GRÉTARSSON

Hafræðiþrófess-
Hörinn Þorvaldur Gylfason fetar gamalkunnar slóðir í grein sinni í Fréttablaðinu 10. júlí sl. þegar hann spyrðir saman stjórnkerfi fiskveiða á Íslandi við þau helstu mein sem hann telur vera í íslensku samfélagi. Hann endurtekur m.a. í greininni þær skoðanir sínar að í íslenskum sjávarútvegi sé ofveiði stunduð ásamt brottkasti og löndun framhjá vigt. Staðan hér á landi sé því áþekk þeirri sem er í Evrópu.

Jafnframt er því haldið fram í greininni að íslenski fiskiskipaflo-
tinn hafi ekki minnkað að neinu marki þótt aflinn hafi minnkað ár frá ári. Þetta á m.a. að skýra þá lágu framleiðni sem er á Íslandi að mati greinarhöfundar. Ástæða er til að kanna forsendur þessa málflutnings.

Þróun fiskiskipaflo- tans

Árið 1990 lönduðu tæplega 2.700 íslensk fiskiskip afla og landaði flotinn í heild nánast sama aflamagn af þorski og helmingi minni fiskiskipaflo-
tinn gerði árið 1977. Síðarnefnda árið var fyrsta heila árið sem íslensk fiskiskip fengu að veiða ein á Íslandsmiðum eftir stækkun fiskveiðilandhelginnar.

Fram til 1990 var reynslan af öðrum stjórnkerfum fiskveiða en kvótakerfi sem sagt sú að fiskiskipaflo-
tinn stækkaði stjórnlítið og varð afkastameiri án þess að aflamagn ykist til lengri tíma lítið. Þetta var meginástæðan fyrir upptöku kvótakerfis með tiltölulega skilgreindum og framseljanlegum kvótum árið 1991 en frá því kerfi hafa margar undantekningar verið gerðar, m.a. fengu í upphafi kerfisins yfir 1.100 krókabátar leyfi til að veiða án fyrirfram ákveðinna aflatakmarkana. Tiltölulega frjálst sóknarstýringarkerfi krókabáta var við lýði allt til upphafs fiskveiðiársins 2004/05.

Þrátt fyrir allar þær undantekningar sem gerðar hafa verið frá kerfi skilgreindra og framseljanlegra kvóta hefur fiskiskipum sem landa þorskafla fækkað ár frá ári síðan 1991. Fækkun skipa sem landa þorskafla hefur verið ör síðan haustið 2004 og til marks um það lönduðu 1.354 fiskiskip þorskafla á fiskveiðiárinu 2003/04 en 1.002 fiskiskip lönduðu þorskafla fiskveiðiárið 2006/07. Þegar lítið er til veiða á öðrum tegundum en þorski á Íslandsmiðum hefur þróunin síðan árið 1991 verið svipuð, færri skip landa afla ár frá ári. Hægt er að nálgast þessar upplýsingar á vef Fiskistofu eða hjá starfsmönnum stofnunarinnar.

Brottkast, nytjastofnar og íslensk fiskveiðistjórn

Sá munur er m.a. á íslenskri löggjöf og löggjöf Evrópusambandsins að á Íslandi er brottkast bannað en í löndum ESB er sjómönnum skylt að sleppa eða henda meðafla og umframafla, auk þess sem óheimilt er að landa fiski sem ekki stenst mál (sjá skýrslu svokallaðrar Evrópu- nefndar sem gefin var út í mars

2007, bls. 101). Margir hagsmunaaðilar í sjávarútvegi innan Evrópusambandsins virðast vilja hafa þetta svona til að fiskverð lækki ekki. Það er því einfaldlega lagalegur og pólitískur veruleiki innan ESB að stunda eigi brottkast.

Á Íslandi hefur Fiskistofa í samráði við vísindamenn hjá Hafrannsóknastofnun rannsakað brottkast botnfiska á Íslandsmiðum undanfarin ár. Þó að ástæða sé til að draga ekki of víðtækar ályktanir af þessum rannsóknum virðast þær benda til að brottkast hafi verið takmarkað síðan árið 2001.

Það hefur tekist misjafnlega að byggja upp nytjastofna á Íslandsmiðum síðan árið 1991. Þorskurinn er um þessar mundir í lægð að mati fiskifræðinga Hafrannsóknastofnunar á meðan staða ýsustofnsins er talin sterk. Íslenski síldarstofninn er í sögulegu hámarki á meðan rækju-
stofnar eru í mikilli lægð. Afli af Íslandsmiðum hefur á undanförunum árum minnkað fyrst og fremst vegna verulegs samdráttar í loðnuveiðum. Þrátt fyrir minna aflamagn hefur verðmæti landaðs afla farið frekar vaxandi.

Í samamburði við önnur fiskveiðistjórnkerfi virðist það íslenska ekki koma illa út, t.d. mæltu vísindamenn hjá Alþjóð-

Þrátt fyrir allar þær undantekningar sem gerðar hafa verið frá kerfi skilgreindra og framseljanlegra kvóta hefur fiskiskipum sem landa þorskafla fækkað ár frá ári síðan 1991.

Hafrannsóknarráðinu nýverið með banni við þorskveiðum innan færeysku landhelginnar á meðan færeyska fiskrannsóknarstofan mælti með að dregið yrði verulega úr þorskveiðum. Árið 2002 var landaður þorskafla færeyskra skipa innan

landhelgi 40.000 tonn en árið 2007 var aflinn 8.500 tonn.

Tilfinningar eða skynsemi?

Það er engin rökbundin nauðsyn að draga ályktanir um íslenska fiskveiðistjórnkerfið á haldlausum forsendum. Kerfið hefur sína kosti og galla. Þjóðmálaumræða um stjórn fiskveiða mun sjálfsagt litast áfram af tilfinningum fremur en skynsemi. Slíkt réttlætir ekki að prófessor við Háskóla Íslands fari iðulega með staðlausa stafi um efnið á opinberum vettvangi. Málflutningur af því tagi ætti ekki að vera boðlegur.

Höfundur er sérfræðingur við Lagastofnun Háskóla Íslands.

Nú þegar allir eru að grilla fer Grillið í frí



Sumarkveðja,

Björni Gunnar Kristjánsson

Nú er hásumar og þá notum við tækifærið og förum í sumarfrí. Á meðan hlöðum við batteri-
in og komum aftur endurnærð í ágúst.

Grillið verður lokað frá 14. júlí til 15. ágúst.

Grillið

Grillið / Radisson SAS Hótel Saga / sími: 525 9960 / www.grillid.is

SENDIÐ OKKUR LÍNU

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísí eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

Söfnin sem eru í uppáhaldi

Á Húsavík er hægt að skoða typpi í formalíni, Siglufirðingar halda öllu sem tengist síldarævintýrinu til haga og á Árbæjarsafni má svolgra í sig besta kakóið í bænum. Íslenski safnadagurinn er haldinn hátíðlegur í dag. Í tilefni af því ræddi Þórgunnur Oddsdóttir við nokkra fróðleiksfúsa Íslendinga sem gjarnan láta sjá sig á söfnum og fékk að vita hver eru þeirra uppáhaldssöfn.

KRISTÍN HELGA GUNNARSDÓTTIR RITHÖFUNDUR

2

„Helst af öllu myndi ég vilja segja að hið stórglæsilega Náttúru-sögusafn Íslands væri mitt uppáhaldssafn, en þar sem það er bara örlítið flóttasafn þá get ég það ekki. Ég verð að nefna Þjóðminjasafnið sem ég beið svo lengi eftir að opnaði á ný. Þar voru merkisgripir eins og höggstokkur Agnesar, ofnar körfur Fjalla-Eyvindar og Nóbelskjóll Auðar Laxness. En svo eru það öll dýrmætu bókasöfnin og sumarið er líka tíminn fyrir þau. Já og Landnámssetrið í Borgarnesi – lífandi safn sem kastar þúsund ára gömlum sögum af alefni inn í framtíðina. Og svo mitt eigið steinasafn sem veitir mér ómælda ánægju alla daga.“



HLYNUR HALLSSON MYNDLISTARMAÐUR

1



„Það er úr vöndu að ráða enda mörg söfn sem mér detta í hug. Til dæmis hið íslenska reðasafn og Hvalasafnið á Húsavík. En uppáhaldssafnið mitt, alla vega það sem mér finnst frábærost akkúrat núna er Safnasafnið á Svalbarðseyri við Eyjafjörð. Safnstjórnir Niels og Magnhildur eru yndisleg og það er frábært að sjá hvernig þeim hefur tekist að blanda saman samtímamyndlist og alþjóðmenningu. Safnið er líka ótrúlega vel heppnað. Þar er vel tekið á móti manni, stemningin er heimilisleg og umhverfið dásamlegt.“



KRISTÍN EINARSDÓTTIR ÞJÓÐFRÆDINGUR

4



„Mér finnst svo mikilvægt að söfn og sýningar séu lífandi, eitt besta dæmið um það er Draugasetrið á Stokkseyri. Það er í uppáhaldi hjá mér enda alltaf jafn gaman að koma þangað. Þar ræður ímyndunaraflíð ferðinni og það er stílað inn á skemmtilegheitun leið og sýningin er fræðandi. Ég hef til dæmis komið þarna með unglunga sem hafa nú ekki alltaf gaman af söfnum en þeim fannst þetta frábært. Þarna eru notuð hljóð og leikræn tilþrif svo sýningin er mjög lífandi, þarna má líka nálgast mikinn fróðleik um drauga og þjóðtrú á Íslandi.“


EGGERT ÞÓR BERNHARÐSSON SAGNFRÆDINGUR

6



„Mitt eftirlætissafn á Íslandi er Síldarminjasafnið á Siglufirði, það sameinar svo marga kosti í sýningargerð og býður upp á svo fjölbreytta skynjun.“

Spilar á tilfinningar, kitlar ólíkar taugar og veitir gestum margs konar ánægju og fróðleik. Þarna er hefðbundin fræðslusýning með heilmiklum fróðleik um síldarárin, svo gengur maður á annarri hæðinni inn í vistarverur síldarstúlkanna og það er eins og þær séu nýfarnar út á plan. Nýja bátahúsið er líka einkar vel heppnað og það er eins og að ganga um höfnina að skoða bátana og skipin þar.“



STEFÁN PÁLSSON SAGNFRÆDINGUR

7



„Eftirlætissafnið mitt er Tækni-minjasafn Austurlands á Seyðisfirði. Á Seyðisfirði má finna ótrúlega mikið af minjum sem tengjast tæknivæðingu Íslands í upphafi tuttugustu aldar. Helsta skraut-fjórðrin er gamla vélsmiðjan sem er einstakur gullmoli. Og svo er Pétur forstöðumaður bara svo skemmtilegur náungi.“



PÁLL ÁSGEIR ÁSGEIRSSON, HÖFUNDUR LEIÐSÖGUBÓKARINNAR 101 ÍSLAND

3



verða allt of fræðilegt. Bæði skemmtilegt og skrítið eins og Jón er sjálfur.“

„Skemmtilegasta safn sem ég hef skoðað er Melódiur minninganna á Bíldudal, dægurlagategnt safn Jóns Kr. Ólafssonar. Það sem er svo skemmtilegt við safnið er að safnið er Jón. Það er markað af hans viðhorfum, hans þátttöku í tónlistinni og hans heimssýn. Þannig verður safnið eins og framlenging af honum sjálfur og fyrir vikið mannlegt í stað þess að



ODDNÝ STURLUDÓTTIR BORGARFULLTRÚI

5


„Ég get ekki gert upp á milli Árbæjarsafns og Listasafns Reykjavíkur í Hafnarhúsinu. Ég fer á listasafnið til að drekka í mig nýjustu stefnur og strauma og á Árbæjarsafn til að furða mig á tímans þunga nið og drekka besta kakóið í bænum. Listasafnið er í mikilli sókn og þar er gríðarlegur kraftur, síðan hefur mér alltaf fundist Árbæjarsafnið vera perla sem allt of fáir nýta sér. Það er til dæmis frábært að fara þangað með börn. Þetta er þátttökusafn þar sem má snerta og upplifa og svæðið er lokað svo ungvíðið getur hlaupið frjálst um eins og kálfrá að vori.“



ÓLÍNA PORVARÐARDÓTTIR ÞJÓÐFRÆDINGUR

8

„Galdra-sýningin á Hólmavík á Ströndum er í miklu uppáhaldi hjá mér. Það er ekki síst vegna þess að á þeirri sýningu er haldið til haga hluta af sögu þjóðarinnar sem er myrkur og okkur ekki til sóma en samt sem áður þáttur af sögunni sem við verðum að horfast í augu við. Það er alltaf gaman að koma á sýninguna og gaman að sjá hversu vel hefur tekist að vinna skemmtilega sýningu úr litlum efnivið því fáir munir hafa varðveist.“



PÉTUR GUNNARSSON RITHÖFUNDUR

9

„Þórbergssetur á Hala í Suðursveit er ekki aðeins um Þórberg Þórðarson heldur upplifunarheimur verka hans. Og í samspili við þennan heim Þórbergs er heimur Suðursveitarinnar sem teygir sig yfir allar aldir Íslandssögunnar og út úr henni reyndar líka til móts við munkana írsku sem eiga að hafa numið land einmitt hér. Og síðast en ekki síst státar safnið af kaffihúsi og veitingastað þar sem ferðalangur sem hefur ekki áhuga á neinu af þessu finnur örugglega sitthvað við sitt hæfi. Býður nokkur betur?“





Hefur gæðin



HYUNDAI *i10* Lítill og sætur Sparneytinn og rúmgóður



- *i10* er 5 dyra smábíll fyrir fjölskyldur
- *i10* er eyðslugrannur
- *i10* er á hagstæðu verði
- *i10* getur lagt frítt í stæði í miðborginni
- *i10* er einn rúmbesti bíllinn í sínum flokki

Hyundai i10
5 dyra, bensín og beinskiptur.
kr. 1.740.000
19.900
á mánuði.*

LOKSINS ER KOMINN SMÁBÍLL FYRIR ÞÁ SEM HUGSA AF SKYNSEMI

Hann er smábíll, en samt furðu rúmgóður. Hann er sparneytinn, en samt snar í snúningum. Hann mengar lítið og fær því frítt í bílastæði í miðborg Reykjavíkur. En umfram allt er þetta flottur bíll á flottu verði. Skynsamlegur kostur í þessu árferði. Hann hentar líka öllum. Hann er nógu stór fyrir fjölskyldur með börn eða bara eldri hjón með golfsettin í skottinu. Og hann er nógu sætur fyrir unga fólk, sem er að festa kaup á sínum fyrsta bíl. **Líttu við hjá okkur í kaffi og kleinur og keyrðu hring á spánnýjum Hyundai i10 – hann bíður eftir þér.**



Með bíllinn handa þér

HYUNDAI www.hyundai.is

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - www.bl.is
Keflavík 421 4444 - Selfoss 575 1460 - Akranes 431 2622 - Akureyri 461 2533 - Egilsstaðir 471 2524

B&L áskilur sér rétt til verð- og bjúðarbreytinga án fyrirvara. *Bílasamningur til 84 mánaða JPV/CHF Lýsing – 30% innborgun – Árleg hlutfallstala kostnaðar 9,8%

Spennandi Vetrar ævintýri

Vetrarbæklingurinn 2008
er kominn út
þú getur skoðað bæklinginn
á www.heimsferdir.is



Fegurstu borgirnar
Frá kr. 24.990



Glæsisiglingar
með Costa Cruises
Frá kr. 293.900



Flug með Primera Air

Það er íslenska flugfélagið JetX sem annast allt leiguflug Primera Air fyrir Heimsferðir á Íslandi og fyrir önnur dóttur-fyrirtæki Primera Travel Group í Skandinavíu. Þjónusta um borð er fyrsta flokks og að sjálfsögðu á íslensku.

Upplifðu ævintýrin með
Heimsferðum í vetur!

Ótrúlegt verð! - frá aðeins
69.000 kr.

Beint morgunflug
- með íslensku flugfélagi



Tenerife

Heimsferðir bjóða þér nú til glæsilegra vetrarævintýra á Kanaríeyjunni vinsælu Tenerife næsta vetur. Tenerife, sem er stærst Kanaríeyjanna, býður frábærar aðstæður fyrir ferðamanninn; fallegar strendur, glæsilega gististaði, fjölbreytta afþreyingu og stórbrotna náttúru. Tryggðu þér lágsta verðið og bestu gististaðina á þeim tíma sem hentar þér.

Granada Park
- íbúðir m/2 svefnherb.

Kr. 69.000

Hjón með 3 börn, 2-11 ára, í íbúð með 2 svefnherbergjum á Granada Park, vikuféð 27. janúar. Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti.

Cristian Sur
- íbúðir m/2 svefnherb.

Kr. 71.700

Hjón með 3 börn, 2-11 ára, í íbúð með 2 svefnherbergjum á Cristian Sur, vikuféð 27. janúar. Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti.

El Duque *+**
Kr. 73.650

Hjón með 2 börn, 2-11 ára, í íbúð á El Duque, vikuféð 27. janúar. Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti.



Glæsileg gisting í boði!
Allt innifalið í 20 daga - frá aðeins

146.100 kr.



Dóminíska

Heimsferðir bjóða glæsilegar ferðir í sérflugi til Dóminíska lýðveldisins í desember, janúar og febrúar. Njóttu lífisins í Karíbahafinu við ótrúlegar aðstæður á þessari fögru paradísar-eyju.

19. des. - 14 nætur
2. jan. - 20 nætur
22. jan. - 11 nætur
2. feb. - 10 nætur



10 dagar - frá aðeins

149.214 kr.



Barbados

Barbados ferðir Heimsferð hafa fengið ótrúlegar móttökur og nú þegar er nær uppselt í þær tvær ferðir sem hafa verið í boði. Því höfum við ákveðið að mæta þessari miklu eftirspurn - og bjóða aukaferð til þessa yndilegu paradísareyju í Karíbahafinu 19. nóvember í 11 nætur. Nú er um að gera að tryggja sér flugsæti og gistingu og njóta lífisins á Barbados í haust.

29. okt. - 10 nætur
8. nóv. - 11 nætur



frá 99.900 kr.



Kúba

19. nóv. - 10 nætur
29. nóv. - UPPSELT
9. des. - 9 nætur

Kúba hefur svo sannarlega slegið í gegn hjá Íslendingum á liðnum árum. Heimsferðir bjóða frábært tækifæri til að upplifa Kúbu, eina fegurstu eyju Karíbahafsins og örugglega þá sérstæðustu. Þú getur valið milli fjölbreyttra gistingu- og gæðuleika bæði í Havana og á Varadero.

**Aukaflug
19. nóv.**
- vegna mikilla
vinsælda!



Beint morgunflug

- með íslensku flugfélagi

Frá 69.950 kr.



Kanarí

aldrei vinsælli

Heimsferðir bjóða vikulegar ferðir til Kanaríeyja í beinu morgunflugi. Tryggðu þér vetrarfrí á þessum vinsælasta vetraráfangastað íslendinga. Tryggðu þér lægsta verðið og bestu gististaðina!

Kr. 69.950

M.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára í smáhýsi með 2 svefnherbergjum í viku 21. eða 28. janúar. Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti.

Kr. 80.300

M.v. 2 saman í stúdíóbúð á Parquemar í viku 21. eða 28. janúar. Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti.

Kr. 94.500

- hálf fæði

Hjón með 2 börn, 2-11 ára, í fjölskylduherbergi á Hotel Rondo með hálfu fæði í viku, 21. eða 28. janúar. Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti



Frá 39.990 kr.

Flugsæti með sköttum. Fargjald A.



Skíðaveisla

í Austurríki - Flachau - Zell am See - Lungau o.fl.

Heimsferðir bjóða beint morgunflug til Salzburg, skammt frá bestu skíðalöndum Austurríkis. Í ár bjóðum við m.a. skíðaparadísina Flachau sem er í miðju Ski-amadé svæðisins auk okkar vinsælu skíðaferða til Zell am See, Lungau o.fl. Kynntu þér framboð okkar á skíðaferðum og sannfærstu um að það er glæsilegra og á bestu kjörum sem bjóðast.

22. des. - 12 nætur
3. jan. - 11 nætur
14. jan. - 10 nætur
24. jan. - vika
31. jan. - vika
7. feb. - vika
14. feb. - vika
21. feb. - vika
28. feb. - vika

Frábært verð

Kr. 89.950
- vikufé með hálfu fæði

Hjón með 2 börn, 2-11 ára, 1 herbergi á Hotel Speiereck eða Hotel Stranachwirt í Lungau með hálfu fæði, vikufé 24. janúar. Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti.

Bókaðu núna!



Heimsferðir

Enn flýgur Hrafninn

„Sumir giftast til fjár. Ég giftist til lax,“ segir **Ingvi Hrafn Jónsson** fjölmiðlamaður og laxaspekúlant. Tímamót standa fyrir dyrum hjá Ingva og konu hans Ragnheiði Söru Hafsteinsdóttur. Eftir þrjátíu ára starf við að byggja upp Langá í Borgarfirði og taka á móti veiðimönnum sem vilja setja þar í lax er komið gott. **Jakob Bjarnar Grétarsson** og **Valgarð Gíslason** ljósmyndari tóku hús á Ingva Hrafn við Langá þar sem hann er sem konungur í ríki sínu.

Ég varð fyrir einhverskonar áfalli árið 1965. Hafði þá verið togarasjómaður, var í fjögur og hálf ár í sjóferðum áður en ég fór í menntaskóla, og þótti lítið til þess koma að standa með prik úti í á. En sumarið sem ég varð stúdent keyrði ég föður minn til móts við félag hans norður í Laxá í Aðaldal þar sem hann hafði veitt í 20 ár. Gisti eina nótt og fékk síðan að halda í stöng hjá manni. Lax tók og ég varð fyrir losti. Og talaði ekki um annað en lax í tuttugu ár.

Ingvi Hrafn hellir upp á kaffi og býður útsendurum Fréttablaðsins sem mættir eru til að heyrja ofan í karlinn í tilefni þeirra tímamóta sem nú standa fyrir dyrum hjá honum og konu hans. Þau eru nú að hætta sem vertar við Langá í Borgarfirði. Þar hafa þau selt leyfi í ána í þrjátíu ár en láta nú af störfum. Veiðfélagið við Langá á nú nýtt og glæsilegt veiðihús þar sem taka má á móti hátt í 30 gestum. Og sjálf eiga þau sitt eigið veiðihús ofar við Langána. Og eru hvergi á förum. Ingvi Hrafn segir yndislegt að vera nú að hætta, geta verið þarna í náttúruparadísinni, fylgst með fuglunum og gangi náttúrunnar áhyggjulaus – hann þarf ekki lengur að pæla í því af hverju bitmýið hvarf. Þó þetta sé viðtal um laxveiðibransann þá ber hann dóm af ástandinu almennt. Eftir gegndarlaust óhóf eru blikur á lofti.

Vel heppnað samband upp á stóran business

Að giftast til laxs? Enginn þarf að velkjast í vafa um að Ingvi Hrafn er útsjónarsamur. En getur verið að hann sé svo útsmoginn að hann hafi, eftir að laxinn tók svona hressilega í Aðaldal, fundið sér laxaerfingja fyrir konu gagnert? Nei, það var ekki svo.

„Ég bara hitti hana á balli! Í Klúbbnum í gamla daga. Og komst ekkert að því fyrr en við vorum farin að vera saman að faðir hennar átti jörð og bústað við laxveiðiá. Nei, mér þótti það ekki verra. Mér þótti það eiginlega fjandi gott. Ég var alinn upp við veiðar í Laxá í Aðaldal sem er allt annað fljót en það sem hér er. Og þótti til að byrja með ekki mikið til Langár koma og smálaxanna. Tengdafaðir minn hafði í nokkur ár verið með útlendinga við veiðar og svo gerist það árið 1978 að hann vildi draga sig út úr þessu. Og við tókum við. Þetta eru því þrjátíu ár. Ég fór í að semja við bændur hér í kring. Við vorum bara með fjórar stangir hér á miðsvæðinu í tuttugu ár eða fram til 1998. Þá var Langá boðin út í heilu lagi, ákveðið að byggja hér veiðihús og ákveðið að reka hana sem eina heild eins og gert hefur verið síðastliðin tíu ár.“

Ingvi er ánægður með hvernig til hefur tekist og segir Langárbændur hafa borið gæfu til að byggja upp afbragðs aðstöðu. Allt frá því fyrsti laxastiginn var byggður fyrir hart nær hálfri öld. „Þetta hefur kostað blóð, svita og tár. Gríðarlegt fé. En



Á HEIMAVELLI Ingvi Hrafn segir að eftir gegndarlaust óhóf að undanförmu geti tíðin reynst þeim sem höndla með laxveiðileyfi erfið.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

þeir sem nú búa hér njóta þess. Við borgum 53 milljónir fyrir veiðiréttinn. Þetta eru miklir peningar sem skiptast á jarðirnar hér í kring en þeir eru 13 eigendur árinna í misjöfnum hlutföllum. Í sumum tilfellum hafa menn aðaltekjurnar af ánni og meiri en af fé og öðru. Þannig að

þetta er heilmikill business. Iðnaður sem veltir 2 til 3 milljörðum á ári.“

Sérsvaitarvæðing íslenskra veiðimanna

Já. Afkoma bænda hlýtur að skipta máli. En liggur ekki fyrir að græðgin hljóp í laxabransann og fór með í ógöngur? Ingvi er ekki hrifinn af orðinu græðgi og vísar til lögmálsins um framboð og eftirspurn. En það voru teikn um að ekki væri allt með felldu þegar íslenskir veiðimenn sérsvaitarvæddust með sínar vöðlur, gleraugu, jakka og græjur...

„Besti tíminn í því að selja laxveiðileyfi var fyrir 30 til 40 árum þegar árnar voru eingöngu leigðar breskum og bandarískum auðkýfingum. Þeir eru að hverfa. Hafa hogað og hrakist í burtu vegna brunauðsölu lánsfjármagns. Henni fylgdi vaxandi eftirspurn eftir gæðalaxveiði. Með útrásinni miklu. Þessu þriggja ára velmegunartímabili sem fylgdi eftir að einkavæðing varð. Ekki nema stórfyrirtæki geta nú keypt leyfi. Litli maðurinn, ég og þú, getum keypt það árdaga. Þetta verður ekki auðvelt á næstu árum. Að byggja upp að hingað komi hópar útlendinga aftur. Fyrir tíu árum gátu þeir keypt vikuna fyrir segjum sex þúsund dollara. Núna, dýrustu ár, Hofsá og Selá, þurfa menn kannski að borga 3 þúsund dollara fyrir daginn. Tuttugu fyrir vikuna. Fyrir það eitt að koma hingað til að veiða, borða og sofa og fá aðgang að bíl. Dýrustu dagarnir hér eru á bilinu 120 til 200 þúsund og fyrir þann pening er hægt að fara í fri með fjölskylduna til Spánar. Þannig að litli maðurinn á ekki annarra kosta völ en fara í veiði í júní og september.“

Gegndarlaust óhóf í líki Jónsa í Svörtum fótum

Sérsvaitarklæddir veiðimenn voru farfuglar firringar. Á vegum banka og stórfyrirtækja. En allt er breytingum undirorpið. Nú stiga menn á bremsurnar. En Ingvi kann að lýsa óhófinu.

„Árnar hafa alltaf tekið stökk upp í útboðum en í fyrsta skipti núna er það ekki. Það hefur verið svo mikið umtal um laxveiðiferðir og einkabotur til Mílanó. Óhófið sem varð sannarlega hjá bönkunum. Óhóf og rugl þegar verið var að senda einkabotur til Mílanó á óperur og í “dinner”. Því þú þarft að hygla einhverjum kunnnum sem eiga fullt af peningum. Almennangi ofbýður þetta. Áður voru það skipstjórnarnir, sem sýnilega drógu björg í bú, og svo apótekarar og læknar sem voru auðmennirnir. Höfðu meiri tekjur en almennigur,“ segir Ingvi Hrafn sem telur ekki óeðlilegt að menn hafi misst fótanna með frelsisvæðingu sem varð í íslensku efna-hagslífi. Hjá þjóð sem er vertíðarfólk frá örófi alda.

„Þegar brunauðsala varð á lánsfjármagni fóru menn og sóttu það. Almennigur fylgdist agndofa með. Og þetta sýndi sig á bökkum laxáa. Menn horfðu uppá það þegar kjóklæddir þjóðar með hvít viskustykki birtust í veiðihúsunum og á árbakka til að servera. Á miðnætti kom Jónsi í Svörtum fótum, Bubbi eða Eyvi, til að skemmta. Skemmtikraftar til að hafa ofan af fyrir þessu fólki. Vínþjóðar, sendiferðabílar með afengi sem fylgdi, því til var sérhæft fólk sem hafði ofboðslega miklar

áhyggjur af því að þetta tækist nú allt vel. Eins og við sem erum að reka þessi hús gætum þetta ekki sjálf. Jafnvel var reynt að henda kokkunum út til að koma kokkum frá Vox inn í eldhús veiðihúsa, ekki af því að þeir væru eðlilega betri heldur til að geta sagt: Við erum með kokka frá Vox. Tómt rugl. Sum fyrirtæki urðu ruglaðari en önnur. Þess voru dæmi í fyrri að fyrirtækin heimtuðu „gæd“ á hverja stöng! Áður voru þetta kannski einn til tveir „river-gædar“. Það var ekki hægt að koma öllu þessu fólki fyrir og varð að slá upp tjöldum. Jafn margir „gædar“ og veiðimenn. En þetta er allt að „setlast“.“

Kynningarfundir



Þegar mest á reynir



Á næstu dögum mun Fíh efna til kynningar á nýgerðum kjarasamningi félagsins við fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Fundirnir fara fram á eftirfarandi stöðum:

- Landspítali - Hringisal** ✓
- föstudaginn 11. júlí kl. 15:00
(fjarfundur í Fossvogi og á Landakoti)
- Heilbrigðisstofnun Ísafjarðar** ✓
- laugardaginn 12. júlí kl. 11:00
- Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja**
- sunnudaginn 13. júlí kl. 13:00
- Heilbrigðisstofnun Suðurlands**
- mánudaginn 14. júlí kl. 14:00
- Sjúkrahús Akraness**
- mánudaginn 14. júlí kl. 14:00
- Heilbrigðisstofnun Suðurnesja**
- mánudaginn 14. júlí kl. 19:30
- Grand Hotel Reykjavík**
- þriðjudaginn 15. júlí kl. 20:00
- Hótel Hérað- Egilsstöðum**
- miðvikudaginn 16. júlí kl. 15:00
- Akureyri - Kennslustofa FSA**
- miðvikudaginn 16. júlí kl. 14:00
- Heilbrigðisstofnun Sauðárkróks, fundarsalur**
- miðvikudaginn 16. júlí kl. 17:00
- Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga - Reykjavík**
- fimmtudaginn 17. júlí kl. 16:00

Boðið verður upp á fjarfund til þeirra sem þess óska fimmtudaginn 17. júlí kl. 16:00.

júlí 2008
menning

[SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM MENNINGU OG LISTIR]

**BIRNA ÞÓRÐARDÓTTIR: Í MINNINGU BRYNJU ■ ÓLI G. JÓHANNSSON Í OPERA GALLERY
UM HEIM ALLAN ■ MAMMA MIA ■ KOLFINNA BALDVINSDÓTTIR: GISTIHEIMILI Í GRINDAVÍK
■ SIGURÐUR HRÓARSSON: LJÓÐHEIMUR ARA TRAUSTA ■ ELÍSABET BREKKAN: ERLENDIR
GESTIR Á ACT ALONE ■ ÞORLÁKSMESSA Á SUMRI Í SKÁLHOLTI**



FRETTLABLAÐ/HEIDA

LJÓÐIÐ

Til Brynju

fallegust
sagði Róska
um Brynju
fallegu stelpurnar
lífsins yndi
og von
best að brjóta upp
þora að gera
og vera
Grænland
Suður-Ameríka
Alsír
norður
og suður
og norður
í sköpun
og vitund
og verund
heil
og sjálf
og sterk

*Birna Þórðardóttir
Í minningu Brynju Benediktsdóttur,
júní 2008.*

Mikil útgáfa og umfjöllun hefur verið að undanfögnu í tengslum við sýningarhald Óla á vegum Opera. Hann situr hér í sólinni með hluta af sýningarskrám og tímaritum með umfjöllun um hinn skjóta feril hans.



HEFUR MÁLAÐ ALLA TÍÐ

Óli G. Jóhannsson listmálari nýtur um þessar mundir meiri athygli og sölu víða um heim á vegum Opera Gallery en mörgum gengur vel að viðurkenna. Hann er sjálfmenntaður málari, stundaði lengst af aðra vinnu, en hefur á síðustu tveimur árum átt mikilli velgengni að fagna.

MYNDLIST PÁLL BALDVIN BALDVINSSON

Óli er fæddur 1945 og hefur stærstan hluta ævinnar haldið sig fyrir norðan. Hann hefur verið aflvaki í myndlistarlífi á Akureyri, stofnaði þar myndlistarfélagið, átti sinn þátt í að Myndlistarskólinn komst á legg og hefur rekið þar gallerí. Hann stundaði sjóinn um nær átta ára skeið, vann sem blaðamaður og pósthafi, en segir að allan tímann hafi hann málað og teiknað sér til yndis. Það hafi í raun verið blaðamennskan sem hafi hrundið honum inn á braut abstrakt expressjónismans. Stutt ferð til Kaupmannahafnar til að vinna efni fyrir blað hafi leitt hann á Louisiana-safnið í Humlebæk og þar hafi hann kynnst verkum CoBrA-málaranna. Þá hafi hann fundið sína hillu. Hann hafi svo gerst atvinnumaður í myndlist eftir slysi í Barentshafi og ekki snúið aftur.

Óli segist hafa verið í hestamennsku og gegnum hana kynnst fólki frá Mið-Evrópu. Það hafi sýnt myndum hans áhuga og þannig hafi hann farið selja. „Menn tóku upprúllaða stranga undir handlegginn þegar þeir fóru frá Íslandi,“ segir hann. Verk hans hafi átt markað í Þýskalandi, Austurríki og á Ítalíu. Svo var það fyrir tveimur árum að tekin var saman bók um verk hans sem þeir Ingvar J. Karlsson og Guðmundur Birgisson gáfu út. Það vakti áhuga þeirra hjá Opera Gallery sem er að stofni til franskt en hefur á skömmum tíma komið sér upp keðju af galleríum í fjölda borga. París, Feneyjum, New York, Miami, Seúl, Singapore, London og Hong Kong. Fram undan eru ný útibú í Mónakó, Dubai, Moskvu, Madrid og Bombay. Opera er með býsna blandað úrval verka. Um tvö

hundrað listamenn eru á verkaskrá þeirra: flest helstu stórmenni vestrænnar myndlistar. Verkom Óla er stillt upp við hlið allra helstu meistaranna. Hann segir áhuga þeirra hjá Opera hafa leitt til þess að hann hefur sýnt víða á síðustu misserum og verkin seljist vel: 16 stór málverk seldust á einum degi á einkasýningu hans í London í júní. Hann hafi átt verk á stórrí sýningu stóru nafnanna sem var í Seúl og Singapore. Í maí sýndi hann á einkasýningu í New York og á núna verk á sumarsýningu útibúsins í London. Og í næstu viku opnar Opera í Mónakó þar sem verk hans verða í boði. Fram undan eru sýningar í Dubai, Genf og Apenu. Þau hjónin, Óli og kona hans, Lilja Sigurðardóttir, verða í Valpolicella í Toscana um tveggja mánaða skeið síðsumars þar sem hann verður að vinna verk fyrir útibú Opera í

Feneyjum. Velgengni hans er mikil og athyglisvert að áhugamálarí sem gerist á miðjum aldri atvinnumaður skuli ná slíkri fótfestu á vegum gallerí-keðju eins og Opera er. Minna má á að í hópi CoBrA-manna á sínum tíma voru listamenn sem aldrei fengu formlega menntun. Óli er utan nafna síns Elíassonar sá íslenskur myndlistarmaður sem á um þessar mundir mestri velgengni að fagan á erlendum vettvangi: upphaf hans sem áhugamálarí og síðbúin innkoma hans á erlendan markað með svona miklum gjósti hefur farið létt fyrir brjóstið á mörgum í myndlistargeiranum. Hann þykir ekki nógu finni, né heldur Opera gallery. „Ég læt mér það í léttu rúmi liggja,“ segir Óli enda bíður hans ærinn starfi að vinna verk fyrir komandi sýningar og kaupendur sem bíða eftir verkum hans.

Börn í 100 ár

Sýning sem vert er að skoða

Opið alla daga í sumar frá KL 13-18.

Safnahúsi Borgarfjarðar Bjarnarbraut 4-6 Borgarnesi S: 430 7200

safnahus@safnahus.is
www.safnahus.is

MENNINGARSUMUR

Páll Baldvin Baldvinsson skrifar

Sumarið er mikill uppgangstími í öllu menningarstarfi í nágrannalöndum okkar, bæði vestan hafs og austan. Þrátt fyrir að hin þróuðu samfélög Evrópu og Ameríku lúti sömu reglum um sumarleyfi og hér tíðkast er sumartengt menningarstarf með miklum blóma: listahátíðir af öllum stærðum og gerðum nýta sér hina björtu sólardaga og hlý kvöldin til að draga borgarbúa og gesti út á torgin. Sumarvertíð listamanna af öllu tagi tekur á sig nýjan svip: steinar og sterkir litir lýsast upp, tónlist og leikur fær á sig annan svip.

Hér á landi lútum við öðrum reglum: leikhúsin loka bundin af starfssamningum leikara sem vinna sér aukið leyfi með meiri vinnu yfir vetrarmánuðina. Sýningarhald myndlistarmanna lýtur ekki í lægra haldi fyrir ljósinu. Þvert á móti glæðist safnastarf um allt land og nýtir sér aukna umferð, rétt eins og sérsníðið tónleikahald sem dreifist skyndilega um landið allt um leið og dregur úr starfi Sinfóníunnar og tónlistarskólanna sem eru stóru virkin í tónlistarlífi landsmanna. Tónlistarstarfið yfir sumarið er unnið í hjáverkum, af áhuga en ekki hagnaðarvon. Menningarsumarið er stutt: frá sautjándá júní fram til töðugjalda eru í raun ekki nema örfáar vikur, lenging skólaársins hefur haft það í för með sér að sumarið er að styttest. Ég hef aldrei skilið til fulls hvers vegna opinberar menningarstofnanir eins og leikhúsa á opinberum styrkjum og stórfyrirtæki á borð við Sinfóníuna leggja allt starf af yfir þessa fáu mánuði þegar ljósið fyllir hvelin yfir landinu. Þessir 300 þúsund leikhúsgestir sem sækja sýningar nú mánuði ársins eiga skilið að njóta leiklistar sumarmánuðina. Nægilega mörg dæmi er um sumarstarf leikhúsa alla síðustu öld til að sanna að slík starfsemi á rétt á sér. Eins er það með tónlistarlífið: hví ætti það að leggjast af hér á landi þær vikur sem fólk getur sótt tónleika yfirhafnarlaust? Sumarið ætti hér á landi að vera sá tími sem menningarlíf allt væri með mestum blóma.

Orsök þessa langa hlés á reglulegu menningarstarfi liggur í kjarasamningum og lítt sveigjanlegum ráðningarkjörum opinberra starfsmanna. Og svo sterk er sú hefð að hún mótar allt samfélagið: sumarið er látið eftir eldhugum, hugsjónafólki, brotakennu sjálfbóðaliðastarfi. Sem hentar yfirvöldum þrýðilega. Samkvæmt þeirra kokkabókum eru sumrin menningarlaus tími.

Olga Bergmann



Kjarvalsstaðir

18. maí – 31. ágúst

**Draumar um ægifegurð
í íslenskri samtímalist**

Sýningarstjóri Æsa
Sigurjónsdóttir

18. maí – 30. ágúst

Hvar er ég?

Martha Schwartz



18. maí – 30. ágúst

**Martha Schwartz –
I Hate Nature / 'Aluminati'**

18. maí – 31. desember

Jóhannes S. Kjarval

Listasafn Reykjavíkur

Roger Hiorns



Hafnarhús

15. maí – 7. september

Tilraunamarabon/ Experiment Marathon Reykjavik

Sýningarstjórar Hans Ulrich Obrist og Ólafur Elíasson



Ásmundarsafn

Lögun línunnar

Opnunarfrími:

Hafnarhús daglega 10 – 17, fimmtudaga 10 – 22

Kjarvalsstaðir daglega 10 – 17

Ásmundarsafn daglega 13 – 16

Aðgangur ókeypis

Listasafn Reykjavíkur er safnið þitt

Aðgangur
ókeypis

Free
admission

BRÚÐKAUP í Eyjahafi

Kvikmyndin **Mamma Mia!** hefur verið fyrirferðarmikil í kynningu í liðinni viku en forsýningar hafa staðið yfir í London frá mánaðamótum. Agnetha og Anni-Frid mættu á frumsýningu í Stokkhólmi fyrir viku og er það í fyrsta sinn í mörg ár sem vitað er af öllum meðlimum Abba undir sama þaki. Myndin var frumsýnd hér á landi og í Bandaríkjunum í vikunni. Hún verður frumsýnd í yfir þrjátíu löndum fram á haust. Dómar lofa góðu. Í fyrramálið verður því ljóst hvernig viðtökur almennings í hinum vestræna heimi verða við þessu safni gamalla Abba-laga þegar aðsóknartölur helgarinnar liggja fyrir.

KVIKMYNDIR PÁLL BALDVIN BALDVINSSON

Það er langt um liðið síðan framleiðandinn Judy Craymer fékk þá hugmynd að búa til söngleik úr Abba-lögum. Hún var nýskriðin úr skóla 1981 sem sýningarstjóri þegar hún komst í kynni við Tim Rice textahöfund sem þá var orðinn virtur í sínu fagi í Bretlandi: Joseph and the amazing Dreamcoat, Jesus Christ Superstar, Evita voru verk sem allir þekktu. Judy taldi Tim á að ráða sig sem aðstoðarmann. Hann var þá tekinn að ræða við Benny Anderson og Björn Ulveaus um söngleik byggðan á kalda stríðinu eins og það birtist í heimsmeistarainvígnum í skák, en Tim fylgdist líkt og margir menntamenn af áhuga með einvígi Fishers og Spasskís í Reykjavík og ekki síður átökum Kortsnojs við Karpov, bæði í Merano og á Filippseyjum. Craymer lenti þannig beint í hringiðunni þegar þessi þrenning smíðaði Chess og var reyndar skráð framleiðandi af frumsýningu hans í London 1986.

Björn og Benny voru á þessum tíma að ná áttum eftir harkalega keyrslu í tíu ár sem höfundar og driffjadrirnar í Abba. Inn í Chess runnu mörg af síðustu lögnum sem samin voru fyrir stelpurnar þegar hljómsveitin var að leysast upp, sundurslitin af skilnuðum og ofkeyrslu. Bændið sem spilaði á Chess-concept albúminu var Abba-bandið. Sviðsetningin í London var ekki síður erfið: Rice hélt við Elaine Page aðalsöngkonu sýningarinnar, leikstjórinn hætti við á síðustu stundu vegna veikinda og nýr tók við. Verkið var ekki fullþróað og var nánast velheppnað flopp á mælikvarða fyrri verka Rice.

Judy Craymer var því öllu vön og sagðist hafa fengið nóg af söngleikjum þegar sýningum á Chess var hætt í London 1987. Hún fór að vinna í framleiðslu kvikmynda og sjónvarpsefnis.

En í huganum var hún alltaf að hugsa um söngleik með Abba-lögum. Sat heima hjá sér með allt safnið og valdi úr hvað henni þótti hafa gildi sönglags á sviði. En það var eitt að láta sig dreyma og annað að fá leyfi til að reyna að koma saman sögu kringum þessi lög: Hún hafði fengið leyfi hjá Björn að ríða út á hesti sem hann hélt í London svo það voru hæg heimatökin, en leyfi var ekki auðfengið. Björn og Benny eru kurteisir menn og sögðu hvorki já né nei. Sjálfir voru þeir teknir til við að smíða söngleik úr Vesturförum eftir Moberg: söngleikurinn þeirra Kristín frá Duvemala leit dagsins ljós 1995 og var leikinn



Hótelstýra á harða hlaupum á grískri strönd. Meryl Streep í hlutverki Donnu sem hún syngur af mikilli þrýði í söngvamyndinni *Mamma Mia!*

MYND: PETER MOUNTAIN/UNIVERSAL 2008/MYNDFORM

í þrjú ár í Svíþjóð. Þeir eru enn að reyna að koma honum á Broadway.

Þegar þeir loksins gáfu eftir réði Craymer unga konu til að skrifa bókina að Abba-söngleiknum: Catherinu Johnson. Hún hafði sett saman leikverk, var bókmenntamenntuð og því var ekki nema eðlilegt að hún leitaði í gamla texta: gamalt franskt leikrit eftir Marivaux gaf henni söguþráð: Ung kona ætlar að gifta sig. Móðir hennar hefur aldrei gefið upp hver barnsfaðir hennar er en þrír menn koma til greina. Ungu stúlkan hefur upp á þeim og býður öllum þremur til brúðkaupsins.

Til þessa hafa 30 milljónir leikhúsgesta séð söngleikinn *Mamma Mia!* Hann hefur farið á sviði í átján sviðsetningum í 170 borgum á átta tungumálum og er nú sýndur í tíu löndum. Tíunda árið er framundan á sviðsetningunni í London. Í hverri viku eru keyptir miðar á söngleikinn fyrir sexhundrað milljónir íslenskra króna. Judy Craymer lagði líka allt undir: þegar konseftið og sagan voru til gekk henni hörmulega að fá fjármagn til að koma sköpunarverkinu á svið. Það var ekki fyrr en Björn og Benny lögðu henni lið og henni var flogið til Stokkhólms á fund sænskra banka-

manna að hún fékk fjármagn í verkið – sem enginn sér eftir. Hún heimaði þegar í upphafi alla stjórn á verkefningu og bæði bankinn og Abba-bræður gáfu eftir. Hún réð virtan óperuleiksstjóra Phyllidu Lloyd til að leikstýra (síðasta verkefni hennar á undan tókunum var Niflungahringurinn), réði engan þekktan leikara í upphafi og hefur haldið sömu reglu í samskiptum við Hollywood þegar kom að því að skoða verkið til kvikmyndunar. Það var fyrirtæki Toms Hanks sem kveikti á hugmyndinni þegar verkið kom upp á Broadway. Þá kom ekki til greina að selja réttinn: þeir gátu verið með, en Craymer skyldi framleiða myndina, Johnson skrifa handritið og Lloyd leikstýra. Þær höfðu enga reynslu, en Craymer stóð fast á sínu. Hún skyldi taka inn þekktu bandaríska leikkonu en að öðru leyti ráða öllu.

Áhugi Meryl Streep á hlutverki móðurinnar stóð á gömlum grunni: Skömmu eftir árástirnar á New York fór hún og sá *Mamma Mia!* með hóp af tíu ára stelpum. Hún hreifst svo af þessari saklausu skemmtun að hún skrifaði bréf til þeirra sem stóðu að sýningunni. Þegar henni var boðið að koma til viðtals um

hlutverkið var hún staðráðin í að fá það. Það eru svo Pierce Brosnan, Colin Firth og Stellan Skarsgaard sem leika hina hugsanlegu pabba stelpuskottsins sem Amanda Seyfried leikur.

Og hvernig mun þetta ganga spyrja menn: Björn getur ekki verið annað en bjartsýnn: „Við vitum ekkert“, segir hann. Sannleikurinn er sá að þrátt fyrir gríðarlega sölu á tónlist Abba hafa þeir Björn og Benny átt í verulegum erfiðleikum með afrakstur þessara ára. Samstarfi þeirra við umboðsmanninn Stigga Anderson lauk með málaferlum en hann hafði stungið undan stórum hluta hagnaðar Abba. Stúdíó þeirra Polar í Stokkhólmi lokaði eftir nokkra velgengni. Þótt bæði Chess og Kristína hafi gengið vel í Svíþjóð hefur vegur þeirra verka ekki verið sú sigurganga sem gæði þeirra gáfu vonir um. Í fyrra lauk tólf ára málaferlum þeirra við sænska rithöfundinn Carl Johan Seth sem taldi sig eiga höfundarrétt á Kristínu.

Björn hefur haft hægt um sig og deilt tíma sínum milli London og Svíþjóðar þar sem hann býr. Benny hefur verið iðinn við hljómsveitarstjórn á sínu stóra húsbandi BAO, Benny Anderson Orkestra, sem túrar reglulega um Svíþjóð. Hann sá sjálfur um stjórn á upptökunum á tónlistinni fyrir bíómyndina heima í Stokkhólmi. Söngurinn var tekinn upp í Air Stúdíóinu í London. Diskurinn með úrvali þeirra tuttugu sex laga sem í myndinni eru kom út í vikunni og er það fyrsta sem kemur frá Anderson sem framleiðanda á Abba-lögum í langan tíma.

Benny segir vinsældir Abba ekki bara byggja á tónsmíðum sínum og upptökstjórn Trekov sem bjó til Abba-hljóminn. Það séu textar Björns, þessar litlu sögur, sem séu grundvöllurinn fyrir vinsældunum. Þeim hafi tekist að færa poppljóðið ögn lengra en fyrirmynd þeirra, Bítlunum. Þessar sögur hafi gert söngleikinn svona vinsælan.

Og nú er bara að sjá hvernig hefur tekist til með kvikmyndina: gagnrýnendur austan hafs og vestan eru hrifnir. Þegar er staðhæft að Meryl Streep fái tilnefningu til Óskars. Bæði söngleikurinn og kvikmyndin sækja opin-skátt til kvenna – þetta er rómantísk mynd og reynslan í skemmtibransanum er sú að slíkar sögur ganga alltaf best þegar kreppir að. En eitt er víst: sýningar næstu mánuði munu enn staðfesta það sem margir vissu fyrir: Björn Ulveus og Benny Anderson eru í hópi flinkustu lagasmíða dægurlagaiðnaðarins á vesturlöndum á síðustu öld.



Ljósmynd: © Lovísa G. Ásbjörnsdóttir

SURTSEY – JÖRD ÚR ÆGI

Surtsey er komin á heimsmínjaskrá UNESCO yfir náttúruminjar sem eru einstakar á heimsvísu.

Sérstaða Surtseyjar felst einkum í því að hún var friðuð frá upphafi og lífríki hennar hefur þróast án afskipta mannsins.

Á sýningu Náttúrufræðistofnunar Íslands er rakin myndunar- og þróunarsaga Surtseyjar fram til dagsins í dag og spáð fyrir um framtíð eyjarinnar og þróun lífríkis hennar næstu 120 árin.


Aðrar sýningar: Handritin - saga handrita og hlutverk um aldir. Síðbúin sýn - ljósmyndir Halldórs Laxness. Reykjavík - ljósmyndir Ara Sigvaldasonar. Þjóðin og náttúran - kvikmyndir Páls Steingrímssonar.



SÝNINGAR Á
ÖLLUM HÆÐUM

Þjóðmenningarhúsið – The Culture House
National Centre for Cultural Heritage
Hverfisgötu 15 • 101 Reykjavík
Sími 545 1400 • www.thjodmenning.is
Sýningar • leiðsögn • verslun

Opíð daglega kl. 11.00 – 17.00
Leiðsögn án endurgjalds í boði fyrir skólahópa.
Leiðsögn á ensku um handritasýninguna kl. 15.30 alla virka daga nema miðvikudaga.
Veitingar á virkum dögum.





SKAÐAINN AUGLÝSINGASTOFA

BANG & OLUFSEN **B&O**

www.bang-olufsen.com

Síðumúla 21, Reykjavík. Sími 581 1100.



SKILABOÐ ÍSLANDS ÚT Í HEIM

– HVER ERU ÞAU?

Kolfinna Baldvinsdóttir hefur frá því í fyrra fylgst með lífi hælisleitenda sem búa á flóttamannahælinu í Njarðvíkum, sem mun vera efniviður heimildarmyndar hennar um örlög og framtíð þessara einstaklinga sem þar bíða. Sumir hverjir hafa beðið í fjögur ár eftir úrskurði yfirvalda um líf þeirra.

É

g óttast um líf mitt, voru síðustu fréttirnar sem við fengum af Paul Ramses, hælisleitandanum margumtalaða, sem nú hefst við á flóttamannahæli á Ítalíu. Hann var sendur burt úr landi án þess að mál hans væri afgreitt af Útlendingastofnun. Margt gott fólk, sem blöskrað hefur meðferð yfirvalda á þessum hælisleitanda hefur stigið fram, til að sýna Paul og fjölskyldu hans stuðning. Það hlýtur að hryggja það sama fólk ólýsanlega að heyra háttvirtan þingmann Sjálfstæðisflokksins (Sigurð Kára) láta frá sér eftirfarandi orð í þann mund sem Paul biðlaði til íslensku þjóðarinnar: „Með því að veita Paul hæli værum við að gefa kolröng skilaboð út í heim.“

Margt hefur verið rætt og ritað um þetta mál og því óþarfi að taka það enn og aftur fram að íslensk stjórnvöld höfðu samkvæmt Dyflinnarreglugerðinni, sem Ísland á aðild að, fullan rétt til að endursenda Paul aftur til landsins þar sem hann fékk fyrst vegabréfsáritun. En þau höfðu einnig fullan rétt til að taka hælissókn hans til efnislegrar meðferðar í samræmi við mannúðarákvæði reglugerðarinnar. Og það sem meira er;

þau höfðu einnig heimild til að veita honum dvalarleyfi af mannúðarástæðum. Það myndi ekki flokkast undir „undanþágu“ eins og ranglega kom fram í máli þingmannsins.

Satt sagði þingmaðurinn hins vegar um skilaboð Íslands út í hinn stóra heim; þau eru kolröng. Til að bregðast við síauknum flóttamannastráumi hafa ríki Evrópu skuldbundið sig til að takast á við ábyrgðina sameiginlega. Dyflinnarreglugerðin var gagngert sett til að dreifa álaginu sem mest hvílir á jaðarríkjum Evrópu (Ítalíu, Spáni, Grikklandi). Ísland hefur sætt mikilli gagnrýni fyrir að taka einungis við 0,26% þeirra sem hingað koma. Það skýrist af þeirri einföldu ástæðu að hingað er ekkert beint flug frá þeim löndum sem fólk flýr frá. Það skýrir þó ekki af hverju þeir fáu sem hingað tekst að rata fá ekki inni. Skilaboð íslenskra stjórnvalda eru afar skýr: Flóttamannavandinn kemur Íslandi ekki við.

Önnur skilaboð hafa þó kyrfilega komist út í heim: Ísland statar af því að vera með ríkustu þjóðum heims og búa við einhver bestu lífskjör í heimi. Betra væri að fara leynt með þau skilaboð svo að þau

gefi ekki enn smánarlegri mynd af forríkri þjóð sem vísar þurfandi fólki á dyr. Hvalveiðar, ísbjarnaveiðar og nú síðast – mannaveiðar. Við sendum hælisleitendur, sem óttast um líf sitt, út í opinn dauðann vegna þess að við viljum ekki gefa kolröng skilaboð út í heim.

Aðeins einn einstaklingur (frá Kóngó) hefur fengið stöðu flóttamanns á Íslandi frá 1990 af þeim 603 sem hafa sótt um hæli hér. Kolröng skilaboðin gætu ekki verið skýrari.

GISTIHEIMILIÐ FIT/FLÓTTAMANNAHÆLI

Í allri fjölmiðlaathyglinni sem mál Pauls hefur fengið er það áhugavert að enginn samanburður hafi verið gerður við mál fyrrverandi tülks og bústjóra íslensku friðargæslunnar á Srí Lanka og konu hans, sem var fyrir skömmu veitt hæli hér á landi. Fyrir skömmu samþykkti Reykjavíkurborg að veita þessari fjölskyldu sömu þjónustu og kvótaflóttamenn venjulega fá. Hvað skýrir mismunandi meðferð yfirvalda á þessum tveimur málum?

Annað sem skýtur skökku við er að Paul Ramses er (var) ekki eini

hælisleitandinn á Íslandi. Á gistiheimilinu Fit í Njarðvíkum er rekið flóttamannahæli þar sem 42 einstaklingar, skv. tölum frá desember 2007, bíða eftir úrskurði yfirvalda um hvort þeir teljist í raun veru flóttamenn, skv. skilgreiningunni. Það er ekki öll von úti þó ekki hljóti þeir stöðu flóttamanns á Íslandi, því þó að einungis einn af þessum 603 sem hafa sótt um síðan 1990 hafi hlotið þann titil, þá hafa 53 þeirra fengið dvalarleyfi af mannúðarástæðum. Meirihluti þeirra er hér enn. Að veita Paul Ramses dvalarleyfi af mannúðarástæðum hefði því alls ekki talist til undanþágu. Þvert á móti, hann hefði einfaldlega bæst í hóp þeirra sem íslensk stjórnvöld hafa, þrátt fyrir allt, séð aumur á.

Gistiheimilið Fit er að hluta til rekið sem eiginlegt gistiheimili, sem puttalingar sækja, enda ekki fjögurra stjörnu hótél. Að hluta eru það hælisleitendurnir sem þar búa allt árið um kring – þessi sköndna blanda hlýtur að vera einsdæmi. Þar búa að meðaltali um 20 einstaklingar, en þeim hefur fjölgað verulega eftir að boðið var upp á flug til Kanada frá Leifsstöð síðasta sumar sem gefur til kynna að Ísland er í mörgum tilvikum



Kolfinna Baldvinsdóttir hefur LLM-gráðu í alþjóðalögum og situr í stjórn Landnemans, félags innflytjenda og áhugamanna um fjölmenningu. Hún bjó lengi erlendis, síðast í Kosovo þar sem hún starfaði að uppbyggingu landsins eftir stríð.



Íþróttafulltrúi - Garðabær

Í Garðabæ er fjölbreytt og góð aðstaða til íþróttaiðkunar sem stöðugt er verið að bæta. Áhersla er lögð á að hlúa að almennri þátttöku allra bæjarbúa í hvers kyns líkams- og heilsurækt. Garðabær leggur á hverju ári til umtalsverða fjárhæð til stuðnings barna- og unglingastarfi í íþróttum og til afreksíþróttar. Hvert barn og ungmenni á aldrinum 6-18 ára fær árlega úthlutað tiltekinni fjárhæð (hvatapeningum) til að greiða niður félagsgjöld í skipulögðu íþrótt- og tómsundastarfi. Markmiðið er að veita öllum börnum og ungmönnum tækifæri til að stunda skipulagt íþrótt- og tómsundastarfi við sitt hæfi, óháð efnahag og hæfileikum og minnka þannig brottfall um leið.

Þjóðlagagítar pakki frá kr. 9.900. Rafmagns Gítarpakki frá kr. 19.900. Bassag. pakki frá 29.900 kr. Trommuset frá kr. 49.900 með diskum. Gítarinn Stórhöfða 27. S. 552 2125 www.gitarinn.is

Vélar og verkfæri



PON TRUCK WP60 - 1300Kg 24V/70Ah Verð: 311.250 með VSK. PON ehf, S: 552 0110 http://www.pon.is

Ásborg
Vidaroliur og lökk
Smiðjuvegi 11 Sími 56412

Til bygginga

Mótaborð (dokar) 1.675 kr/m, mótabit-ar 1.185 kr/m, timbur 2x4 205 kr/m, allt verð m/vsk. Kíktu á ulfurinn.is eða s: 840 7273, Halldór

SMÁAUGLÝSINGAR

Verslun

amor
Egg í miklu úrvali frá kr. 590.-
Tilboð á DVD
Frábært úrval af nýjum titlum.
Full búð af nýjum vörum
• INTIMO •
Órugglega besta raskgeilið!
Skúlagata 40a s. 562 2433
Dalvegur 16a s. 562 2445
www.amor.is

Stærri limur betri limur
Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt.
Kannaðu málið á bathmate.is
bathmate.is

Heildsala

Mynddýrasímakerfi! Lager ásamt viðskiptasamböndum til sölu. Gott verð, góð framlegð. Uppl. í s:6914900

HEILSA

Heilsuvörur

Léttist um 22 kg á aðeins 6 mánuðum. LR-kúrin er ótrúlega auðveldur og einfaldur. Uppl. Dóra 869 2024 www.dietkur.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Árangur með Herbalife í 28 ár. Pantaðu frian prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Betri lífsstíll aukin orka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki/prufur. www.heilsuval.topdiet.is Rannveig íðjubálf/einkabj. s. 862 5920.

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þynjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

Ýmislegt



Súrefnismettunarmælar á frábæru verði. Einnig höfum við aðgang að öllum mögulegum vöruflokkum. Það sem við eigum ekki reynum við að útvega. K-Matt ehf. S. 421 8999 eða k-matt@simnet.is Opíð 09-11:30 & 13:15-16:30 alla virka daga.

Hringdu í síma 512 5060 ef blaðið berst ekki



SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Námskeið



50% Off summer prices

Level I: 4 weeks Md-Frd; 18-19:30 start 21/7, 18/8. Level II: 7 w: Md/Wd/Frd; 20-21:30 start 11/8, 29/9. Level III: 10 w: Tsd/Thrd; 20-21:30 start 22/7, 23/9. Ármúli 5, s.5881169. www.icetrans.is/ice

HEIMILIÐ

Húsgögn



Vegna breytinga eru til sölu þessi glæsilegu svefnherbergishúsgögn, rafmagnsrúm m/ nuddi, 2 náttborð, kista og 2 skúffuskápar. Nánari uppl. í s. 844 4077.

Húsgögn í krakkaherbergi 7 ára + Hátt rúm með skrifborði, fataskáp og hillueining að auki. Selst á góðu verði. Uppl. í síma 6933912



Tilkynning frá Skaftár Labradorum Til sölu nokkrir hreinræktaðir Labrador retriever hvolpar undan Volcano's Royal Affaire Extraordinaire (IS09325/06) og Bella's Joy AusLühlsbusch (IS07480/03). Ættbók frá HRFÍ. Nánari upplýsingar í síma 896 0028, 555 4351 eða netfanginu dagur@lognet.is og á heimasíðu www.lognet.is/skaftar

Hundagæsluheimilið Fellshlíð Mos. Smáhundar teknir í gæslu, eru á heimili og ekki lokaðir inn í búrum, stórt hundagerði, góð þjónusta Gunnvör s. 8200878,

Ensiskr bulldoghvolpar með ættbók frá Hrfi til sölu. Tilbúin til afhendingar. Áhugasamir kynni sér tegundina. Allar nánari uppl. í síma 847 1051 og 898 7925. Sjá myndir á www.123.is/bullkrot

Til sölu Dobermann hvolpar

Afhendast örmerktir, bólusettr og með ættbók frá Rex. Tilbúin til afhendingar 26.07.08 26.07.08 Uppl. í síma 866-7214.

Poodle blendings hvolpar til sölu. uppl. í s. 849 6700

Mjög sætir 3 mán. kettlingar fást gefins á gott heimili. Kassavanir og vel upp aldir. Uppl. í s. 699 3438 & 661 4841.

Til sölu CHIHUAHUA SNÖGGHÆRDIR, black og tan, tilbúin að fara að heiman. Uppl. í s. 856-1772

Ýmislegt



TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Ferðalög

Hús í Suðurfrakklandi, hentar fyrir 4. Hugulegt, gott verð. Uppl. í s. 555 3438, info@g-w-design.de

Gisting

Budget accommodation Hafnarfjörður for sleeping bag. Dorm 1.500 kr./p.day. Info 770 5451 & 770 5503.

Ferðamannaíbúð í Vesturbæ Reykjavíkur til leigu. Rúmar fjóra. Leiga á dag 15 þús. á viku 70 þús. Uppl. á reykjavik-west.com & í s. 820 3640.

Byssur

Skyttan.is Berger ríffilkúlar IOR sjónaukar Cooper rífflar Og margt fleira

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

Viltu leiga íbúðar- eða atvinnuhúsnæði. www.husaleiga.is. Sími 471 1000.

Vantar meðleigjanda í Norðarmýri. Lág leiga, stutt í Háskólann, Hlemm og fleira. leiganordurmyri@gmail.com

Falllegt 4 herb parhús í Grafarvogi. Útsýni og pallur. Barnvænt og stutt í þjónustu. 6931666

Til leigu frá 1. ágúst í 3 mánuði. 101 R.V.K. með húsgögnum. 103 fm. á 168.000 kr. S:6987807

Laus 3ja herb. íb. á Álftanesi 90 fm, kr. 122.733,- m/hússj. Uppl. í síma 520-5788 Leigufélag Búseta ehf.

Einbýlishús í Mosfellsbæ til leigu. 6 herb. 250 fm. Uppl. í s. 847 6641 & 693 7328.

RVK - HFJ - KEF

1, 2ja, 3ja og 4ra herb. íbúðir að losna. Nánari uppl. á www.heimahagar.is.

Herbergi til leigu í stóru einbýlishúsi í 101, aðgangur að öllum þægindum. 50 þ pr m. ROOM FOR RENT in a big house all incl. Tel 694 5987

Húsnæði óskast

Bílskúr - Geymsluhúsnæði
Bílskúr eða gott geymsluhúsnæði óskast. S. 861 6660.

Óska eftir 2-3 herb. íbúð í Efra-Breiðholti til langtímaleigu. Er reyklaus og reglusöm. Uppl. í síma 867-2655

Vantar litla íbúð fyrir starfsmann. Reglusemi og skilvís. Helst í Grafarvogi eða Mosfellsbæ. Áhugasamir hafi samb. við alguggar@alguggar.is

Óska eftir 3 herb. íbúð í Rvk fyrir par með ungbarn. Má kosta allt að 110 þús. Uppl. í s. 662 1686 & 661 4017.

100 % maður !!! Rólegur, reglusamur og reyklaus „strákur“ í HÍ, óskar eftir lítilli, ódýrri íbúð/studio, gjarnan í 101/105 Rvk. 100 % umgengni. Eyjólfur: ebe5@hi.is eða 8658704

Sumarbústaðir



Til sölu ný sumarhús. Tilbúð að utan og einangrað að innan, ca. 80 fm grunnflötur ásamt frágengnu 25 fm millilofti og innveggjagrindum. Til afhendingar strax eða síðar, til flutnings eða skilað á lóð, samkvæmt nánara samkomulagi. Skipti koma til greina og góð lánakjör í boði. Húsið er til sýnis að Fitjum við Mosfellsbæ. Upplýsingar veitir Guðjón í síma 6919500.

Til sölu glæsilegt 105 fm hús á 2,5 ha. og 95 fm sumarhústaður á 5 ha. Landi í Grímsnesi. Hentar til beitar eða ræktunar. Hitaveita á staðnum. Uppl. í s. 821 4958 & 555 4968.



Sumarhús á eignarlandi
Til sölu glæsilegt 105 fm hús á 2,5 ha. og 95 fm sumarhústaður á 5 ha. Landi í Grímsnesi. Hentar til beitar eða ræktunar. Hitaveita á staðnum. Uppl. í s. 821 4958 & 555 4968.



Sumarhús/lóðir

Til sölu eignarlóðir í Grímsnesi með 15fm húsi. Rotbró, rafmagn og vatn. Önnur lóð við hliðina einnig til sölu. Gott verð. Uppl. í s. 660 1050.

Geymsluhúsnæði

geymslur.com

Geymslur frá 5990,- kr á máni. í Garðabæ (há Ikea) og Reykjavík (Fiskilóð) S. 555 3464

Búslóðageymsla Olivers, 100 kr. á dag fyrir Euro brettið. S. 567 4046 & 892 2074. www.buslodageymsla.iceware.net

Gisting

Herbergi í miðbænum í Rvk. Uppl. í s. 895 0497

ATVINNA

Atvinna í boði

Employment agency seeks:

Carpenters, general workers, electricians, ironbinders, plumbers, masons, heavy duty drivers, painters and more for the construction area.
- Proventus - Call Margrét 699 1060



Kvöld og helgarvinna

Okkur vantar öflugt og skemmtilegt fólk til starfa! Ekki síður skemmtilegt fullorðið fólk. Hringdu núna í síma 575 1500 simstodin@simstodin.is www.simstodin.is



Öryggisgæslan ehf.

Óskar eftir starfsfólki í vaktavinnu á næturnar frá kl.23-08 alla daga. Umsóknir liggja frammi á skrifstofu okkar í Auðbrekku 6 - Kópavogi. Skilyrði: Lágmarksaldur 18 ár - hreint sakavottorð - góð íslensku kunnátta.

Gröfumenn

Óska eftir að ráða vana gröfumenn, mikil vinna framundan. Upplýsingar í síma 894 0210



Við óskum eftir starkskrafti í fullt- og hlutastarf sem fyrst! Hefurðu áhuga á heilsu og hollum lífsstíl? Viltu vinna sjálfstætt og gefandi starf? Hafðu þá samband við Jakobínu í síma 867 2705 Nánari upplýsingar er að finna á www.bailine.is

Hurðir og Gluggar ehf.

Óska eftir starfsmanni fram á hausti. Unnið við ýmis störf á trésmiðuverkstæði.
Hurðir og Gluggar ehf.
Upplýsingar í síma 565 4123.

Á FERÐALAGI

FÖSTUDAGUR:
í bítið
Ívar Guðmundsson
Rúnar Róbertsson
Reykjavík síðdegis

LAUGARDAGUR:
Hemmi Gunn og Svansi

Bylgjan á ferðalagi um landið í sumar

Bylgjan og Olís eru í samarskapi og verða á ferðalagi með þér í allt sumar!

Við höldum ferðalaginu ótrauð áfram og byrjum fyrr á föstudagsmorgnum með Kollu og Heimi í bítinu. Ívar Guðmunds tekur við kl. 9 og Rúnar Róberts strax eftir hádegi. Við endum svo daginn með strákunum í Rvk síðdegis.

Eftir hádegi á laugardögum eru það Hemmi Gunn og Svansi sem skemmta hlustendum auk þess að draga heppinn hlustanda úr potti Ævintýraeyju Olís, sem er frábær ferðaleikur fyrir alla fjölskylduna. Nánari upplýsingar á www.olis.is.

Vertu með Bylgjunni og Olís í allt sumar – á ferðalagi!

ALLIR ERU AÐ HLUSTA!



Maturinn er matvælafrýrtæki sem sérhæfir sig í rekstri mötuneyta ásamt því að vera með bakkamat. Okkur vantar vanar konur til afleysinga í mötuneytin okkar. Einnig vantar okkur fólk í uppvask og þrif. Áhugasamir hafið samband í síma 567-0385 eða sendið póst á eldhus@matuinn.is



Hótel Óðinsvé
Óskum eftir að ráða þjóna til starfa á Ó Restaurant, bæði fag- lærða og aðstoðarfólk.
Uppl. gefur Ida í s. 511 6200 eða á o@orestaurant.is, Hótel Óðinsvé, Þórgötu 1.

Vantar nokkra 11-18 ára unglinga til að grúska í tónlistarmyndböndum á netinu. Ágæt laun. Nánari upplýsingar: www.woodyallen.com/auglysing

Thorvaldsen Bar er að leita eftir starfsfólki í auka vinnu. Uppl. veitir Kristín í s: 616 3001 eða Rósa Amelía í s: 844 7978 eða sendið email á thorvaldsen@thorvaldsen.is

Veitingastað á Laugavegi vantar góðan og reyndan kokk í fullt starf. Upplýsingar í síma 8493875

Vantar þig aukatekjur? Sjálfst.dr.He-rbalife s:8960936 www.heilsufrettr.is/sigmar

Óskum eftir góðum smiðum sem geta unnið sjálfstætt, næg verkefni framundan. Uppl. í síma 698 6675.

Fótaaðgerðafraeðingar Athugið!! ný og stórglæsileg snyrti og fótaaðgerðarstofa hefur opnað í Borgartúni 6 og óskar eftir fótaaðgerðafraeðing til starfa. upplýsingar í síma 551 1050 eða 660 1792.

Smiður og verkamenn óskast strax. Mikil vinna framundan. Uppl í s. 847 1555.

Skemmtilegt starf
Leikskólinn Undraland ehf., er lítill nota- legur einkarekinn leikskóli í Kópavogi. Okkur vantar samviskusaman og lífs- glaðann starfsmann í 100% starf frá 19 ágúst. Uppl. 899 8654 Sonja / 862 3029 Bryndís.

Vantar góðan smið og verkamann. Seeking good carpenter and worker. Uppl./info. s. 895 8763

Gott fyrirtæki auglýsir eftir málurum. Uppl. í s. 552 5354.

Reddarinn óskar eftir hörkuduglegum verkamönnum. Óskum eftir smiðum, pípurum, múrurum, rafvirkjum og málurum. Mikil vinna framundan og góð laun í boði S: 6150122

Bárujárn
Get tekið að mér fleiri viðhalds verkefni. ryðvarnir, leka-varnir & viðgerðir á báru- járnspökum. Stærri verkefni koma til greina. Andri og Kristján S. 694 9626.

Óskum eftir að ráða rafvirkja. Uppl. í s. 694 1500 á vinnutíma. Rafboði.

Atvinna óskast

Vantar þig Smiði, múrara eða járnbindingamenn?
Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.
Proventus starfsmannafjón- usta s. 661 7000.

Tek að mér að hárgreiðslu sérstaklega fléttur (afrikst háir), þrif heimilí er vand- rikur og vanur. Einnig barnapössun. Uppl. í s. 821 3465.

Viðskiptatækifæri

Vefsíðugerð
Til sölu viðskiptaséreyfi í vefsíðugerð. Frábært tækifæri fyrir réttan aðila. Uppl. í síma 825 0090.

TILKYNNINGAR

Einkamál

SÍMAPJÓNUSTUR

- Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (fritt, karlar)
555-4321 (fritt, konur)
- Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (fritt, konur)
- Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
- Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
- Spjalldómur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

908 6666
Við viljum vera sumardisirnar þínar í nótt. Ópið allan sólar- hringinn.



Hafnarfirði, Fjarðargötu 17
Sími 520 2600, Fax 520 2601
Netfang as@as.is
Heimasíða www.as.is
Opið virka daga kl. 9-17
Kári Halldórsson, löggiltur fasteignasali

Nýbyggingar
PANTIÐ TÍMA HJÁ FASTEIGNASALA TIL AÐ SKOÐA EIGNIR
Möguleiki á allt að 90% láni



NORÐURBAKKI 1 OG 3 - HFJ.
Gæsilegar 2ja-4ra herb. íbúðir m/stæði í bílageymslu á frábærum stað við sjávar- síðuna í miðbæ Hfj. Vandaðar innréttingar frá InnX, Vönduð tæki frá Miele, Granít- borðplötur í eldhúsi og á baði, Gluggar niður í gólf, Sameiginlegt garðsvæði á milli húsanna, Sjónværpsdyrasími, Þakgarður, Glæsileg fullbúin sýningaríbúð.
Verð frá 24,9 millj. V. 36,9 m 6649

NORÐURBAKKI 5 - HFJ.
Sérlega vandaðar 3ja og 4ra herb. íbúðir m/stæði í bílageymslu í glæsilegu lyftuhúsi á frábærum stað í miðbæ Hfj. Vandaðar innréttingar og tæki frá EGG, Gólfhiti m/hita- stýringu í hverju rými, Extra hljóðeinangrun milli hæða, Extra lofthæð, Vandaðar innrét- tingar og tæki frá EGG, Flísalagðar svalir og timburverandir, Stórar rennihurðar út á svalir og garð, Sjónværpsdyrasími, Þakgarður.
Verð frá 26,7 millj. V. 30,8 m. 6928



SKIPALÓN 4-8 - HFJ.
Stórglæsilegar 2ja-4ra herb. íbúðir í lyftuhúsi fyrir 50 ára og eldri á góðum útsýnisstað á Hvaleyraholti. Hágæða- innréttingar frá Agli Árnasyni, Uppþvottavél og ísskápur fylgir, Granít á borðum og sólbekkjum, Bílageymsla, Arinn og tvö baðherb. í stærri íbúðum, Tvennar svalir á stærri íbúðum Afnotaréttur af 55 fm samkomusal, Golfvöllur í göngufæri,
Afhending í maí-júní 2008
Verð frá 19,0 millj. 7133

NORÐURBAKKI 15 - 17 OG 19 HAFNARFIRÐI
Glæsilegar sérlega vandaðar 105 til 130 fm 3ja til 4ra herbergja íbúðir á 1. til 5 hæð í nýjum LYFTUHÚSUM á NORÐURBAKKA- NUM, m/ STÆÐUM í bílageymslu. Sérlega vel skipulagðar eignir, síðir gluggar, bjartar og fallegar eignir. HTH innréttingar, góð lofthæð o.fl.. Frábær lóð verður á milli bygginga **Verð frá 27,4 millj. 7561**



Sími 512 3600
Skiptiholti 15
105 Reykjavík
www.logheimili.is



ÍBÚÐIR Í HJARTA KAUPMANNAHAFNAR




Stærð: 77m² 2 herbergja
Stærð: 97m² 3 herbergja
Stærð: 98 -114m² 4 herb.
Bílskúr: Bílastæði leigist aukalega.
Byggingarár: 2007
Inngangur: Sameiginlegur
Lyfta er í húsinu.
Leiguverð: Mánaðarleiga frá **DKK 10.700,-** (langtímaleiga)
Skammtímaleiga frá **DKK 2.200** sólahringurinn (lág. vika)
Húsgögn eru í skammtímaleigu.



TIL LEIGU
Skammtímaleiga / Langtímaleiga

Lögheimili Eignamiðlun kynnir glæsilegar nýjar íbúðir í hjarta Kaupmannahafnar til leigu í styttri eða lengri tíma – með eða án húsgagna.
Íbúðirnar eru við byrjun Amager, Svinget 21 & Hollænderdybet 30 og er stutt að fara á Strikið, verslunargötuna Amagerbrogade, verslunarhúsin Fields og Fisketorvet og í allar helstu samgöngur. Stutt er í Metro lestina, Christianshavn, Islands Brygge og Tivolí. Rólegt og barnvænt hverfi þar sem matvöruverslanir eru nálægt og öll þjónusta. Íbúðirnar eru 2ja til 4ra herbergja. Húsin eru fimm hæðir með lyftu. Allar íbúðir eru með svölum. Sameiginlegur garður. Möguleiki er að leigja bílastæði í bílakjallara.
Íbúðirnar eru með vönduðu eikarplankaparketi á gólfum og fallegum eldhúsinnréttingum með öllum helstu tækjum. Svefnherbergin eru með rúmgóðum skápum. Björt stofa opin inni eldhús. Glæsileg baðherbergi með fallegum innréttingum, granít plötu á borðum og fallegum náttúruflísum á gólf og veggflísum. Geymsla er í kjallara.



Einstakt tækifæri fyrir starfsmannafélög, fyrirtæki og einstaklinga.
Nánari upplýsingar veitir Jónas Örn Jónasson hdl. í síma 770 8200 eða með tölvupósti jonas@logheimili.is

FASTEIGNIR

Stakfell Grunnur að góðu lífi
 Þorlákur Ó. Einarsson, lögg. fasteignasali
 Þórhildur M. Sandholt Löggfr. og löggiltur fast.sali

Lautasmári - 4ra herbergja með bílskýli

115.8 fm 4ra herb. íbúð mjög vel staðsett í Kópavogi. Þvottahús innan íbúðar og 16,7 fm stæði í bílskýli. Parket á allri íbúð nema flísar á baði og þvottah. Beyki innrétting í eldhúsi.

Verð 28.5 millj.

Sölumenn sýna

Engihjalli - LÆKKAD VERÐ

84 fm þriggja herbergja íbúð á fyrstu hæð mjög miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu. Íbúðin skiptist í 2 svefnh. stofu, eldhús og bað. Sérgeymsla á jarðhæð. Þvottah. Á hæðinni.

Verð 19,9 millj

Sölumenn sýna

Lágmúli 7, sími 535_1000



Fasteignablaðið
512 5469
694 4103
 Ruth Bergs
 ruth@365.is

Draumahús

530 1800

**ERT ÞÚ Í SÖLUHUGLEIÐINGUM ?**

Draumahús bjóða seljendum fasteigna fasta lága sölubóknun. Skoðaðu kjörin okkar, hringmyndir og stórar ljósmyndir á: www.draumahus.is eða hringdu í síma 530 1800 og fáðu frekari upplýsingar.

Draumahús ehf • Hjalti Pálmason hdl og Sigurður J. Sigurðsson, löggiltir fasteignasalar
 Mörkinní 4 • 108 Reykjavík • Sími 530 1800 • Fax 530 1801 • www.draumahus.is

FLÉTTURIMI 16 – BJALLA MERKT 302

OPIÐ HÚS Í DAG MILLI KLUKKAN 14:00 OG 15:00



Mjög flott 88 fm þakíbúð með mikilli lofthæð, þakgluggum og fallegu útsýni. Íbúðin skiptist í tvö góð svefnherbergi. Baðherbergi flísalagt í hólf og gólf. Innrétting fyrir þvottavél og þurrkara. Rúmgott eldhús með góðri borðaðstöðu. Björt stofa með útgengi út á góðar vestur svalir. Íbúðinni fylgir 42 fm stæði í lokaðri bílageymslu. **V. 23.5 millj.** (Ath. Íbúðalánasjóður lánar allt að 18,8 millj.) Frábær fyrstu kaup.



Jón Ingi og Ásta Lilja taka á móti áhugasömum

Berg fasteignasala, Háaleitisbraut 58
 Sími 588 5530 • Netfang: berg@berg.is
 Grétar J. Stephensen Lögg. fasteignasali

Fróm **WWW.AKKURAT.IS**

**OPIÐ HÚS Í DAG! - SKIPASUND 88**

kl. 14.00 – 15.00 - FRÁBÆR STAÐSETNING!

NYUPPGERÐ, mjög falleg 3ja herb. 75,3 fm íbúð á fyrstu hæð í 3ja hæða, 6 íbúða húsi. Mikil lofthæð. Íbúðin skiptist í forstofu, baðherb., tvö svefnherb., stofu, eldhús og geymslu sem staðsett er í kjallara ásamt sameiginlegu þvottahúsi. **Íbúðin hefur öll verið endurnýjuð að baðherbergi undanskildu. VERÐ 25,0 millj.**

Ágúst, símar 664 0608 og 895 0907,
 býður þig og þína velkomna.

Akkurat
 FASTEIGNASALA
 STÓRHÖFÐA 27
 Sími 594 5000
 Halla Unnur Helga-
 dóttir lögg. fast

Rentus
 LEIGUMIÐLUN

www.rentus.is



Unnar Helgason
 viðskiptastjóri
 gsm 669 7155
 unnar@rentus.is



Haldór Jensson
 viðskiptastjóri
 gsm 840 2100
 halldor@rentus.is

Turninn**Rentus leigumiðlun kynnir stórglæsilegt skrifstofuhúsnæði til leigu á 17. hæð í Turninum, Smáratorgi 3, Kópavogi.**

Húsnæðið sem um ræðir er 390 fm skrifstofuhúsnæði í einni glæsilegustu byggingu landsins. Plássið er afhent óinnréttað en mögulegt er að fá það innréttað eftir þörfum leigjanda.

Öll þjónusta er í byggingunni og ber helst að nefna verslanir á jarðhæð, World Class á 15. hæð, mötuneyti fyrir starfsmenn hússins á 19. hæð og veitingastað og bar á 20. hæð. Næg bílastæði fyrir starfsfólk og viðskiptavinum eru við húsið og í bílakjallara.

Hafðu samband við okkur og fáðu nánari upplýsingar.

Allar nánari upplýsingar um eignina veita Unnar Helgason í síma 669-7155, unnar@rentus.is, og Halldór Jensson í síma 840-2100, halldor@rentus.is.

Laugavegi 97 | 101 Reykjavík | Sími 440 6100 | www.rentus.is



Telma Róbertsdóttir
 Löggiltur fasteignasali

HÚSIN Í BORGinni
 ... það borgar sig!



HÚSIN Í BORGinni • Klapparstíg 5 • 101 Reykjavík • Sími 511 5005 • Fax 511 5009 • www.husin.is

ekki endastöðin. Sumir hafa beðið í nokkra mánuði, aðrir í nokkur ár, en sá sem lengst hefur beðið hefur búið á gistiheimilinu Fit í yfir fjögur ár.

HÚSVONARINNAR

Allir þeir sem búa á Fit eiga það sameiginlegt að hafa flúið heimalönd sín í leit að betra lífi. Sumir höfðu „réttu pappíra“ til að yfirgefa heimalönd sín, en enginn þeirra „réttu pappíra“ til að fá innngöngu í annað. Pappírar þeirra eru meira virði en líf þeirra. Sumir keyptu sér falsaða pappíra, aðrir áttu ekki fyrir því. Sumir áttu nóg til að borga smyglurum eða smygluðu sér sjálfir. Þó flestir þeirra hefðu ekki hugmynd um hvar ferð þeirra myndi enda var vonin um betra líf það litla sem þeir áttu í farteskinu.

En hvað skýrir það að þessir einstaklingar hafa ekki allir verið sendir til baka strax, eins og Paul Ramses? Ef hælisleitandi hefur hvergi sótt um hæli annars staðar, og/eða ef hælisleitandi hefur enga pappíra, og/eða ef hælisleitandi heldur því fram að líf hans sé í hættu, ber íslenskum stjórnvöldum að kanna hans mál til hlítar áður en hann er sendur úr landi, eða honum veitt hæli. Þá er hælisleitandinn sendur á gistiheimilið Fit meðan rannsókn á hans máli stendur yfir, hvort hann teljist til flóttamanns eða ekki. Það getur tekið allt frá þremur mánuðum til þriggja ára, jafnvel lengur. Stundum er auðvelt að nálgast upplýsingar um ástandið í heimalandi hælisleitanda og stöðu hans þar, stundum ekki. Stundum er engar upplýsingar að fá, sérstaklega í þeim löndum þar sem stríðsástand ríkir. Hælisleitandi þarf að segja satt og rétt frá, annars er hann gerður brottrækur. Og skilríkjalausir eiga þeir oft erfitt með að sanna hverjir þeir eru. En eins og hefur komið fram í máli Hauks Guðmundssonar (forstöðumanns Útlendingastofnunar) er ástæðan fyrir því hversu lengi sumir hafa dvalist á Fit einnig til kominn vegna skorts á fjárveitingu og starfsfólki. Einungis einn starfsmaður hjá hvorri stofnun, Útlendingastofnun og dómsmálaráðuneyti, sinnir málum hælisleitanda. Það sýnir tvímælalaust sinnuleysi yfirvalda gagnvart þessum málaflokki, sem þau hafa nú, í kjölfar mótmæla undanfarna daga, ákveðið að bæta úr.

FJÖGUR ÁR OG ENN BÍÐUR HANN

Sá sem dvalist hefur lengst á gistiheimilinu Fit – í fjögur ár – er frá Norður-Afríku. Með aðstoð smyglara flúði hann þrælkun og þjóðernishreinsanir í heimalandi sínu. Hann var settur á skip sem honum var sagt að væri á leið til Bretlands. Nokkrum vikum seinna (1. október 2004) var hann lentur á eyju sem hann kannaðist ekki við – Íslandi. Og hér er hann enn, eilíflega þakklátur íslensku þjóðinni fyrir að hafa tekið við sér, bjargað sér úr helvíti, eins og hann segir sjálfur. En hann veit þó ekki alveg af hverju hann er enn, nú fjórum árum seinna, í sama litla herberginu á gistiheimilinu Fit. Á meðan hann bíður – dag hvern upp á von og óvon – er honum ekki leyfilegt að vinna fyrir sér. Hann fær 2200 krónur á viku til að hafa ofan í sig og á, sem dugir þó til lítils annars en að verða sér úti um allra helstu nauðsynjar. Rétt eins og í stofufangelsi líður hver dagur hjá án nokkurs annars en að borða og sofa. Þannig hafa dagarnir liðið hjá honum í heil fjögur ár.

Hann hefur tekið á móti ófám hælisleitendum, orðinn hálfgerður húsráðandi hælislins, sumum sem hafa jafnvel dvalið í ár eða lengur og orðið vinir hans. Þeir sofa á daginn og vaka á nóttunni, borða stundum saman, horfa saman á sjónvarpið, en þó vilja ekki allir félagskapinn. Þeir eru frá ólíkum

heimshornum, sumir tala ekki ensku, en margir eiga arabísku sem sameiginlegt tungumál. Verstu dagarnir hans eru þegar lögreglan kemur til að ná í einhvern þeirra til að senda burt úr landi: Hver verður það í þetta sinnið? Þeir fá klukkutíma til að pakka niður, ekki nægan tíma til að kveðja vini sína. Hann veit ekki hvert þeir hafa verið sendir eða hvað um þá hefur orðið. Einn hafði komið sem laumufarþegi á togara, án allra skilríkja. Annar hafði falsað skilríkin, þriðji hafði tapað skilríkjunum sem voru tekin af honum við lendingu einhvers staðar í Evrópu o.s.frv. Fleiri en einn hafði borgað smyglurum háar fúlgur fyrir að koma þeim úr landi, án þess að vita hver væri endastöðin. Hver og einn á sér lítríka, hugrakkka, ævintýralega, hörmulega, sorglega sögu að segja. Flestir eiga þeir það sameiginlegt að hafa

íslenskra yfirvalda á hælisleitandanum Paul Ramses?

LANDAMÆRALAUS HEIMUR

Frá upphafi mannkyns hefur maðurinn verið á faraldsfæti. Straumurinn hefur legið frá austri til vesturs, suðri til norðurs. Aldagamalli nýlendusöga stórveldanna er lokið og nú þurfa þau að taka afleiðingum gjörða sinna. Íslendingar fengu á sínum tíma inni hjá Kanadamönnum. Þeir fóru ekki ótilneyddir, ekki frekar en þeir sem í dag flýja stríð, hungur, náttúruhamfarir, og ekki síst hörmungar af mannavöldum. Straumur fólks sem flýr sviðna jörð fer sívaxandi, ekki minnkandi. Nú er röðin komin að okkur að takast á við þá ábyrgð sem því fylgir að vera aðili að samfélagi þjóðanna. Hin pólitíska uppfinning landamæri má ekki boða dauðadóm yfir þeim sem innan þeirra eru innlyksa. Það stríðir gegn lýðræðis- og

TÖLURNAR TALA

Af 42 ákvörðunum eða úrskurðum í hælismálum á árinu 2007 voru 24 einstaklingar sendir til baka á grundvelli Dyflinnarreglugerðarinnar. Þremur var veitt dvalarleyfi af mannúðarástæðum og þrettán umsóknum var hafnað og/eða neikvæð ákvörðun Útlendingastofnunar staðfest af dómsmálaráðuneytinu. Þá drógu sjö einstaklingar hælismálsókn sína til baka eða hurfu af landi brott áður en ákvörðun var tekin í máli þeirra. Í lok árs 2007 voru alls til meðferðar hjá stjórnvöldum mál 31 hælisleitanda sem sótt höfðu um hæli á árunum 2005–2007 en málsmeðferð hælismálsóknna getur tekið langan tíma, allt að nokkrum árum í sumum tilvikum.



Þýskir flóttamenn í Evrópu miðri 1945.

upplifað ofsóknir, stríð, hungur, jafnvel dauða.

En hann kvartar ekki. Þvert á móti, þá er hann sifell brosandí, enda góður múslimi. Hann tekst á við hversdagsleg vandamál með brosi og segir: „Guð veit burt. Ef hann vildi að ég tækist á við þetta vandamál þá hlýt ég að gera það með glöðu geði.“

Árið 2006 sýnaði Útlendingastofnun umsókn hans um hæli, sem dómsmálaráðuneytið staðfesti. Útlendingastofnun hafði sent fyrirspurn um ástand mála í heimalandi hans til Sameinuðu þjóðanna þegar verið var að meta umsókn hans en tók ákvörðun um að sýnja honum um hæli áður en svarið barst. Hann krafðist þess að héraðsdómur ógilti þessa ákvörðun – og þann 16. apríl síðastliðinn fékk hann góðar fréttir.

Héraðsdómur felldi ákvörðun Útlendingastofnunar og íslenska ríkisins úr gildi; hún hafði ekki verið byggð á fullnægjandi upplýsingum um aðstæður hans. Málið er komið aftur á byrjunarreit. Mun það taka enn önnur fjögur ár fyrir íslensk yfirvöld að ráða örlögum þessa manns? Er hægt að senda mann sem dvalist hefur hér í fjögur ár nú þegar burt úr landi? Er tími til ákvörðunarartöku um líf þessa einstaklings ekki löngu útrunninn? Hver er framtíð þessa manns og félaga hans sem bíða og bíða upp á von og óvon? Spurningum sem þessum verður svarað í heimildarmynd minni. Í ljósi atburða síðustu daga læðist líka að manni önnur spurning: Hafði þetta dómsmál einhver áhrif á meðhöndlun

mannréttindahugsjónum okkar daga að neyða fólk til að sitja aðgerðarlaust undir þeim hörmungum sem á þeim dýnja. Það stríðir gegn þeim mannlega kærleik sem við þykjumst bera í brjósti að loka dyrunum á fólk sem neyðist til að flýja heimahaga sína vegna óbærilegs ástands.

Það var stór stund í sögu fyrrum stríðandi Evrópu þegar Evrópusambandið felldi niður þau landamæri sem hindruðu flæði fólks innan Evrópu. Með inngöngu 12 nýrra ríkja Austur-Evrópu í ESB losnuðu milljónir manna undan vistarböndum sem þeim hafði verið sett. Þeim var loks frjálst að fara og finna sér mannsæmandi lífsafkomu, í stað þess að laumast réttindalausir og forsmáðir í þeim löndum þar sem vinnu var að fá. Með aukinni samvinnu hefur Evrópusambandið einsett sér að vinna saman til að finna lausn á málum 170.000 hælisleitanda í Evrópu (sem ekki má rugla saman við almenna innflytjendur). Og með því að stuðla að bættum lífskjörum fólks í fátækustu héruðum heims mun fólk loks fá tækifæri til að fara hvergi. Þá fyrst mun flóttamannastraumurinn fara minnkandi. Þótt Ísland þykist ekki vera í Evrópusambandinu höfum við í gegnum aðild okkar að innri markaði Evrópusambandsins, og Schengen, skyldur til að bera á við önnur Evrópusambandslönd. Líka við þurfum að hjálpast að við að finna þessum hælisleitendum heimili. Sem ein ríkasta þjóð í heimi sem býr við betri lífskjör en flestar aðrar þjóðir höfum við nóg að bjóða. Sendum þau skilaboð út í heim.



Ástin er diskó, lífið er pönk er sá síðasti í röð innlendra söngleikja sem hér hafa verið á fjölnum.

Nýir söngleikir og gamlir

Nýir söngleikir eru þrátt fyrir velgengni gamalla á sviðum stórborganna stöðugt að koma fram: forsýningar standa nú yfir í London á söngleiknum Zorro sem Gypsy Kings hafa sett tónlist við. Er þess skemmt að minnst að tveir söngleikir voru frumsýndir þar í borg í byrjun máí, Marguerite, sem er saga Dumasar yngri af Kameliúfrúnni og gerist nú í París stríðsáranna. Tónlistin er eftir hinn aldriða franska meistara Michel Legrand en ljóð og bók er eftir þá Boubil og félaga sem sömdu handritið að Vesalingunum fyrir margt löngu og settu seinna saman Miss Saigon sem var raunar sótt í Madame Butterfly eftir Puccini.

Þá var bandarískur söngleikur eftir hinni frægu sögulegu skáldsögu Margaret Mitchell, Gone with the Wind, frumsýndur rétt undir miðjan máí og fékk afleitar umagnir gagnrýnenda. Mun þetta vera í annað sinn sem reynt er að semja söngleik upp úr því þrælastríðsdráma.

Vestanhafsa Tony-verðlaunin ný afstaðin og þar eru fyrirferðarmiklar nýjar sviðsetningar á South Pacific, Grease og Gypsy sem eru allt þrautreynd verk með mikla hylli. Þar var einnig ofarlega á blaði nýr söngleikur samin eftir gömlu myndinni Xanadu sem Jeff Lynne og Elo lögðu músík í og skartaði Oliviu Newton John og Gene Kelly.

Gamlar uppsuður eru líka vinsælar í London: þar reyndist árið í fyrra vera fengsælasta ár leikhúsanna frá upphafi: þrettán milljón gestir sóttu leikhúsin í London það ár. Margar vinsælar söngleikjasýningar sem draga að mestan fjöldann voru gömul verk.

Í desember verður frumsýning á Oliver! eftir Lionel Bart með Rowan Atkinson í hlutverki Fagins og státar sviðsetningin af hundrað manna kasti og hljómsveit. Það er Cameron Macintosh sem framleiðir en sýningar verða í stóra leikhúsinu í Drury Lane í Covent Garden. Aðlögun fyrir svið hefur Sam Mendes unnið sem þekktur er fyrir kvikmyndir sínar en á baki glæstan feril í leikhúsi. Farið var að bóka miða á þá sviðsetningu snemma árs.

Nýir söngleikir sem komu til álitna á afhendingu Tony-verðlauna voru meðal annarra In the Heights sem vann, Adding Machine og Passing Strange.

Andrew Lloyd Webber hefur ráðið Ben Elton til að skrifa sögu fyrir framhald af Óperudraugum en Webber stóð fyrir velheppnaðri herferð til að leita að Maríu í Sound of Music fyrir tveimur árum í sjónvarpi og er þegar farið að ræða um að hann noti sama trixið aftur sem forkyfningu á framhaldi draugsins. Félagi hans, Tim Rice, tilkynnti nýlega að hann ynni að söngleik um Machiavelli.



31. maí – 31. ágúst 2008



LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR
Reykjavík Museum of Photography



Grófarhús · Tryggvagötu 15 · 101 Reykjavík · Sími 563 1790 · www.ljosmyndasafnreykjavikur.is
Ópið mánudaga til föstudaga frá 12–19 · helgar frá 13–17 · AÐGANGUR ÓKEYPIS

ÞORLÁKSMESSA Á SUMRI FRAM UNÐAN

Sú var tíð að sunnanlands var engin hátíð stærri að sumarlagi en Þorláksmessa á sumri. Þá dreif mikinn mannfjölda að Skálholti þann 20. júlí en þann dag 1198 voru bein Þorláks Þórhalls-sonar biskups upptekin og skrinlögð. Skriníð var þá tekið úr kirkjunni, borið út undir bert loft og fór prósessía vígðra manna og leikra, karla og kvenna, ungra og aldinna í langri röð umhverfis staðinn. Sumir fræðimenn sem þekkja til svipaðra siða frá fornkabólsum fullyrða að hvergi hafi þeir frekar viljað stökkva aftur í tímann en einhverja sumardaga þegar tignun heilags Þorláks stóð sem sem hæst.

Skriníð skreytta hvarf úr sögunni seint á átjándu öld, snautt af skrauti, líkast til var það sprekað í eldsneyti. Hin forna helgi Þorláks þvarr einnig. Þegar Skálholtshátíðin var tekin upp á síðustu öld þorðu kirkjunnar menn ekki að taka hátíðinni hið forna nafn: Þorláksmessa á sumri hvarf eftir nær fjögurra alda helgi.

Nú um stundir eru sumartónleikar helsta stáss staðarins í Skálholti. Í dag er önnur helgi í

tónleikahaldinu sem Helga Ingólfssdóttir hratt af stað fyrir 34 árum af miklu áræði og hugsjón. Listrænn stjórnandi hátíðarinnar nú er Sigurur Halldórsson. Á dagskránni í dag eru tónleikar með Ishum kvartettinum þar sem fluttur verður Harfen-kvartettinn eftir Beethoven auk verka frá miðöldum, endurreisn og nútíma. Hefjast þeir kl. 15. Tveimur tímum síðar er messa: Þar verður flutt messa fyrir blandaðan kór, víólu, og selló eftir staðartónskáldið Svein Lúdvík Björnsson. Það er Hljómeyki sem flytur ásamt Sigurði Halldórssyni og Ishum kvartettinum. Á dagskránni eru tvö önnur verk eftir Svein, Ego is emptiness og Og í augunum blik minninganna.

Undanfari hátíðarinnar um næstu helgi eru þrjár tónleikar: tveir þeirra eru settir saman í efnisskrá af Kolbeini Bjarnasyni flautuleikara og rekja að hluta feril hans en Kolbeinn heldur upp á fimmtugsafmæli sitt í þessum mánuði. Hann hefur um árabíl verið í fremstu sveit flautuleikara hér á landi og endurspeglar verkefnaskráin á báðum tónleikum nokkur viðfangsefni hans á síðari

árum. Hann kallar þessa tvennu Öfganna á milli, ætlað raunar að gera grein fyrir ferli sínum með fyrirlestri á laugardag kl. 14, en fyrri tónleikarnir verða á fimmtudagskvöld kl. 20. Þar verða tvö nýr verk frumflutt: Á milli fjalla frá 2008 fyrir flautu, víólu og hörpu eftir Hans-Henrik Nordström (1947) og Nýtt verk fyrir altflautu, víólu og hörpu eftir Úlfar I. Haraldsson (1966). Þá flytja Kolbeinn og félagar To a Child Dancing in the Wind við ljóð eftir W.B. Yeats fyrir sópran, flautu, víólu og hörpu eftir John Tavener hinn breska. Ásamt Kolbeini standa þau Ingibjörg Guðjónsdóttir, sópran, Elísabet Waage, harpa, og Guðmundur Kristmundsson, víóla, að flutningnum. Seinni hlutinn af öfgatvennu Kolbeins eru verk í flutningi hans og Guðrúnar Óskarsdóttur semballeikara. Þar eru á dagskrá sex verk, öll eftir unga höfunda, sum samin sérstaklega fyrir Kolbein.

„Þessir tónleikar eru hugsaðir sem ein heild,“ segir Kolbeinn. „Það er þó ekki bráðnausynlegt að mæta á þá báða! Upprunalega hugmyndin var að líta yfir farinn veg, í tilefni hálftrar aldar afmælis nú í júlí, en það er heldur lítið eftir af þeirri hugmynd í þessum efnisskrám. Ég hafði líka í hyggju að í þessum tónleikum fælist ákveðið uppgjör til dæmis við móðernismann en það varð lítið úr þeirri hugsun líka sem betur fer. Ég neyðist því til að viðurkenna að það er ekki heil brú í listrænni stjórn þessara tónleika. En til að gefa rétta mynd af tónlist vorra tíma og stöðu hennar í samfélaginu er auðvitað réttast að hafa brýrnar brotnar.“

Öfgarnar eru svo yfirþyrmandi, samhengið svo fjarlæg, tungumálin svo mörg og stundum er bara einn sem kann það, tónskáldið sjálf.

Að allri kaldhæðni slepptri er þó rétt að geta þess að þessi tón-



Skálholtsstaður á sumri.

Kolbeinn Bjarnason flautuleikari verður með tvenna tónleika í vikunni í tengslum við Skálholtshátíð sem er á sunnudag, hina fornu Þorláksmessu á sumri.



skáld, nema Tavener og Lavista, eru í nokkuð stórum hópi tónskálda sem ég hef unnið með – og þau hafa öll gefið mér mikið. Og flytjendurnir allir hafa lengi verið nánir samstarfsmenn.“

Meira verður að bíta og brenna þessa helgi í Skálholti en flautuspil Kolbeins. Á föstudagskvöldið flytur franskir kórin Chorale Eranthis frá Alsace undir stjórn Chloé Franz evrópska kórtónlist frá ýmsum tímum. Hefjast þeir kl. 20. Á laugardag hefst svo hátíð-

in: Kl.15 er Voce Thules sönghópurinn með tónleika þar sem stíkl- að er á stóru í íslenskri kirkjutónlistarsögu: Messusöngvar dýrtinga, Grallarasöngvar og Húgentottasálmur eru þar á dagskrá. Enn er haldið á vit hinnar fornu tónlistar á tónleikum kl. 18 þar sem hópurinn dembir sér í Aftansöngur á aðfangadegi Þorláksmessu.

Á sunnudeginum verður síðan hin helga hátíð með hátíðarmessu kl. 14 og hátíðarsamkomu kl. 17.

Galleri BORG
Skiptiholti 35
105 Reykjavík. sími 511 7010
petur@galleriborg.is

Galleri BORG
Skiptiholti 35
105 Reykjavík. sími 511 7010
petur@galleriborg.is

Höfum til sölu nokkur málverk eftir Kristján Davíðsson

ERUM AÐ TAKA VIÐ VERKUM Á NÆSTA MÁLVERKAUPPBOÐ
Vinsamlegast hafið samband við Pétur Þór í síma 511 7010 eða 847 1600.

LÆGRI SÖLULAUN - ÖRUGG ÞJÓNUSTA
Viku eftir síðasta uppboð höfðu allir seljendur fengið uppgert.



Niceland er ein þeirra kvikmynda sem hér hafa verið gerðar til alþjóðlegrar dreifingar með erlendu fjármagn: Martin Compson og Kerry Fox í hlutverkum sínum.

Aukið fjármagn í menningu í Þýskalandi

Menningarmálaráðherra Þýsku sambandsstjórnarinnar hefur fjögur ár í röð tekist að auka framlög til menningarmála þar í landi, nú síðast í fjárlagafrumvarpi næsta árs. Nemur aukningin á fjögurra ára tímabili 7,8 prósentum. Næsta ár verður fjármagn til menningarmála hækkað um 1,5 prósent í 1,13 billjónir evra. Hluti hækkunar er vegna sameiginlegs kvikmynda-sjóðs fylkjanna sem hafa síðan öll sína sérstöku sjóði til að styrkja kvikmyndaframleiðslu í landinu. Hefur sá sjóður lagt fé í fjölda erlendra kvikmynda sem unnar hafa verið innan landamæra Þýskalands að einhverju leyti en sjóðurinn hefur yfir 95 milljónum dala að ráða og er fyrirhugað að hann starfi tímabundið til ársloka 2012. Tillegg sjóðsins til kvikmynda sem fram-

leiddar eru af aðilum utan Þýskalands er talið hafa skapað tekjur í Þýskalandi sem nema allt að 855 milljónum dala.

Kvikmyndasjóðir landa innan Evrópubandalagsins leggja nokkra áherslu á að ná til sín verkefnum sem upprunnin eru í Bandaríkjunum og fjármögnuð af alþjóðlegum bankastofnunum. Þannig stóð danska utanríkisráðuneytið í samstarfi við viðskiptaráðuneyti og samtök atvinnulífsins fyrir gríðarstórra kynningu í Los Angeles þar sem kynnt var aðstaða til kvikmyndagerðar og eftirvinnslu í Danmörku.

Hér á landi hefur aðkoma stjórnvalda að hingaðkomu erlendra kvikmyndafrýrtækja takmarkast við niðurfellingu gjalda samkvæmt svokallaðri 12 prósentu reglu.



Alvar Aalto

DIMENSIONS ON WOOD - HUGMYNDIR Í VIÐ

14. júní kl. 16:00 - 31. ágúst Sýning í tilefni af 40 ára afmæli Norræna hússins. Alvar Aalto - Dimensions on Wood í samvinnu við Alvar Aalto Museum í Helsinki.

14. júní - 31. ágúst Sýningin 5 x 8 í tilefni af 40 ára afmæli Norræna hússins. Sýningin fjallar um árin '68, '78, '88, '98 og '08.

15. júní kl. 15:00 Ásdis Ólafsdóttir: „Frá náttúru til byggingar: Maison Louis Carré sem dæmi um notkun viðar hjá Alvari Aalto“.

1. - 30. júlí Þorp - það sem augað ekki sér. Ljósmyndir frá Færeyjum.

Leiðsögn um sýninguna og húsið kl. 12 á þriðjudögum og fimmtudögum í allt sumar. Einnig verður fjöldi áhugaverðra viðburða í sumar sem eru auglýstir á heimasíðu Norræna hússins, nordice.is.

Bókasafnið er opið alla daga vikunnar 12-17. Bistro Alvar A er opið virka daga 10-17, helgar 12-17 og þegar viðburðir eru í húsinu.

NORRÆNA HÚSIÐ - NORDENS HUS - POHJOLAN TALO - NORDIC HOUSE www.nordice.is sími: 551 7030



Sælgætisegg og viðkvæmur kristall

Act Alone - Iðnó

CHICK WITH A TRICK

Leikari, danshöfundur og tónlistarval: Desislava Mincheva
Brúður, búningar og leikmynd: Hanna Schwars
Handrit, leikstjórn: Petar Todorov

FRAGILE – SAGAN AF LÁRU

Leikarar: Linnea Happonen og Petr Lorenc
Leikstjórn og leikmynd: Darinka Giljanovic

★★★★★

Einn af þessum dögum þegar umræðan um ljótleika Reykjavíkur gleymist þar sem tjörninn skartar sínu fegursta og sólargeislar kitla elskendur og ferðamenn á bekkjum fyrir framan Iðnó eru sýndir erlendir einleikir inni á hinu gamla leiksviði. Það stóð til að sýna þá þrjá en því miður veiktist ein leikkonan þannig að sýningin um Völuspá féll niður.

Klukkan sex þyrpast foreldrar og börn inn í salinn og allt í einu birtist risastór ofurfim hæna á sviðinu. Pro Rodopi Art Center sýndi okkur leikverk byggt á ævintýrum frá Búlgaríu. Hér er fjallað um hænu sem verpir all-furðulegu og stóru eggi og hún leitar ráða hjá önd, lækni og konungi um hvað hún eigi nú að gera við þetta egg sitt. En þau eru upptekin af sínum eigin vandamálum og veita henni litla athygli. Hún geystist um á háum rauðum hælum og allar hreyfingar hennar eru svo hænu-

legar að sumir voru kannski á tíma í vafa um að þetta væri bara ekki útlensk risahæna. Hreyfingar og danstílbúðir leikkonunnar og látbragðið allt var unnið af mikilli vandvirkni og geislandi húmor. Búningurinn sem samanstóð af eins konar fjaðrakjól með hreyfanlegu stéli sem auk kamsins rauða hjálpuðu til við heildarsköpun myndarinnar fyrir utan óborganlegan fótburðinn.

Það er ekki nokkurt vafamál að þessi fima listakona hefur grand-skodað hreyfimyntur hænsna. Hún verpir eggjum sem hafa mismunandi eiginleika og þó að svoltið sé talað á búlgörsku þá var sagan engu að síður skiljanleg. Þetta var vel unnin leiksýning þar sem leikmunir breyttust í persónur og brúðuleikhúshefðir tóku yfir innan um dansatriði hennar sniðugu. Hún verpir ekki aðeins eggi heldur einnig glitrandi risademanti og í lokin verpir hún

„bon bon“ sem allir skilja eða stórri karamellu sem hún sprengir og þeytir sælgæti yfir áhorfendur. Eins og alltaf þegar eitthvað verulega gott sést á fjölonum hefði maður óskað þess að fleiri miklu fleiri áhorfendur hefðu verið í salnum og svona myndræn og vel unnin barnasýning sýnd víðar.

Næsta sýning féll niður vegna veikinda þannig að þeir sem vildu fá sér heilt leikhúskvöld settust bara niður og röbðuðu eða flettu gömlum Fálkablöðum sem liggja á borðum í kaffistofunni í Iðnó.

Fragile heitir svo sýning sem einnig var fantavel unnin sýning sem byggir á Glerdýrunum eða The Glass Menagerie eftir Tennessee Williams, sem fyrst fór á svið í Chicago árið 1944 og varð til þess að Williams sló í gegn. Sumir vilja nú meina að það sé hans eigið heimilisástand sem lýst er í verkinu. Móðirin er máské ekki alveg með tíu í uppeldisfræðum og dóttirin Lára sem er örlítið fötluð og ofurviðkvæm fer að óttast heiminn og nýtur sín aðeins í leik með glerdýrum sínum. Það að finna heppilegan kennara handa Lára verður keppikeflimóðurinnar. Hér kynnumst við einum slíkum kennara.

Í einþáttingunum Fragile er það hlutverk stúlkunnar Lára og hennar viðkvæma fas og ofurhrifning á gleri og glermunum sem er í forgrunni. Hún er haldin eins konar þráhyggju. Það er eins og hið viðkvæma og brothætta sé



Fragile

hennar líf og yndi um leið og hún er þræll sinnar eigin þráhyggju. Leikkonan Linnea Happonen frá Finnlandi vinnur hér með félögum sínum tjeckneskum að einþáttingu þar sem ungur kennari sem Petr Lorenc leikur kemur á hennar fund og sýnir algera andstöðu í allri sinni framgöngu miðað við hana.

Það má segja að ungi maðurinn hafi verið fyllinn í glerbúðinni en um leið einhvers konar opninn um heim gleðinnar og aðferð til þess að kynna venjulegu fólki. Enda er það hans hlutverk að koma henni út úr þessari heftu einveru. Stúlkun sat við grammofón sem breyttist jafnharðan í ýmsar skífur líkt og hjá keramiklistamönnum og þar framleiddi hún rauðgraut sem um listaverk væri að ræða og á meðan hljómuðu íðilfagrir tónar og ljósin léku ekki

síður stórt hlutverk í þættinum. Hann stóð fyrir sprellinu og hún var eins og fulltrúi hræðslunnar og afturhaldsins. Bæði hvað klæðaburð og hreyfingar snerti og ekki síst í hinum frábæra dansi sem brestur á með þeirra á milli þar sem hann tjuftar og tjuftar meðan hún skakkklappast eins og hún sé bæði níræð, fötluð og dauðhrædd við þessa ofurspillingu.

Það voru frelsandi hlátursgusur sem liðuðust um salinn. Hér voru vandvirkir og flottir ungir listamenn á ferð með ákaflega viðkvæmt efni en engu að síður svo sammanleggt. Vinnan með ljósin og hvernig mynstur glerdýranna af skífum birtust á titrandi tauvegg fyrir aftan stúlkuna sem sat mest eins og lítill gömul hrædd kona í sínum móbrúna kjól, var heillandi. Á heildina litið var sýningin einmitt heillandi og veitti örugglega mörgum innblástur ekki síður þeim sem eru að fást við myndlist. Hér fengu munirnir líf eins og gamall slitinn lampi á gólfi sem allt í einu losnar frá perunni og peran fer að dansa og stækkar hið þrönga herbergi Lára sem annars einskorbást við stól borð og grammofón.

Glerdýr Tennessee Williams hafa veitt mörgum innblástur til endursköpunar. Þessi glerdýr sem hér hafa ferðast fyrst vestur á firði og síðan birst hér í Iðnó voru einstaklega brothætt og eigandinn vandvirk og heillandi leikkona.

Elísabet Brekkan

VÉR KVENNA SKAP TUKIÐ ÞEF ÉU ÞÉR HVOLDA TVO EÐA HVAÐ SKÁL VIÐ GERAT

ADKIST ÞACA ÞEILUR VANDREYNI KERLINGE NFIOT SÓ ÞEILL ÞANNO SKAÐROVA STUÐU VERÐUR ÞRÓÐU ÞRÓGRI FEGIN LÁTUR GADOMINI GEISA KOLÐ ERU KVENNA KÁD

VELKOMIN Í SÖGUSETRIÐ!

VIÐ TÖKUM VEL Á MÓTI GESTUM!

Á Njáluslóð: Ný og mikið endurbætt sýning um víkingaöld og Njáls sögu, nú með hljóðleidsögn á þremur tungumálum.

Gallerí Ormur: 1.-22. júlí Hófadynur samsýning teikningar Katrínar Óskarsdóttur og ljósmyndir Jóns Eiríkssonar

Kaupfélagssafnið: Skemmtilegt safn um sögu verslunar á Suðurlandi, m.a. kaupfélögin á Selfossi, Hellu, Rauðalæk og Hvolsvelli.

SÖGUSETRIÐ HVOLSVELLI

opið alla daga 9-19
Hlíðarvegi 16 • 860 Hvolsvöllur • www.njala.is
njala@njala.is • Sími: 487-8781

VÉR KVENNA SKAP TUKIÐ ÞEF ÉU ÞÉR HVOLDA TVO EÐA HVAÐ SKÁL VIÐ GERAT

Uns frystir á ný

BORGARLÍNUR

Ari Trausti Guðmundsson

★★★

Höfundur mælir sjálfur í fyrstu persónu eintölu gegnum ljóðmælanda sinn, aðsópmikill og sínálægur með auðsætt erindi. Útvalinn en mismunansamur lærifaðir sem réttir þurfandi hjálparhönd, borg úr borg um byggðir allar. Sjálfur til eftirbreytni í orði og verki, boðar og ástundar veglyndi, áberandi öruggur með sig og óskar þess að aðrir hljóði og breyti rétt sömuleiðis.

Um einstök ljóð – sem flest hver fjalla um höfundinn og sýn hans á félagslegan vanda heimsþorsins og bera öll yfirtítil tiltekinn borga – er óþarft að fjölyrða. Ljóðin gera síðferðilegar og pólitískar kröfur til lesanda fremur en skáldlegar; auðlesinn texti, laus við ráðgátur og heilabrot, tungumálið hversdagslega eðlilegt og boðskapurinn fallegur – eins og leiðari í málagnifylkingarinnar gegn óréttlæti heimsins.

Ekki að það sé endilega „umtalsins vert“ – skáld eru flest sömu skoðunar, það sem greinir þau að er inntak ljóðanna fremur en innræti, hvernig þau koma orðum að köllun sinni og hvorum þau treysta betur til að bæta heiminn, ljóðaljóðum eða predikara. En hvor sem niðurstaðan er geta ljóð þó aldrei verið „í samhengi við lífið“ (33) nema þau standist því snúning á eigin forsendu, standist samanburð við veruleikann í eigin ljóðrænni tign, þá fyrst bæta þau heiminn, það er mín skoðun.

Höfundur Borgarlína boðar eyðingu Íslandsbyggðar og heimsendi sem raunvísindalega staðreynd; geimurinn er ekki endalaus í tíma (42) og ísaldarjökullinn á eftir að sverfa landann út í stirðnað hafsauga á ný (68). Með það í huga æskir skáldskapur bókarinnar sér ekki langlífis, á tímabundið erindi, ætlar sér ekki að lifa af í heimi sem sjálfur er andvana fæddur. Ljóðin

eru þá eins og stríðsmenn sem berjast fyrir göfugum málstað en eru dæmdir til að falla að lokum, með sæmd.

En um leið og fullvissu raunvísinda er teft fram með þessum hætti er sigldri alvisku skáldskaparins hafnað – því hafnað að skáldskapurinn sjálfur sé vitnisburður og eldsneyti ódauðleika. Það dregið í efa að skáldskapur sé „hálf eilíft“ eða „töfraafli“ sem nægi ekki „venjuleg ræða“ (65). Og hin æruverðuga þraut tengsla efnis og forms „leyst“ með því að skilja formið frá svo eftir stendur efnið eitt í veraldlegri ræðu, án „forskriftar“ skáldskaparins. Inn á þetta kemur höfundur meðal annars í athyglisverðu ljóði á bls. 32.

Það var sjálfur Aristóteles sem ýtti úr vör þeirri hugmynd fyrir óralöngu að góður skáldskapur sé „forskrift“ að skáldskap (og skáldskaparfræði vitaskuld) og hann er jafnframt þeirrar trúar að þegar skilgreint er á þeirri forsendu „hvernig semja skuli skáldskap“ og þegar kynntar eru leiðbeinandi „forskriftir að tengslum forms og innihalds“ sé það til vitnis um líf í þeim skáldskap sem dæmin eru dregin af. Ef hann með orðum sínum getur tjáð fleira en auðsæja hugsun skáldsins trúir hann því að skáldskapurinn eigi sér von um eilíft líf. Því kalli hafa skáldskaparfræðin oftast en ekki fylgt, þótt bók-arkhöfundi sé það ógeðfellt, og „póst-strúktúralísk“ ljóðarýni liðinna áratuga gengur síðan skrefinu lengra og miðar m.a. að því að „gefa ljóðum líf“ með því að afhjúpa ósjálfsagða leyndardóma djúpsálarinnar, arf kynslóðanna, lesa í hálfhulinn frumtákn (erkitýpur); opinbera dulvitað andríki skáldanna. Látum slíkt kyrrt liggja hér af augljósum ástæðum.

Að gefnu tilefni er rétt að taka fram að helsti orlagavaldur þeirrar ljóðarýni var Roland Barthes sem með tímamótagein sinni „Dauði höfundarins“ („Lífi lesandinn!“) í París vorið 1968 frelsaði lesandann undan langvarandi ægi-



Ari Trausti Guðmundsson

valdi (gaddhörku) höfundarins og færði honum á ný skáldskap með eigin frjómagni. Undirstrikaði að í skáldskap birtist gjarnan „skáld“ sem er einstaklingnum (höfundurinn) ekki lengur háður þegar skáldskapurinn mætir lesandanum, þar sem venli táknmyndar og táknmiðs eru öll á valdi lesandans. Pro captu lectoris habent sua fata libelli. Hafði þessi upprifjun á æva-gömlum sannindum þegar gríðarleg áhrif og hafa síðustu fjórutíu ár reynst skáldskap og skáldskaparfræði einstaklega frjótt tímabil.

En ljóðagerð og ljóðarýni af þessu tagi byggja vissulega á þeirri von og þeirri trú að krufning á fagurfræðilegri upplifun sé lykill að eðli raunveruleikans (fremur en raunvísindi) og að lífsbjörgin (það að komast af) felist í listinni en ekki öfugt. Sem styður þá hyggju að ljóðræna (lýrfrk) sé fullgild lífs-speki. Og öll tekur slík ljóðarýni vitaskuld mið af ljóðum sem svo eru örlát að þau leyfa lesanda sínum að standa á gati sem hann einn getur stoppað í.

Slíku er þó ekki alltaf til að dreifa og aldrei ef höfundur krefur skáld sitt og mælenda um skilyrðislausu hlýðni við hævist höfundarins og einstaklingsbundið boðorð. Þá er hlutverk lesandans það eitt að hlýða líka, skilja rétt og breyta rétt – meðan þíðan endist. En þetta er þekkilg ljóðabók.

Sigurður Hróarsson

BT



ÍSLENSKIR DVD DAGAR Í BT



1.799,-



1.799,-



1.799,-

MEISTARAVERK FRÍÐRIKS ÞÓRS

NÚ LOKSINS FÁANLEG Á DVD.

ROKK Í REYKJAVÍK, BÍÓDAGAR, SKYTTURNAR

EINNIG FÁANLEGAR:

DJÖFLAeyjan, BÖRN NÁTTÚRUNNAR, ENGLAR ALHEIMSINS OG Á KÖLDUM KLAKA



1.499,-



1.499,-



1.499,-



1.499,-

SKYLDUEIGN Á ÖLLUM HEIMILUM

Nóvember 2007

menning

[SÉRBLAD FRÉTTABLAÐSINS UM MENNINGU OG LISTIR]

... AÐ TJALDABAKI

Forseti Íslands,

Herra Ólafur Ragnar Grímsson, verður fyrirferðarmikill í haustflóðinu á bókamarkaði: talið er víst að ævisaga hans eftir Guðjón Friðriksson komi út á vegum Forlagsins. Ekki fer sögum af því hvort ævisagan verður í ritröðinni Forsetar Íslands sem Jóhann Páll Valdimarsson stofnaði til fyrir rúmum áratug eða bókin verði aðskilin röðinni sem eru svik við þá kaupendur sem söfnuðu þeim skemmtilegu bókum í hillur sínar.



Þá mun herra Ólafur einnig leika stóra rollu í uppgjörsbók sem sögð er í vændum um Hafskipsmálið. Hafa þeir Hafskipsmenn lagt efni til hennar ótæpilega og er bókin sögð tilraun til að styrkja þá kröfu að málin verði tekin upp. Hún mun einnig væntanleg á hinu stóra Forlagi en starfsmenn þar á bæ verjast allra spurna um efni bókarinnar og fyrirhugaðan útgáfudag.



Íslenska óperan frumsýnir þrjú verk í haust og er nú að koma í ljós stefna Stefáns Baldurssonar óperustjóra. Þann 19. september verða á fjölnum Il Pagliacci og Cavalleria Rusticana. Ekki hafa fengist upplýsingar um hverjir syngja þar hin stóru og krefjandi hlutverk, en óperurnar eru gjarna sýndar saman, enda báðar stuttar. Eftir sýningar á óperunum er stutt í sviðsetningu Sigurðar Sigurjónssonar á rokksöngleik Ólafs Hauks Símonarsonar um Janis Joplin.



Nýtt í bíó

BYGGT Á EINUM VINSÆLASTA SÖNGLEIK ALLRA TÍMA

MERYL STREEP PIERCE BROSNAN

COLIN FIRTH STELLAN SKARSGÁRD JULIE WALTERS DOMINIC COOPER AMANDA SEYFRIED CHRISTINE BARANSKI

MAMMA MIA!

— THE MOVIE —

Landsbankinn

LAUGARÁR BÍÓ SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ ALFARAKKI SAMBÍÓN KEFLAVÍK BORGAR BÍÓ

ALFARAKKI KEFLAVÍK SELFÖSS



Nýr Matseðill

Salöt - Pasta - Risotto - Núðluréttir
Sjávarréttir - Kjötréttir - Kökur

2 hæð Kaffi Sólón

Einkasamkvæmi - Veislur - Party
Fundir - Tónleikar - Boltinn í beinni



Club Sólón

Miðvikudaga: Dj Andrés & 110
Fimmtudaga: Einar Ágúst/Ingó Idol
Föstudaga: Brynjar Már/Atli
Laugardaga: Brynjar Már/Rikki G/Anna/Atli

www.solon.is

SÓLÓN
kaffi & bistro

Veidimennskan algert aukaatriði

Hvernig kaupin gerast á eyrinni í laxveiðinni er ágætt stækkunargler á viðskiptalífíð og þjóðfélagið allt ef því er að skipta. Ingvi Hrafn talar um gegndarlaust óhóf. Nú hefur verið kreppa og Ingvi telur ljóst að hlutabréfamarkaðurinn muni fara uppá við og þessi lánsfjárkrísa leysist. En fyrirtækin munu aldrei láta standa sig að þessu óhöfi aftur að mati Ingva Hrafns. „Ók. Menn áttu í raun þessa peninga og í öllum fyrirtækjum starfar fólk sem er svona „event-planers“. Sjá um skemmtanir og viðburði. Eins og gerist í stórum fyrirtækjum úti í heimi. Margir hæfir en aðrir kunnu þetta ekki. Í öllu þessu óhöfi og rugli, þá var laxveiðin sjálf aukaatriði. Klukkan sex var öllum skipað að hætta að veiða og skipað í lautu til að borða kaviar og drekka kampavín. Og svo kom Jónsi á kvöldin eftir dinner. Bara eins og þú sért á árshátíð. Svona var þetta orðið í fyrra. Þá náði þetta hámarki. En 13. júlí í fyrra gerðist eitthvað í heiminum. Fjármálasérfræðingar eru búnir að dagsetja þetta. Þá lauk brunaútsölu á lánsfjármagni og þar með byrjaði krísan. En það sáu menn ekki fyrr en síðasta haust. Hringt var í mig alveg fram í september í fyrra. Ingvi, verið skiptir ekki máli. Ég verð að fá daga hjá þér. Já, en þeir eru allir farnir. Skiptir engu máli. Ég skal bara „dobbla“ prísinn. Þetta var svakalegt. Og veiðiskapurinn algert aukaatriði. Parna var verið að bjóða fólk sem aldrei hafði séð veiðistöng. Og skildi ekkert í þessu,“ segir Ingvi Hrafn. Og er að komast á flug. Er reyndar löngu kominn á flug. Boðsgestirnir í laxveiðina er fólk sem átti tugi milljarða í inni-stæðu í bönkum og þessu fólk varð að strjúka með öllum ráðum til að halda þeim í viðskiptum.

Boð í lax getur skípt sköpum

Að bjóða mikilvægum viðskiptavinum í laxveiðar kemur ekki til af engu. Laxveiðar hafa áratugum saman verið notaðar til að ná fólk saman. Og áður var þetta að virka eins og best verður á kosið. „Þó þú eyðir kannski 2 til 3 milljónum í að kaupa stangir í nokkra daga í veiðihúsi þá getur það margborgað sig. „Dilarnir“ sem eru gerðir geta verið þannig. Það sagði við mig bankastjóri sem var hér fyrir einhverjum tuttugu árum síðan. Hann sá um að kaupa inn peninga fyrir bankann, sem var ríkisbanki í útöndum, að hann hefði aldrei trúað því en þeir buðu sem sagt bankastjórum í þriggja daga veiði. Fram að þeim tíma höfðu öllu samskipti verið bréflæg: Dear Mr. John... En þetta breyttist við íslenska laxveiðiá þar sem menn voru í sínu besta Essi. Menn byrjuðu að búast og svo þegar byrjað var að semja um lán fyrir íslenska ríkið var ekki sest niður í fundaherbergjum heldur sagt: „John, I can do this for you now.“ Hann sagði við mig að viðskiptin sem fóru fram í kjölfarið hafi sparað ríkinu, ég held hann hafi verið að tala um 400 milljónir, þannig að fjárfestingin var frábær. En svo fór þetta eins og alltaf verður – út í tóma vitleysu.“

„Ég bara hitt hana á balli! Í Klúbbnum í gamla daga. Og komst ekkert að því fyrr en við vorum farin að vera saman að faðir hennar átti jörð og bústað við laxveiðiá.“

Gestgjafi af guðs náð

„Þú ert bara vert,“ segir Ingvi Hrafn aðspurður um í hverjum starfið við Langá felist. „Við hjónin erum með 24 gesti í veiðihúsinu. Erum gestgjafar. En erum ekki bara að sjá um að vel fari um fólk heldur þarf að hugsa um ána. Lífríkið og þessa auðlind sem þarf að nostra við. Fylgjast með að hún uppfylli þær kröfur sem gerðar eru. Á hverjum vetri verða gríðarlegar hamfarir, kastast til steinar, hyljir breikka... þetta þarf að endurbyggja þegar náttúran skemmir. Og að auðlindin sé eins aðgengileg og unnt er. Þegar dagurinn er seldur á 120 þúsund á dag er eins gott að þetta sé í lagi. Í mörgum ám hafa bændur látið það gerast að miklar hamfarir hafa eyðilaggt flotta



GESTGJAFI AF GUÐS NÁÐ Í sumar er von á hópum breskra auðkíringa sem hafa komið til Ingva í þrjátíu ár, nú að nálgast áttætt, og þá er setið yfir þúrtvíni og lífsgátan leyst.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

veiðistaði sem tekur kannski, með þeirri tækni sem er til í dag, klukkutíma að bjarga. Maður verður umhverfisfræðingur í leiðinni. Fólk er misjafnlega huggulegt. Sumir henda bjórdósum, girni eða bréfum frá sér og hugsa ekki um það. Ég þarf að fara hér um og fylgjast með að þetta hafi þau áhrif að þegar þið komið í fyrsta skipti: Vá! Fegurðin í kringum þetta.“

Það fer Ingva Hrafn vel að vera í hlutverki gestgjafans. Samræðusnillingur. Kjaftar á honum hver tuska. „Föðurafi minn og amma voru hótelhaldarar á Norðurlandi. Ég veit ekki hvort það er eitthvað. Jahhh, við höfum í það minnsta óskaplega gaman að taka á móti fólk. Og kveðja glatt fólk sem á ekki orð yfir öllu því sem það hefur upplifað. Það eru að koma til mín í sumar tveir breskir hópar, vinir mínir, sem hófu að veiða hjá mér fimm tugi en er nú að nálgast áttætt. Og er enn að koma. Árlega. Ég er í tölvusamskiptum við þau allt árið um kring. Eins og þetta sé hluti af fjölskyldunni. Þetta eru breskir auðkíringar, bankastjórar, læknar, lögfræðingar... hafa unnið mikið og borið vel úr bítum. Og leyfa sér þetta. Toppurinn á þeirra tilveru.“

Og þá er væntanlega setið lengi uppi inn í bjarta samaróttina? „Já, já, eða... það er veitt til tíu á kvöldin. Dinner klukkan ellefu. Menn sitja og spjalla yfir dinner, þúrtvíni og konfakti. Þetta er fólk að verða áttatíu þannig að menn sitja nú ekki eins lengi og um fimm tugi. En, já, og lífsgátan leyst.“

Frægðarfólkið og auðkíringarnir

Vertar í veiðihúsum þykjast bundir trúnaði, rétt eins og sálfræðingar og leigubílstjórar. Að tala ekki um gesti sína og þau hjónin hafa haft það prinsipp. En fyrst Ingvi Hrafn er að hætta hlýtur blaðamaður að spyrja hann út í fræga fólkíð sem hefur komið í veiðihús hans. „Já, jahhh, frægastur sjálfsgaht myndi teljast Kevin Costner. Úr leikarastétt. Hann kom hér til að gera sjón-

”

Menn horfðu uppá það þegar kjólklæddir þjónar með hvít viskustykki birtust í veiðihúsunum og á árbakka til að servera. Á miðnætti kom Jónsi í Svörtum fötum, Bubbi eða Eyvi, til að skemmta.

varpsþátt. „Fly fishing the world“ hét það. Kom hér út, stoppaði í sólarhring. Kom út úr bílnum bókstaflega eins og hann væri að koma af hvíta tjaldinu, leikur greinilega ekkert, bara er. Alveg einstaklega elskulegur, bráðmyndarlegur og sérstaklega skemmtilegur. Þokkalegur veiðimaður. Hafði þó greinilega ekki stundað þetta lengi. En þetta fræga fólk innan gæsalappa. Ég veit það ekki. Þetta er kannski meira auðugt fólk. Hér veiddi í mörg ár Roger Smith sem var forstjóri General Motors. Nöfn sem í raun ekki hringja bjöllum hjá almenningi. Hann kom hér oft, ítalski auðmaðurinn, hvað heitir hann? Anelli Fiatkóngurinn. Pepsi-Cola kóngurinn var með Laxá í Dölum í lengri tíma.“

Ingva virðist það nokkur raun að þurfa að rifja upp frægðarfólkið sem á fjórur hans hefur rekið. Hann hefur meiri áhyggjur af því að synir og dætur þeirra gömlu sem hingað hafa komið hafa ekki fylgt í fótspor feðra sinna. Ekki er búið að ala upp nýjar kynslóðir gesta. „Í Laxá í Aðaldal kom alltaf einn auðkíringur svo harður að það var búið að leggja hjólastólaveg niður að einum veiðistaðnum – Grástraum. Hann lét sig ekki muna um að borga fyrir það. Þægilegur veiðistaður og þurfti ekki löng köst. Svo eltust þessir menn og dóu og enginn kom í staðinn. Þetta er eitt það sem íslenskir laxabændur þurfa að horfast í augu við. Það þarf að ala upp nýja kynslóð veiðimanna.“

Erfið ár í vændum

Eftir allt óhöfið sér Ingvi Hrafn fyrir sér að næstu tvö til þrjú ár geti reynst laxaspekúlöntum erfið. Þeir þurfa að skapa nýjan hóp viðskiptavina. „Íslensk fyrirtæki munu stórdraga úr kaupum á veiðileyfum. Og ég fullyrði að enginn venjulegur Íslendingur lætur það eftir sér að borga 200 þúsund fyrir veiðileyfi.“

Ingvi Hrafn segir það yndislega tilfinningu að vera að hætta. Ekki síst því góðir menn, hjá Lax ehf., eru nú að taka við Langá en þeir eru umfangsmiklir í sölu veiðileyfa



FRÁBÆR AÐSTAÐA Ingvi Hrafn segir að Langárbaendum hafi lánast að byggja upp heimsklassa aðstöðu. Það hafi kostað blóð, svita og tár en nú njóta þeir sem á eftir koma þess.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

og eru meðal annars með Laxá í Kjós, Grímsá, Vesturdalsá og fleiri veiðisvæði á sínum snærum. En það er erfitt að láta þetta ganga upp þegar leiga á veiðiréttinum er orðin svona há. „Árni Baldursson, sem er líklega stærstur á þessu sviði, hann varð að láta Miðfjarðará frá sér. Ef samningurinn hefði haldist óbreyttur hefði hann þurft að borga 73 milljónir fyrir ána. Því fór hún í útboð og hæsta tilboð var 60 milljónir. Það er engin leið að láta þetta ganga upp. En þetta eru öflugir aðilar sem hér eru að taka við. Með mikil tengsl inn í viðskiptaheiminn og söluskrifstofu í London, góðan mann sem vinnur fyrir þá, ég hef fulla trú á að þeir geti þetta en hann getur orðið þungur róðurinn næstu tvö til þrjú ár. Þetta eru orðnar svo háar upphæðir að það er ekki fyrir einhvinn einn einstakling að standa í þessu. Langá mun hækka, fara langleiðina í 70 milljónir á næsta ári. Meðalverð á dag þarf að vera 60 til 65 þúsund krónur. Það er ekki eitthvað sem ég treysti mér til að tryggja. Þetta er fyrir unga menn.“

Þannig að þú ert að selja hlutabréfin þin á réttum tíma?

„Já, það má orða það svo.“

Borgbyggðungurinn Ingvi Hrafn

Þau þrjátíu ár sem að baki eru hafa verið skemmtileg og gefið Ingva Hrafn mikið. En hann dregur ekki dul á að þetta hafi á stundum verið

erfitt. „Þetta var ekki auðvelt þegar við byrjuðum. Áin var ekki þekkt. Heilu vikurnar sem seldust ekki. Langá? Svo fór þetta að spyrjast út: 26 km veiðisvæði, 93 veiðistaðir merktir og glæsilegt hús... en það tók á að búa þetta til. Og eftir sumarið '79, fimbulvetur hafði verið fram á mitt sumar, brast einhver hlekkur í lífkeðjunni. Bitmý hvarf um allt Ísland og laxveiði hrundi í kjölfarið. Árið 1978 gaf Langá 2400 laxa en árið 1981 var það komið niður í 600. Rosalega erfitt var að sannfæra menn um að koma enda stóðu menn og börðu berar klappir í heila viku. Þetta ástand varði fram yfir 1990 en þá kom bitmýið aftur.“

Ingvi Hrafn segir það góða tilfinningu að þurfa ekki að hafa áhyggjur af þessu lengur. Honum var boðið að vera áfram en sagði takk, þetta er orðið fnt. „Ég treysti mér ekki til að taka á mig ábyrgðarskuldbindingar upp á þessar upphæðir. En við erum svo sem ekkert á förum. Ég lít á mig sem Borgbyggðungurinn. En við eigum hér stóran vana og kunningjahóp. Og verðum hér áfram í sveitinni en áhyggjulaus. Fylgjast með fuglalífínu, spila golf og svo er ég náttúrulega að reka INN,“ segir Ingvi og söðlar um. En þær miklu messur sem blaðamaður fékk að heyra um fjölmöðlabransann yfir kaffibolla við Langá verða að bída birtingar og betri tíma.

HARRISON FORD LEIKARI
ER 66 ÁRA

„Ég er ekki fyrsti maðurinn sem vill gera breytingar um sextugsaldurinn og verð ekki sá síðasti. Aðrir menn gera það bara í friði.“

Samband Harrisons Ford við leikkonuna Calistu Flockhart hefur fengið talsverða fjölmiðlaumfjöllun en hún er tuttugu og tveimur árum yngri en hann.



PETTA GERÐIST: 13. JÚLÍ 1985

Rokkað gegn hungri í Eþíópíu

Tónlistarmaðurinn Bob Geldof stóð árið 1985 fyrir tónleikunum Live Aid ásamt Midge Ure til að safna fé gegn hungursneyð í Eþíópíu. Hugmyndin að tónleikunum spratt upp úr öðru verkefni Geldofs og Ure en árið 1984 gáfu þeir út lagið „Do They Know it's Christmas“ sem safn breskra og írskra söngv-ara flutti, til styrktar góðgerðamálum. Hugmyndin vatt upp á sig og árið eftir fóru tónleikarnir fram á Wembley leikvanginum í London og á JFK leikvanginum í Filadelfíu. Ríflega 180.000 manns sóttu tónleikana sem var sjónvarpað beint um allan heim. Áætlað er að sjónvarpsáhorfendur



hafi verið um einn og hálfur milljarður. Upphæðin sem safnaðist fór fram úr björtustu vonum en alls söfnuðust um 150 milljónir punda sem myndu gera um tuttugu og tvo og hálfan milljarð íslenskra króna í dag. Stærsta framlagið átti völdug fjölskylda í Dubai en þau gáfu eina milljón punda. Einnig gaf Írski ríkið háa upphæð þrátt fyrir að eiga í efnahagskreppu á þessum tíma.

Margir þekktustu tónlistarmenn heims á þessum tíma komu fram og má þar nefna hljómsveitir á borð við U2 og Queen. Bob Geldof hlaut riddaratign fyrir framtíðið.

MERKISATBURÐIR

- 1568 Aðferðin við að koma bjór á flöskur fullkomnuð.
- 1864 Fjórntán manns farast á skipi í lendingu við Pétursey í Mýrdal.
- 1938 Kroller-Muller-safnið opnar í Hollandi.
- 1942 5.000 pólskir og úkraínskir gyðingar teknir af lífi af nasistum.
- 1959 Eyjólfur Jónsson syndir frá Vestmannaeyjum til lands á fimm og hálfri klukkustund.
- 1970 Bygging neðanjarðarlestarkerfis í Amsterdam hefst.
- 1984 Stangarstökkvarinn Sergei Bubka setur nýtt heimsmet og stekkur 5,89 metra.

tímamót

tímamot@frettabladid.is



Okkar ástkæri faðir, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

Indriði Indriðason

ættfræðingur og rithöfundur frá Fjalli,

sem lést föstudaginn 4. júlí, verður jarðsunninn frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 17. júlí kl. 11.00. Minningarathöfn verður í Húsavíkarkirkju mánudaginn 14. júlí kl. 14.00.

Indriði Indriðason

Ljótunn Indriðadóttir

Sólveig Indriðadóttir

Björn Sverrisson

barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og systir

Kristjana V.

Guðmundsdóttir

Skúlagötu 40, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi 27. júní sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug.

Kristjana Kjartansdóttir

Kári Jónsson

Bjarni Bragi Kjartansson

Berglind Guðmundsdóttir

Kjartan Kárason

Aron Kárason

Anton Kári Kárason

Júlia Hrefna Bjarnadóttir

Guðmundur Atlas Kjartansson

Ragnheiður Guðmundsdóttir.



Hjartans þakkir fyrir alla þá vinsemið og samúð sem okkur hefur verið sýnd vegna fráfalls elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdafaður, afi og langafi,

Markúsar B. Kristinssonar

véltjóra, Hjallabraut 33, Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Sólvangs í Hafnarfirði og til starfsfólks lungnadeildar A-6 á Landspítala Fossvogi fyrir alúðlega umönnun og elskulegt viðmót.

Soffía Sigurðardóttir

Helga Markúsdóttir

Fjóla Markúsdóttir

Hulda Markúsdóttir

Svala Markúsdóttir

Lilja Markúsdóttir

Árdís Markúsdóttir

Sædis Markúsdóttir

Páll Eyvindsson

Leifur Jónsson

Lárus Bjarnarson

Rafn Heiðar Ingólfsson

barnabörn og barnabarnabörn.

LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR

Mikið úrval
Yfir 40 ára reynsla
Sendum myndalista



MOSAÍK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 - www.mosaik.is



MIKIL SAGA TENGIST STAÐNUM Séra Óskar Ingi Óskarsson mun messa á Krosshólaborg í dag en þar það landnámskonan Auður djúpúðga bænir sínar. Á Krosshólaborg stendur veglegur kross til minningar um Auði og í dag verður afhjúpað söguskilti á staðnum.

MYND/BJÖRN A. EINARSSON

MESSAÐ VIÐ KROSSHÓLABORG Í ANNÆÐ SINN Í 43 ÁR:

Tengir okkur við trú forfeðranna

Messað verður utandyra í dag klukkan 14 á Krosshólaborg í Dalaprestakalli. Á Krosshólaborg var Landnámskonunni Auði djúpúðgu reistur minnisvarði árið 1965, steinkross sem kvenfélögin í Dölum gáfu. Við það tækifæri var messað á borginni. Í dag á að afhjúpa söguskilti á staðnum þar sem verður að finna fróðleik um Auði og helstu örnefni í nágrenninu. Ákveðið var að efna til útímessu aftur í tilefni þess.

„Steinkrossinn var afhjúpaður þann 8. ágúst fyrir 43 árum af prestfrúnni Janet Ingibergsson og séra Sigurbjörn biskup predikaði,“ útskýrir séra Óskar Ingi Óskarsson prestur í Dalaprestakalli. „Messuna sóttu um sex hundruð manns og þetta var eftirminnilegur dagur. Síðan hefur ekki verið guðspjónusta á staðnum og okkur fannst kominn tími til. Kirkju-

kórinn mun syngja og líklegast verður organistinn með nikkuna og svo verður kaffið drukkið úti á eftir, ef veður leyfir.“

Landnámskonan Auður djúpúðga nam land í Dalasýslu og reisti sér bæinn Hvamm. Hún var kristin og segir sagan að hún hafi sjálf reist kross á Krosshólaborg og farið þangað til að biðja.

„Hér voru engar kirkjur og Auður hafði ekkert til að iðka sína trú þegar hún kom hingað til lands. Hún gerði það sem hún gat og hafði mikið fyrir því og það er ágætis áminning fyrir okkur sem tökum hlutunum alltof oft sem gefnum.“

Í gær fór fram í Búðardal bæjarháttíðin „Heim í Búðardal“. Þó að messan hafi ekki verið hluti af hátíðardagsskránni þótti tilvalið að tvinna þetta saman því fjöldi manns sótti bæinn

heim. Óskar á því von á fjölmenni við messuna í dag.

„Það verður nú erfitt að toppa sex hundruð manns en við búumst við að það verði vel mætt. Þetta er líka staður sem nær til fólks, hann er við veginn og margir stoppa til að skoða krossinn og njóta útsýnisins sem er stórkostlegt.“

Óskar hefur þjónað í Dalaprestakalli í 13 ár og líkar vel. Hann segir það ekki síst vera vegna þess hve mikil saga tengist staðnum og hve náttúran sé mikil í Dölunum.

„Hérna er vagga landafundanna og sagnarithöfundarnir margir meira og minna hédan. Hér gerðust margar af fornsögnum og hér er mikið af fallegum stöðum. Ástæðan fyrir því að messa á Krosshólaborg er ekki síst sú að nauðsynlegt er að gæða svona staði lífi og styrkja tengslin við söguna.“

heida@frettabladid.is



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Hönnu Andreu

Þórðardóttur

Sérstakar þakkir færur við starfsfólki hjúkrunarheimilisins Sóltúns fyrir einstaka umönnun; alúð, hlýju og virðing.

Þórður G. Sigurjónsson

Berglind Oddgeirsdóttir

Rut Rebekka Sigurjónsdóttir

Hanna G. Sigurðardóttir

ömmubörn og langömmubörn.

Guðlaugur Reynir Jóhannsson

Hörður Kristinsson



Útför okkar ástkæru,

Katrínar Elsu Jónsdóttur

Espigerði 8, Reykjavík,

sem andaðist að heimili sínu 4. júlí síðastliðinn, fer fram frá Fossvogskirkju mánudaginn 14. júlí kl. 15. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Umhyggju – félag langveikra barna.

Bjarni Ragnarsson

Melissa Katrín, Gísli Ragnar og Sverrir Tómas

Alma Eydís Ragnarsdóttir

Brynja Björk Baldursdóttir

Anna María Sverrisdóttir

Guðfinna Inga Sverrisdóttir


Sigurður Sverrir Sigurðsson.

Kristbjörg Gísladóttir



Indriðastaðir 43 - Skorradal 22,0 millj.

47 fm sumarhús á 2.900 fm eignarlóð, byggt 1985. Rafmagn, hitaveita og heitur pottur. Húsið skiptist í stofu, eldhús, w.c. gang og 2 svefnherbergi. Ásamt 50% hlut í flotbyggju, hlutdeild í bátaskýli, seglbátur Laser 430 og spittbátur Bayliner m/120 hestafla Mercury mótör, fullt af fylgihlutum, s.s. blautbúningar, vatnaskíði o. fl. **Allt innbú fylgir.** **Allar nánari upplýsingar á skrifstofu**



Indriðastaðir 44 - Eignarlóð 4,2 millj.

Indriðastaðir 44. Eignarlóð úr landi Indriðastaða Skorradal. Stærð lóðarinnar er 2.900 fm. Búið er að gera bílastæði á lóð og planta trjá. Verð kr. 4.200.000.

Allar nánari upplýsingar á skrifstofu



Hafnarskógur - 4 Glæsileg sumarhús 24,9 millj.*

Fjógur stórglæsileg 80 fm sumarhús í landi Hafnar II, Hvalfjarðarsveit. Húsunum er skilað fullbúnum með hita, vatns og rafmagnslögn, panelklæðningu, innihurðum og gegnheilu parketi. Eldhúsinnrétting er komin. Baðherb. eru fullbúin með sturtu. Húsin eru viðhaldsfrí að utan. Umhverfis allt húsið er sólpallur. Lagt er fyrir hitapotti í pallinum. **Einstakt útsýni.** ***Verð 24,9 pr. sumarhús / TILBOÐ**



Refsholt 18 - Lóð úr landi Hálsa 1,6 millj.*


Refsholt 18, Skorradal. Lóð úr landi Hálsa. Stærð lóðarinnar er 4.210 fm. Búið að grafa fyrir húsi og samþykktar arkitektateikningar liggja fyrir. Búið að greiða hitaveitu. Leigusamningur lóðar til 30 ára. ***Verð á lóð kr. 1.600.000 - Verð á teikningar kr. 1.000.000.** Hitaveituheimtaug kr. 350.000.



Refsholt 9 - Sumarhús í Skorradal 23,0 millj.

Fallegt sumarhús í landi Hálsa í Skorradal. Húsið er 74,5 fm að grunnfleti með 13,7 fm svefnlofti. Húsið skilast fullbúið að utan með stórum palli. Að innan skilast húsið með hvíttaðri panelklæðningu, parketlagt og úppsettum innihurðum. Flísar á baðherbergisgólfi, geymslu og forstofu, stigi m/ handriði upp á svefnloft. Húsið stendur 3.526 fm leigulóð.

Allar nánari upplýsingar á skrifstofu



Refsholt 19-29 úr landi Hálsa 1,3 millj.*

Sumarhúsálóðir - Refsholt 19-29 úr landi Hálsa í Skorradal. Um er að ræða leigulóðir til 30 ára. Stærð lóðanna er frá 3.624 fm - 6.938 fm. Mikil náttúrufergur er á svæðinu, kjarriaxið svæði vaxið birkiþarri. Einungis 17 km í Borgarnes þar sem að alla þjónustu er að finna. Glæsilegt útsýni.

***Verð 1.300 þús pr lóð.** **Allar nánari upplýsingar á skrifstofu**



Kvistavellir 34 - 40 / 221 Hafnarfjörður



Velkomin á sölusýningu
13/07 - Sunnudagur 17:00 - 18:00
14/07 - Mánudagur 18:00 - 19:00

VERÐ FRÁ 27,2 millj.

Glæsileg og vönduð raðhús á góðum stað á Völlunum í Hafnarfirði. Gólfhiti og neysluvatn ísteypt. Staði fyrir halogenljós steypt í loft neðri hæða. **Gott verð fyrir góða eign. - Húsin eru í byggingu.**

Stærð 172,5 fm

Bílskúr

4 herbergja



Kvistavellir 44 / 221 Hafnarfjörður

90% LÁN



Velkomin á sölusýningu
13/07 - Sunnudagur 18:00 - 19:00
14/07 - Mánudagur 19:00 - 20:00

VERÐ FRÁ 27.1 millj.

Glæsilegt 4 hæða 19 íbúða fjölbýlishús með lyftu. Íbúðirnar eru mjög vel skipulagðar. Það eru nokkrar 4 herbergja íbúðir eftir í húsinu og er hægt að fá þær með bílskúr, verðið á bílskúr er frá 3.500.000 kr.

Fjölbýli m/lyftu

90% lánakjör

4 Herbergja íbúðir



Bóas
Sölufulltrúi
699 6165
boas@remax.is



Þórarinn Jónsson
Löggiltur fasteignasali, Hdl

Frábærir ferðafélagar

Bækur í miklu úrvali



Föndurdót fyrir litlu krílin



Fræðandi leikföng



Traustir ferðafélagar



NÝ OG GLÆSILEG BÚÐ Í HOLTAGÖRÐUM

Eymundsson
Bóksali frá 1872

STUÐ MILLI STRÍÐA Dómaraskandalar

PÓRUNN ELÍSBET BOGADÓTTIR ER KR-INGUR OG BER HÖFUÐIÐ HÁTT



Síðasta sumar, eins og svo oft áður, var alls ekki auðvelt að vera KR-ingur. Skelfilegt gengi líðsins var uppspretta endalausra brandara og háðsglósna samstarfsmanna og (ó)vina sem ekki halda með KR. Því það er jú þannig að þeir sem ekki elska KR hata KR.

Það sem af er sumri hef ég ekki kunnað við að tjá mig um líðið mitt, þó oft hafi mig langað. Fyrst vildi ég ekki afhjúpa væntingar mínar, sem voru ekki miklar. Þegar sumarið fór illa af stað vildi ég ekki viðurkenna að það kæmi

mér ekkert sérlega á óvart. KR-ingar voru enda frekar niðurbrotinir eftir síðasta sumar og þorðu ekki að vona of mikið. Svo þegar fór að ganga vel hjá líðinu vildi ég einhvern veginn ekki treysta á það að svoleiðis yrði það áfram.

Nú er ég hins vegar orðin viss um getu og árangur KR og mikil ósköp sem það er góð tilfinning. Þrátt fyrir að líðið mitt hafi tapað sínum fyrsta leik í langan tíma á fimmtudaginn þá truflar það gleði mína ekkert svo mikið. Einn sinni var það þannig að oft var hægt að kenna óheppni eða lélegri dóm-gæslu um tap, en á þessum síðustu og verstu tímum hafði ég bara verið farin að venjast því að þegar

líðið tapaði þá væri það einfaldlega vegna þess að það var ekki nógu gott og átti ekkert skilið að vinna. Það var alls ekki skemmtilegt.

Því virðist hins vegar vera lokið, þó ég fullyrði ekkert um það hversu lengi það stendur. Líðið vann marga leiki í röð og hélt hreinu, þangað til á fimmtudaginn að Valsarar mættu í Frostaskjólíð góða. Þá tapaðist fyrsti leikurinn í langan tíma og það var ótrúlega súrt og ósanngjarnt, og dómariinn snuðaði KR um mark og víti. En það er samt einhvern veginn í lagi, því lífið er eiginlega orðið eins og það á að sér að vera. Það er hægt að kenna dómurinum um tópin á nýjan leik.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgian

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Rattleikur fyrir fjölskylduna



Kl. 15

Boðið verður upp á fjölskylduleiðsögn um sýningar Kjarvalsstaða í dag kl. 15. Í tilefni Íslenska safnadsins verður jafnframt boðið upp á leiki og þrautir við hæfi barna á öllum aldri. Í Norðursal safnsins stendur nú yfir sýningin Hvar er ég? Á henni má sjá umfjöllun um ýmis þau tæki og töl sem við notum til að staðsetja okkur í tilverunni.

menning

menning@frettabladid.is

Það fer vart fram hjá glöggum neytendum fjölmiðlaefnis hér á landi að til þess að vekja athygli á fjölbreyttri starfsemi safnanna í landinu og þeirri faglegu vinnu sem þar fer fram, hefur annar sunnudagur í júlí verið tilnefndur íslenski safnadagurinn. Dagurinn einkennist einkum af því að mörg söfn á víð og dreif um landið bjóða í tilefni dagsins upp á áhugaverða dagskrá. Eitt þeirra safna sem tekur þátt í gleðinni í ár er Listasafn Árnesinga í Hveragerði, en þar verður hægt að fara í rattleik um sýninguna Listamaðurinn í verkinu og er fjölskyldan hvött til að njóta samverunnar og gera sér glaðan dag í safninu.

Senn líður að lokum þessarar sýningar á verkum Magnúsar Kjartanssonar en hún hefur verið mjög vel sött og var á dagskrá Listahátíðar í Reykjavík. Á sýningunni eru 43 verk sem Magnús vann á pappír milli 1982 og 1988 og hafa aðeins fáein af

þessum verkum verið sýnd áður. Í þeim má rekja tilraunir Magnúsar með ýmsar ljósprentsaðferðir sem gerðu honum kleift að þrýkja hluti, myndir og jafnvel eigin líkama beint á pappírinn. Verkin marka mikið umbrotatímabil í list Magnúsar þar sem hann reiddi sig minna á fágum og formtækni en áður og gekk nær sjálfum sér, bæði í myndefninu og aðferðunum við gerð myndanna. Líkamleg tjáning í þessum verkum er sterk og þar birtast handa- og jafnvel fóttafór innan um ágengar táknmyndir svo tjáning þeirra er einna líkust dansi og sterkir litir og kröftug teikning draga áhorfandann nær.

Listasafn Árnesinga í Hveragerði er opið alla daga frá kl. 12-18. Hægt er að kaupa kaffi, vöffur og aðrar gírnilegar veitingar í kaffistofu safnsins. Sýningin Listamaðurinn í verkinu stendur til 20. júlí og er aðgangur ókeypis.



HÖFUÐFÆTLUR EFTIR MAGNÚS KJARTANSSON

Orgeltónar á Akureyri

Aðrir tónleikarnir í tónleikaröðinni Sumartónleikar í Akureyrarkirkju fara fram í dag kl. 17. Flytjandi að þessu sinni er einn af virtustu orgelleikurum Danmerkur, Bine Katrine Bryndorf, og mun hún leika verk eftir J. S. Bach, Messiaen og landa sinn Carl Nielsen.



BINE KATRINE BRYNDORF

Efnisskráin hefst á Tokkötú í F-dúr eftir Bach. Tokkatan er áhrifamikil og einkennist af glæsilegum fótspilseinleik, reisulegt upphafsverk tónleika. Næst kemur sálmaforleikur úr Leipzigforleikjum Bachs. Þetta er hvítasunnusálmurinn Komm, heiliger Geist, Herr Gott.

Á efnisskránni er einnig verkið L'Ascension eftir Olivier Messiaen. Á þessu ári eru 100 ár síðan Messiaen fæddist og þess vegna fær orgeltónlist eins af merkustu trúartónskáldum 20. aldarinnar aukði rými á efnisskrám organista um allan heim. Verkið hefur undirheitið fjórar hugleiðingar fyrir hljómsveit, því Messiaen skrifaði það fyrst sem hljómsveitarverk árið 1933 en umritaði það fyrir orgel ári síðar. Tónleikunum lýkur svo með Commotio eftir danska tónskáldið Carl Nielsen. Hann var þekktastur fyrir sínfónúrarnar sínar og fyrir utan þetta verk skrifaði hann einungis lítið safn sálmaforleikja fyrir orgel til notkunar í guðsþjónustum.

Bine Katrine Bryndorf er einn fremsti orgelleikari Danmerkur og þó víðar væri leitað. Árið 1994 varð hún dósent við Konunglega tónlistarháskólann í Kaupmannahöfn og í janúar 2001 varð hún prófessor við sama skóla, þá aðeins þrjátíu og tveggja ára gömul. Síðan 1996 hefur hún einnig verið organisti við Vartov kirkju í miðborg Kaupmannahafnar.

Bine Bryndorf hefur unnið til verðlauna í orgelkeppnum í Innsbruck, Brugge og í Óðinsvéum auk verðlauna í kammertónlistarkeppnum í Melk og í Kaupmannahöfn í keppni á vegum Danska útvarpsins. Hún hlaut Gade-verðlaunin 1987 og veturinn 1999-2000 var hún útnefnd tónlistarmaður ársins af Rás 2 Danska útvarpsins. Hún er mjög virk sem einleikari og með kammertónlistarhópum auk þess sem hún hefur kennt í meistarakúrsum víða um Evrópu og í Bandaríkjunum. Þá er hún einnig eftirsótt sem dómari í orgelkeppnum.


Tónleikarnir standa í klukkustund án hlés og er aðgangur ókeypis.

vigd@frettabladid.is

Með sögu í pokahorninu

Hljóðbókaútgáfa var með mesta móti í fyrra og þess sjást víða merki í bókasöfnunum að eftirsókn í hljóðbækur er að aukast. Snemma sumars gaf Dimma út fjórar nýjar hljóðbækur, þrjár sögur Kristínar Steinsdóttur komu út, bæði ætlaðar börnum og fullorðnum áheyrendum: Draugur vilja ekki dósagos, Draugur í sjöunda himni og Á eigin vegum. Þá gaf Dimma út lestur Gyrðis Elíassonar á Sandarbókinni. Eru það höfundarnir sem lesa. Vekur athygli að það eru ekki forlög höfundanna, Uppheimar og Forlagið, sem gefa hljóðbækurnar út. Þó hefur Forlagið lagt nokkra áherslu á útgáfu hljóðbóka frá því eigendabreytingar urðu þar á bæ á liðnu hausti. Var þá jafnvel fullyrt að hljóðbækur yrðu fastur hluti af starfsemi þeirra. Á vef Forlagsins er ekkert sérstakt hölf fyrir hljóðbækur.

Hljóðbækur urðu fyrst algengar þegar kassetan var búin að ná stöðu á markaði. Þá komu fram fyrirtæki, bæði í Bandaríkjunum og Bretlandi sem sérhæfðu sig í hljóðbókagerð. Bæði í stytum útgáfum af sögum og lengri. Hér á landi var það Blindrabókasafnið sem ruddi hljóðbókum braut og var sú þjónusta fyrst og fremst hugsuð fyrir skjólstæðinga Blindrabókasafnsins. Sjónþaprir voru fljótir að nýta sér þessa þjónustu og hafa aldrei sem ofærir eru um lestur síðan best við. Erlendis óx útgáfa hljóðbóka hratt, fyrirtækið Audible á



IPOD Nýr vettvangur bókmennta.

Bretlandseyjum er með 20 þúsund titla í boði og er með einkasamning við itunes um þjónustu á þeirra vef. Fyrirtækið skipti nýlega um eigendur: Amazon keypti það í mars. Önnur fyrirtæki sem þekkt eru á enska málsvæðinu eru til dæmis Naxos sem gefur út sígild verk. Bókaútgáfur á enska málsvæðinu hafa um árabil eftt stórlega útgáfu á lesnu efni.

Það var tæknin sem aftur fleytti hljóðbókaútgáfu áfram: kassetan vék fyrir geisladisknum og nú eru það þjappaðar skrár sem fólk halar niður af heimasíðum inn á ipodinn sinn og hefur með sér á þá staði í daglegri önn þar sem hlusta má eftir vild: bíllinn, rúmið, líkams-

ræktarstöðin eru svæðin þar sem áheyranda gefst næði til að skjófast inn í lengri verk.

Í hópi njótenda hljóðbóka eru nokkrar deilur um hvort textinn á að vera stytur, fyrir þá bráðu og óþolinmóðu, eða óstytur: Stríð og friður eftir Tolstoy er 67 klukkustundir í lestri. En á móti kemur að þeir hörðustu segja að lestur á verkinu óröskuðu sé það eina sem dugi. Sum bókmenntaverk henta mun betur til munnlegs flutnings. Þannig er allt annað að hlusta á verk James Joyce en lesa þau af blaði. Þau lifna fyrst í munnlegum flutningi. Þórnun Valdimarsdóttir segist hlusta á skandinavíska krimma af diskum. Hún hafi ekki uppgötvað sagnalist Thors Vilhjálmssonar fyrr en hún heyrði hann lesa Morgunpulu í stráum.

Ríkisútvarpið er stærsti hluthafi í lesnu efni á böndum hér á landi. Deilir þeim rétti með upplelara og höfundum. Þar á bæ er verið að útbúa síðu með völdum textum og þáttum sem hlaða má niður. Þegar ipod eru orðnir almenn eign þarf hins vegar að leiðbeina áheyrendum um hvernig hafa má upp á efninu. Nú þegar ferðalög standa sem hæst með löngum ferðum í bíl er upplagt að taka með sér sögu handa krökkum sem dugar í langar ferðir og hlaða má á ipodinn áður en lagt er af stað eða kaupa einhvern af þeim diskum sem nú eru fáanlegir í verslunum með lestri höfunda á sögum fyrir börn og unglina.

- pbb



ROLLUR Á BEIT Málverk eftir Jóhannes Niels Sigurðsson.

Kindur til sýnis

Íslenska kindin er yfirskrift málverkasýningar, eftir myndlistarmanninn Nilla, sem hangir uppi í gallerí Verðandi nú í júlí.

Málverkin á sýningunni eru þjóðleg í meira lagi, enda sýna þau, eins og nafn sýningarinnar ber reyndar með sér, íslenskt sauðfé við leik og störf í íslenskri náttúru.

Nilli fæst hér við nýtt viðfangsefni í verkum sínum, en hann hefur áður haldið nokkrar

einkasýningar, meðal annars í Nýlistasafninu í Reykjavík árið 2001. Nilli heitir fullu nafni Jóhannes Niels Sigurðsson og er fæddur í Reykjavík 1970.

Gallerí Verðandi er staðsett í bókaútdönni Skuld, Laugavegi 51, neðri hæð. Nilli er annar listamaðurinn sem sýnir í gallerí Verðandi og stendur sýningin út júlí. Nýjar sýningar eru mánaðarlega í gallerí Verðandi.

- vþ

Heimurinn í vasanum

Óvenjulegt leikhús spratt upp á útvarpsöldunum einn kaldan vetrardag 1991 og vissu menn ekki hvaðan á þá stóð veðrið í fyrstu. Sérstakur framsagnarmáti og skemmtileg og óvenjuleg viðfangsefni örverka þessa litla leikhúss vöktu athygli og fór því svo að leikhúsið sló í gegn svo um munaði – þetta var Vasaleikhúsið.

Nú er kominn tími til að endurnýja kynnin við þetta skemmtilega útvarpsfyrirbæri. Vasaleikhúsið mun næstu þrjár vikurnar heimsækja stóra bróður sinn, Útvarpsleikhúsið, og verða í heimssóknunum rifjuð upp átján örverk eftir rithöfundinn, leikskáldið og myndlistarmanninn Þorvald Þorsteinsson. Eins verður áheyrendum gefinn kostur á að skyggast á bak við tjöldin í Vasaleikhúsinu þar sem Þorvaldur, höfundur leikhússins, leikari þess og þúsundþjalasmiður, mun segja frá ýmsu því sem gerðist bak við tjöldin í



ÞORVALDUR ÞORSTEINSSON Myndlistarmaður, rithöfundur og leikskáld.

leikhúsinu. Hver var kveikjan að einstökum verkum leikhússins og hvernig sum þeirra óluðust framhaldslíf í öðrum verkum listamannsins.

Leikritin eru flutt alla virka daga kl. 13 frá og með morgundeginum og fram til mánudagsins 4. ágúst.

- vþ

Jane sýnir á Sólon

Um þessar mundir og fram til 22. júlí næstkomandi stendur yfir myndlistarsýningin Hraun á Kaffi Sólon, Bankastræti 7a. Þar sýnir myndlistarmaðurinn Jane María Sigurðardóttir verk sín. Í fréttatilkynningu frá listakonunni segir: „Myndlist og handið hafa alltaf verið áhugamál mér ofarlega í huga og ég

hef málað frá því ég man eftir mér. Á lífsleiðinni er gott að fá leiðsögn. Þar koma hin ýmsu spakmæli til sögunnar. Það spakmæli sem er mér ofarlega í huga þessa dagana er: „Hamingjan er ekki fólgin í því að gera það sem þú hefur ánægju af, heldur að hafa ánægju af því sem þú gerir.“

- vþ

Stjörnuþögnin skírð Útitónleikar í Hafnarfirði

Faðir Nicole Kidman sagði í viðtali við ástralskt tímarit af hverju nafnið Sunday Rose varð fyrir valinu á nýfæddri dóttur Kidman. „Ég hafði verið að lesa mér til um Sunday Reed sem var mikilvæg manneskja í listahringnum hér í Ástralíu snemma á síðustu öld. Mér fannst nafnið fallegt og minnst á það við Nicole og Keith.“ Seinna nafnið, Rose, mun vera í höfuðið á ömmu Keiths.

Leikarinn Matthew McConaughey tilkynnti á dögum nafn sonar síns og hefur sá verið nefndur Levi Alves McConaughey. „Levi er annað nafn sem postullinn Matthías gekk undir. Þetta eru tvö nöfn á sama manningnum,“ sagði Matthew um nafngiftina. Nú



HAMINGJUSAMIR FORELDRAR Nicole og Keith eignuðust litla Sunnudags-Rós.

bíðum við bara spennu eftir tvíburum Angelínu og Brads.

„Okkur langar til að lifga aðeins upp á miðbæ Hafnarfjarðar í tilefni af 100 ára afmæli bæjarins, með því að bjóða upp á þrenna útitónleika,“ segir Marta Dís Stefánsdóttir verkefnastjóri Lifandi miðbæ um tónleika sem fara fram um þessar mundir á bílastæðinu við hlið Súfistans í Hafnarfirði.

„Tónleikaröðin, sem ber nafnið 220 Tónleikar, hófst í síðustu viku þegar fram komu hljómsveitir Noise, Poetrix, O.D Avenue og Sykur, en á næstu tónleikum spila meðal annars Agent Fresco, Dead Model Toggi, Jan Mayen og Vicky Pollard,“ útskýrir Marta Dís og segir að fleiri muni ef til vill bætast í hópinn.

„Við viljum bjóða upp á sem fjölbreyttasta tónlist,“ bætir hún við, en næstu tónleikar verða 16. og 31. júlí næstkomandi á milli klukkan 19 og 22.



LIFANDI MIÐBÆR Prensir útitónleikar fara fram um þessar mundir við Súfistann í Hafnarfirði, en Poetrix var meðal þeirra sem komu fram á tónleikum í síðustu viku.



UMA OG UNNUSTINN, ARPAD BUSSON Uma segist vera ánægð með lífið.

Aldrei segja aldrei

Nú sannast spakmælið að aldrei eigi að segja aldrei. Eftir að hafa gengið í gegnum tvo skilnaði hafði Uma ákveðið að gifta sig ekki aftur, en hún var áður gift leikaranum Gary Oldman og síðar Ethan Hawke, sem hún á tvö börn með. Leikkonan greindi nýlega frá trúlofun sinni og svissneska auðkífingsins Arpads Busson. „Ég verð víst að éta ofan í mig orð mín, maður á aldrei að segja aldrei,“ sagði leikkonan um fyrirhugað brúðkaup. Hún sagði jafnframt að einkalíf hennar væri dásamlegt og að þó að það stýttist í að hún verði fertug kvíði hún því ekki.

Yndislegt að vera mamma

Myndir af mánaðargamalli dóttur Jamie Lynn Spears birtust í nýjasta hefti tímaritsins OK Weekly. Þar ræðir hin sautján ára

Jamie meðal annars um móðurhlutverkið.

„Við búum í Louisiana og hér er fólk með forgangsröðunina í lagi.“

Fjölskyldan kemur fyrst og þannig á maður að lifa lífinu,“ segir litla systir

Britney. Hún segir jafnframt að meðgangan og fæðingin hafi gengið vonum framur og að móðurhlutverkið sé yndislegt.



Fylli'ann takk!

Vertu tilbúinn í sumarfríð!

Á Tónlist.is getur þú nálgast yfir 50.000 lög og fyllt spilarann þinn af toptónlist. Allt efni á Tónlist.is er ólaust (DRM laust) og kostar frá 79 krónum lagið. Þannig getur þú fært tónlistina hindrunarlaust á milli tölvunnar, spilarans og farsímans.

Nýtt á Tónlist.is - lögin beint inn í iTunes á tölvunni!
Nú getur þú tengt Tónlist.is beint við iTunes eða Windows Media Player. Öll lög sem þú kaupir fara sjálfvirk yfir í spilarann þinn.

Fylltu á iPodinn · Farsímann · Tölvuna

>Gautaborg vann Íslendingaslaginn

IFK Gautaborg lagði Djurgården 2-1 í sænsku úrvalsdeildinni í knattspyrnu í gær. Bæði Ragnar Sigurðsson og Hjálmar Jónsson léku allan leikinn fyrir Gautaborg sem tryggði sér sigurinn með marki á lokasekúndum á útivelli. Lærisveinar Sigurðar Jónssonar höfðu því ekki tíma til að jafna leikinn en þeir sitja í áttunda sæti deildarinnar. Gautaborg er aftur á móti komið upp í fjórða sætið eftir fjórtán umferðir.

sport
sport@frettabladid.is



GUÐJÓN ÞÓRÐARSON: Á Í MEIÐSLAVANDRÆÐUM MEÐ LIÐ ÍA FYRIR LEIKINN GEGN FJÖLNI Í KVÖLD

Stórar hindranir standa oft í vegi fyrir manni

„Það er bölvæð skvaldur á okkur,“ segir Guðjón Þórðarson þjálfari ÍA um stöðuna á sínu liði. Hópur hans er fremur þunn-skipaður. Björn Bergmann Sigurðsson, Þórður Guðjónsson og Dario Cingel hafa ekkert æft og þrjú leikmenn, Stefán Þórðarson, Jón Vilhelm Ákason og Guðjón Heiðar Sveinsson æfðu aðeins á föstudag en ekkert í vikunni. Guðjón kvaðst vita meira um standið á sínum mönnum á leikdag.

„Það getur verið að það verði töluverðar breytingar á liðinu,“ sagði Guðjón. „En ég hef trú á því að hverjir sem klæðast Skagabúningnum verði með andann í lagi,“ sagði Guðjón sem hefur hrifist af liði Fjölnis í sumar.

„Þeir eru með skýra nálgun á sínum þáttum og gera það mjög vel. Þeir hafa komið mér á óvart í sumar, tvímælaust. Ég vissi samt sem áður að það væri góður hugur í þeim og að andinn væri góður. Þeir vinna vel saman og eru samstilltir. Það verður verk að vinna í Grafarvoginum,“ sagði Guðjón

sem hefur æft eins og venjulega í vikunni. „Áherslurnar eru þær sömu og það breytist ekkert.“

Guðjón hefur unnið 99 leiki í efstu deild, sá síðasti kom 20. maí. Biðin eftir þeim hundraðasta hefur því verið ansi löng og gæti verið yfir tveir mánuðir takist honum ekki að taka þrjú stig í kvöld. Guðjón hefur þó fulla trú á því að hann vinni sigur gegn Fjölni.

„Það er oft þannig að þegar þú kemur að svona stórum hlutum standa þeir stundum í manni, en hann dettur eins og allt annað,“ sagði Guðjón. Með sigri lyftir ÍA sér upp í 10 stig en liðið hefur aðeins skorað átta mörk í tíu leikjum til þessa.

Ásmundur Arnarson, kollegi hans hjá Fjölni, hefur úr öllum sínum mönnum að velja. „Það er alveg ljóst að þetta verður erfiður leikur og það er mikið í húfi. Stig-in eru djúrmæt,“ sagði Ásmundur en með sigri kemst hans lið upp í þriðja sæti deildarinnar. „Við erum á ágætum stað í augnablikinu en mikið vill meira,“ sagði þjálfarinn.



Íslenskir leikmenn eru of ódýrir

Það þarf að hækka verðið á íslenskum leikmönnum, segir Jónas Kristinsson hjá KR sem vill að íslensk félag sameinist í því að selja leikmenn sína ekki of ódýrt. Verð manna hefur hækkað undanfarin ár.



HELGA Hleypur hér á fyrri keppnisdeginum. FRÉTTABLAÐIÐ/ALEKSANDAR DJUROVIC

Helga Margrét sjöunda:

Átta stigum frá Íslandsmetinu

FRJÁLSAR Helga Margrét Þorsteinsdóttir lenti í sjöunda sæti á HM unglinga sem fer fram í Póllandi. Helga var einnig sjöunda eftir fyrri keppnisdaginn en hún hlaut 5.516 stig og var aðeins átta stigum frá því að bæta Íslandsmet sitt, 5.524 stig.

Helga stökk 5,62 m í langstökki í gær og var nokkuð frá sínu besta líkt og í spjótkastrí. Hún kastaði 36,71 m og hljóp á sínum besta tíma á árinu í 800 m hlaupti, 2:17,44 mínútum. - hph



FIARDBYGGÐINGAR Fögnuðu tvívegis í gær en ekki í lokin. FRÉTTABLAÐIÐ/GUNNAR

1. deild karla í gær:

Barátta Víkinga skilað sér í lokin

FÓTBOLTI Bæði Víkingur Ólafsvík og Víkingur frá Reykjavík náðu að skora á lokamínúttinum í 1. deild karla í gær. Hlutskipti liðanna voru þó ólík. Reykjavík-urliðinu tókst að jafna tvívegis í uppbótartíma gegn Fjarðabyggð. Leiknum lauk með 2-2 jafntefli fyrir austan en Vilberg og Sveinbjörn Jónassynir skoruðu fyrir Fjarðabyggð en Chris Vorenkamp og Þórhallur Hinriks-son jöfnuðu tvisvar, báðir í uppbótartíma hvor í sínum hálfleiknum.

Ólafsvíkingar unnu KA frá Akureyri 2-1 en sigurmarkið kom á lokasekúndum leiksins í Ólafsvík. - hph

Staðan í 1. deild:

1. ÍBV	11	10	0	1	18	30	stig
2. Selfoss	11	6	4	1	12	22	
3. Haukar	11	6	3	2	7	21	
4. Stjarnan	11	6	2	3	6	20	
5. Víkingur R.	11	5	2	4	1	17	
6. KA	11	4	2	5	3	14	
7. Víkingur Ó.	11	3	4	4	-7	13	
8. Þór	11	4	0	7	-7	12	
9. Fjarðabyggð	11	2	5	4	-3	11	
10. Leiknir R.	11	3	2	6	-9	11	
11. KS/Leiftur	11	1	3	7	-8	6	
12. Njarðvík	11	1	3	7	-13	6	

FÓTBOLTI Íslenskum atvinnumönnum í knattspyrnu fer ört fjölgandi. Lang flestir spila á Norðurlöndunum og sá síðasti er Valsarinn Birkir Már Sævarsson sem kostaði Brann á milli 20-25 milljónir íslenskra króna. Jónas Kristinsson hefur verið lengi í herbúðum KR, meðal annars sem formaður KR-Sports. Hann segir verð á leikmönnum of lágt.

„Þessi lið frá Norðurlöndunum eru alltaf að reyna að fá íslenska leikmenn fyrir ekki neitt,“ segir Jónas sem neitaði boði frá sænska úrvalsdeildarfélaginu GAIS í Guðmund Reyni Gunnarsson fyrir skemmstu. „Því miður er verið að bjóða of lítið í þessa stráka,“ segir Jónas.

„Þau sem fá leikmennina eru á grænni grein því um leið og leikmaðurinn er kominn út græða allir nema íslenska félagið. Þeir gera nýja samninga og eru svo kannski seldir áfram. Það er nánast verið að stela þeim,“ segir hann og vill viðbrögð.

„Íslensk félag þurfa að fara að spyrna við fótum. Íslenskir leikmenn eru góðir og vinnusamir og menn eru að koma til Íslands í kaupleiðangur af því þeir fá þá fyrir alltof lítinn pening,“ segir Jónas sem vill verðleggja leikmenn, til dæmis Guðmund Reyni, á um og yfir 30 milljónir króna.

„Við eigum að vera að fá 30 milljónir eða meira. Ég hef verið lengi í bransanum og því miður hefur okkur ekki tekist að hækka verðið. Þetta endurspeglar í því að félagin eru háð því að fá þetta inn í rekstur sinn. Hann er mjög dýr og fer hækkingandi. Við erum

með þjálfara, leikmenn, ferðir, bolta og allt þetta,“ segir Jónas sem vill að íslensk félag sameinist í að verðleggja leikmenn við hæfi.

„Þannig getum við vonandi ýtt verðinu eitthvað upp á við. Það er skelfilegt að sjá unga íslenska stráka fimmfaldast í verði í Norgei án þess að íslensku félagin fái neitt. Norska deildin er hærra skrifuð en sú íslenska en ekki fimm sinnum betri,“ segir Jónas.

Hann bendir samt sem áður á að hvorki KR né íslensk félag standi í vegi fyrir því að leikmenn fari út en þolinmæði skorti oft. „Ef félag hefur virkilegan áhuga á leikmanninum, býður það það sem þarf í hann. Ef félagin og leikmaðurinn eru róleg tekst þetta,“ segir hann.

„Við vitum alveg að maður eins og Guðmundur Reynir fer út í atvinnumennsku, kannski í haust eða á næsta tímabili. Við erum alls ekki að aftra honum eða öðrum leikmönnum. Staðreyndin er sú að félagin vilja eðlilega sem mest og leikmennirnir líka. Það má ekki gleymast að þeir geta fengið hluta af kaupverðinu.“

Eins og Jónas benti á er rekstur félaga á Íslandi afar dýr. Helsta tekjulind þeirra auk miðasölu eru sala á leikmönnum. „Ef við fáum meiri pening getum við sett meiri pening í uppbygginguna, jafnvel komið fleiri út í atvinnumennsku og þannig styrkt íslenska knattspyrnu. Þetta á við um öll félag sem þurfa að taka höndum saman og sýna þolinmæði,“ sagði Jónas.

hialti@frettabladid.is

JÓNAS Segir íslenska leikmenn of ódýra.



Geta fengið 10%

Staðalsamningur KSÍ, 3. grein, B-liður: [...]Leikmanni er heimilt að semja sérstaklega um hlutdeild í félagaskiptagjaldi við félagaskipti milli landa. [...] mest 10%[...]

Leit HK að nýjum þjálfara stendur enn yfir eftir að sex þjálfarar hafa neitað félaginu:

Rúnar býðst til að stýra HK út tímabilið

FÓTBOLTI Eyjólfur Sverrisson var fyrstur af sex til að segja nei við HK eftir að félagið rak Gunnar Guðmundsson úr brúnni í vikunni. Rúnar Páll Sigmundsson hefur stýrt liðinu síðan þá og stýrir hann liðinu í stórslagnum um Kópavog gegn Blikum á morgun. Hann hefur boðist til þess að stýra liðinu út tímabilið.

Auk Eyjólfss talaði HK við Ólaf Þórðarson, Arnar og Bjarka Gunnlaugssyni, Lúkas Kostic og Pétur Pétursson. Þá hafði félagið einnig samband við Helga Kolviðsson á fimmtudag. Hann staðfesti það í samtali við Fréttablaðið í gær en sagðist hreinlega ekki geta tekið það að sér þar sem hann væri ný búinn að skrifa

undir nýjan samning við Pfullendorf sem hann þjálfar.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins kemur ekki til greina að ráða Magna Fannberg, þjálfara Fjarðabyggðar, sem sterklega hefur verið orðaður við starfið. Hann þjálfaði áður yngri flokka hjá HK.

Rúnar Páll sagði við Fréttablaðið í gær að hann hefði sóst eftir því að þjálfari liðið út tímabilið. „Ég þekki hópinn auðvitað mjög vel en stjórnin er að skoða stöðuna og ég veit ekki hvað gerist. Ég hef fullt sjálfstraust í að stýra liðinu,“ sagði Rúnar sem segir að vel hafi gengið að þjálfari liðið einn í vikunni, þrátt fyrir að það sé mikið breyting.



OF ÓDÝRIR? Guðmundur Reynir er hér í baráttu við Guðmund Benediktsson, Valsara. Guðmundur á eftir að reyna sig í atvinnumennskunni en KR-ingar telja að hann sé rúmlega 30 milljóna króna virði. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Verð á leikmönnum hefur farið hækkingandi:

Markaðurinn ræður

Umboðsmaðurinn Ólafur Garðarsson hefur staðið á bakvið félagaskipti margra íslenskra leikmanna undanfarin ár. Hann segir að verð á leikmönnum hafi hækkað.

„Verðið hefur verið frá 10 og upp í 15 milljónir en síðustu tvö til þrjú ár hefur þetta verið að hækka. Nú er algengt verð 15-25 milljónir,“ segir umboðsmaðurinn. „Ég held að það sé alltaf markaðurinn sem ræður verði

leikmanna, eins og með allt annað. Ef hlutur er of dýr þá selst hann ekki,“ sagði Ólafur. „Ég óska þess að sjálfsgöðu alltaf að íslensk félagslíð fái sem mest fyrir sína leikmenn.“

Hann bendir einnig á að ekki sé mikið borgað fyrir 15-17 ára stráka með litla reynslu en verð geti verið árangurstengt. Þá breytist verð oft eftir aldri og reynslu. „Ég tala nú ekki um ef þeir eiga landsleik að baki.“

RÚNAR Segist reiðubúinn að stýra liðinu út tímabilið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Íslendingar þurfa litlar áhyggjur að hafa:

Loftmengun ógnar Ólympíuleikunum

ÓL 2008 Kínverjar þurfa að huga að mörgu fyrir Ólympíuleikana sem hefjast átta mínútur og átta sekúndur yfir átta þann áttunda ágúst 2008. Hryðjuverkaógn er ein af meginhættunum en loftmengun veldur ekki minna fjaðrafoki. Peking er meðal menguðustu borga heims og með fleiri bílum og vaxandi iðnaði verður ógnin alltaf meiri og meiri.

„Vissulega þá höfum við hugsað um þetta,“ segir Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri ÍSÍ. „Við erum þó fullvissuð um á öllum þeim fundum sem við höfum verið á að þetta verði ekki vandamál. Þetta snertir íslensku keppendurna raunar ekkert sérstaklega mikið. Allt frjálsíþróttafólkið okkar verður að keppa úti en allir aðrir inni,“ sagði Líney.

Stjórnvöld í Kína eru með áætlan sem hreinlega verður að ganga upp. Þegar Peking óskaði þess að halda leikana árið 2001 lofuðu stjórnvöld því að allt yrði með fældu sjö árum síðar. „Loft og vatn verður innan þeirra hættumarkna sem Heilsumálastofnunin (WHO) telur eðlileg í Peking.“ Svo er nú ekki.

„Fulltrúar frá Alþjóðaólympíunefndinni segja að þetta geti komið þolgreininum við, ef þeir telja að þetta sé yfir mörkunum þá verður þeim bara frestað eða einfaldlega lagðar af. Til dæmis maraþonið,“ segir Líney.

Stjórnvöld hafa áhyggjur. Mælingar sýna að dagamunur er mismunandi, stundum hefur leyfilegt magn mengunar verið fjórfalt yfir hættumörkum. Sjaldan fór mengunin undir mörkin. Neyðaraðgerðir stjórnvalda hafa þegar verið skipulagðar og fara þær í gang 20. júlí.

Í þeim felst að loka götum í hálfri borginni til að stoppa bílaumferð, stöðva allar framkvæmdir við nýbyggingar og loka fjölda verksmíða. Meira að segja verður bannað að spreya utandyra eftir þennan dag. Borgin hefur því nítján daga til að hreinsa sig áður en leikarnir hefjast.


Ef neyðaraðgerðin virkar ekki verður gengið enn lengra. Stjórnvöld hafa þó ekki gefið út nákvæmlega hvað þær aðgerðir fela í sér. Ljóst þykir að ef neyðaraðgerðirnar virka ekki biða bæði Ólympíuleikarnir og Kína mikla hnekki, sérstaklega ef aflýsa þarf greinum á borð við maraþonið og hjólreiðar. Kínverjar treysta einnig á að fá fleiri rigningardaga nú í júlí sem hjálpar til við að hreinsa loftið í borginni.

Allir keppendur geta fylgst vel með menguninni á sérstökum eftirlitsstöðvum víðsvegar um borgina. „Auk þess verður læknaði frá alþjóða Ólympíunefndinni sem fylgist með mælunum, það verða því ekki bara Kínverjar. Við getum fylgst með mælingunum á hverjum degi,“ sagði Líney.

Peking berst fyrir hreinum Ólympíuleikum

Yfirvöld í Peking reyna að stemma stigu við óheyrilegri mengun í þessari 15 milljón manna og 3 milljón bíla borg, og eyða til þess 20 milljörðum dala í róttækar hreinsunaraðgerðir fyrir Ólympíuleikana.

LEIÐIR TIL ÞESS AÐ DRAGA ÚR MENGUN



SAMGÖNGUR

■ Frá 20. júlí mun bílafloti Pekingborgar verða kyrrsettur, helmingur í senn, annan hvern dag eftir númerum.

■ 300.000 af bílum sem menga mest bannaðir frá 1. júlí til 20. september.

■ Útblástursviðmið hjá einkabílum - sem bera ábyrgð á 80% af útblæstri í Peking - verða hert.

■ 47.000 gamlir leigubílar og 7.000 dísilrútur lagðar á hilluna, 3.795 gasknúnar rútur kynntar til leiks í staðinn.

■ Fjöldi neðanjarðar-lesta tvöfaldaður, sem munu þá geta flutt 5 milljónir manna á dag.

GARÐAR

■ Borgargarðar útbúnir um alla borg, þ. á m. hinn 680 hektara Ólympíuskógur.

MEST MENGUÐU BORGIR HEIMS

Mælti eftir svifryki, mikkrogrömm á rúmmetra (2004)

Kaíró, Egyptaland	169
Delí, Indland	150
Djakarta, Indónesía	104
Peking, Kína	89
Istanbul, Tyrkland	55
Tókýó, Japan	40
Río, Brasilía	35
Los Angeles, BNA	34
Amsterdam, Holland	34
Mílan, Ítalía	30
Madrid, Spánn	30
Berlín, Þýskaland	22
London, Bretland	21
Sydney, Ástralía	20
Paris, Frakkland	11

Heimildir: World Bank



© GRAPHIC NEWS Myndir: Getty Images

IÐNAÐUR

■ 15.200 af 16.300 kolaofnum í Peking breytt í ofna knúna á náttúrulegu gasi til að draga úr notkun á 26 milljón tonnum kola árlega í borginni.

■ 145 sementsframleiðendur, 506 verkstæðum og 357 fatahreinunum lokað.

■ Framleiðsla stálframleiðans *Capital Steel*, lengi vel helsti valdur mengunar í Peking, flutt til Qian'an.

■ 267 iðnaðarfyrirtækjum í Tangshan skipað að hætta störfum frá 8. júlí.

■ 40 verksmiðjum í Tianjin lokað frá 25. júlí til 20. sept.

FRAMKVÆMDIR

■ Ryk: Byggingarsvæðum Pekingborgar - ca. 100 milljón fermetrar - skipað að hylja mold og ryk ellegar sæta sektunum.

5. JÚLÍ 2008

MUNUR Þessi samsetta mynd sýnir dagamun á mengun í Kína. Myndirnar eru teknar með þriggja daga millibili, mánuði fyrir leikana.

8. JÚLÍ 2008



Íslendingar á Ólympíuleikunum í Peking:

Um 50 manns fara til Kína

ÓL 2008 Eins og staðan er í dag mun Ísland eiga 27 keppendur á Ólympíuleikunum. Flestir þeirra eru í karlalandsliðinu í handbolta en Ísland mun eiga þátttakendur í fimm íþróttgreinum, badminton, frjálsíþróttum, handknattleik, júdó og sundi.

Alls verða það um 50 manns sem fara á vegum ÍSÍ til Kína. Um 20 þjálfarar og aðstoðarmenn fara út með íþróttamönnum 27. Þá verður forseti ÍSÍ, Ólafur Rafnsson úti ásamt Líneyju Rut Halldórsdóttur framkvæmdastjóra. Auk þess verða fulltrúar stjórnar á leikunum að hluta til.



KÍNAFARI Ragna Ingólfssdóttir er ein af 27 keppendum sem fara fyrir Íslands hönd til Kína. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

NÚ KOSTAR BARA 850 KALL AÐ AUGLÝSA GARÐDÓTIÐ ÞITT TIL SÖLU

- FYRIR 1.200 kr. EFTIR 5.000 kr.
- ADÉINS Í DAG: 2 FYRIR 1
- FYRIR 40.900 kr. EFTIR 15.000 kr.
- FYRIR 10.900 kr. EFTIR 4.000 kr.
- FYRIR 22.950 kr. EFTIR 11.000 kr.
- FYRIR 3.390 kr. EFTIR 1.500 kr.
- FYRIR 22.990 kr. EFTIR 10.000 kr.
- FYRIR 12.990 kr. EFTIR 8.000 kr.
- FYRIR 12.990 kr. EFTIR 5.000 kr.

Láttu smáauglýsingar Fréttablaðsins taka til í garðinum fyrir þig

MARKAÐSTORG HEIMILANNA

Dagana 30. júní - 13. júlí bjóðum við auglýsingar í flokknum Garður fyrir aðeins 850 krónur (grunnverð) í Markaðstorgi heimilanna í Fréttablaðinu og á visir.is. Notaðu tækifærið og hringdu í síma 512 5000. Þannig geturðu grætt á því að losa þig við hluti sem þú þarft ekki lengur en aðrir gætu notað. Opíð alla virka daga frá 08-22 og um helgar frá 10-22.

Allt sem þú þarft... ..alla daga



Blómstra í skjóli reynsluboltanna

Ólafur Helgi Kristjánsson, þjálfari Breiðabliks í Landsbankadeildinni, hefur notað fjóra 2. flokks stráka í byrjunarliðinu í síðustu fjór-um leikjum og Blíkarnir hafa unnið þrjá af þeim. Það er nóg af efniviði í Breiðabliki og nú fá þeir tækifærin til að sýna sig og sanna.

Breiðablik hefur á undanförunum árum haldið úti frábæru unglingsstarfi og yngri flokkar félagsins hafa unnið ófáa Íslandsmeistarátitlana.

Það er annað að vera efnilegur en að verða góður og það er mikil kúnt að fá unga leikmenn til að blómstra í meistaraflokki. Ólafur Helgi Kristjánsson hefur sýnt ungum leikmönnum mikið traust í sumar og það er að skila sér, bæði í góðum árangri liðsins og því að þessir strákar, sem hafa fengið tækifærin, eru að vaxa og dafna inni á vellinum.

Átta 2. flokks strákar hafa verið í kringum meistaraflokkslið Breiðabliks í sumar og fjórir þeirra eru orðnir fastamenn í liðinu. Sóknarmaðurinn Jóhann Berg Guðmundsson, miðjumaðurinn Guðmundur Kristjánsson, bakvörðurinn Kristinn Jónsson og miðvörðurinn Finnur Orri Margeirsson hafa allir verið í byrjunarliðinu í síðustu fjórum leikjum. Guðmundur er á elsta ári í 2. flokki en Finnur er á yngsta ári. Auk þeirra hefur Vignir Jóhannesson verið varamarkvörður í allt sumar og þeir Alfreð Finnbogason, Haukur Baldvinsson og Kristinn Steindórsson hafa komið inn á sem varamenn. Kristinn sló í gegn í fyrra en hefur glímt við meidslí og er að koma til baka aftur.

Nógu góðir til þess að spila

Ólafur er ánægður með ungu strákana í liðinu. „Þeir eru allir búnir að standa sig feikilega vel og þeir eru nógu góðir til þess að fá að spila. Það eru fullt af strákum sem hafa verið efnilegir í Breiðabliki og þessir strákar eru ennþá bara efnilegir. Þessir ungu strákar eru bara að fá fleiri tækifæri í einu heldur en oft áður,“ sagði Ólafur við Fréttablaðið í miðri viku.

„Þeir eru góðir í fótbolta og passa vel inn í okkar leikstíl. Þeir vilja spila og þetta eru engir truckkar. Það er oft verið að líta á þessa ungu stráka og segja að þeir séu ekki nægilega líkamlega sterkir en þessir

TREYSTIR ÞEIM
Ólafur Helgi Kristjánsson, þjálfari Breiðabliks.

FRÉTTABLAÐIÐ/
VILHELM



HUGREKKI Það þarf hugrekki til að henda ungum strákum í djúpu laugina. Það hefur Ólafur Helgi gert. Þeir Jóhann, Finnur, Guðmundur og Kristinn brugðu á leik með ljósmyndara Fréttablaðsins fyrir æfingu Blíka á föstudaginn.

strákar eru líkamlega sterkir þó svo að þeir séu ekki miklir á velli. Þeir eru góðir á boltann og við höfum verið með þessa stráka mikið í vetur og í sumar. Þeir fá hvatningu í því að gera það sem þeir eru góðir í,“ segir Ólafur, sem að sjálfsgöðu segir leikmenn sína geta bætt sig enn frekar.

Ólafur hefur stíllt upp reynsluboltum við hlið ungra leikmanna í liðinu. Srdjan Gasic stjórnar vörninni með þá Finn Orri Margeirsson og Kristinn Jónsson sér við hlið, Arnar Grétarsson er á miðjunni með Guðmund Kristjánsson með sér og frammi eru þeir síðan saman Marel Baldvinsson og Jóhann Berg Guðmundsson.

„Það er ekki algjör tilviljun að þetta er svona. Þú verður að púsla þessu þannig saman að þessir strákar fái stuðning. Það hefur einhver góður maður sagt að ef þú ætlar að gróðursetja tré þá verður þú að hafa einhver stór tré sem gefa hinum skjól og skugga. Jóhann getur tekið þessi hlaup fyrir Marel og hann getur því einbeitt sér að því sem hann er bestur í; að taka á móti bolta og halda

honum. Guðmundur getur verið að vinna boltann á miðjunni og Arnar getur því verið að einbeita sér meira að því að spila honum og í vörninni er Finnur að létta á Srdjan. Það er ekki sterka hliðin hjá Srdjan heldur bara hreinræktaður varnarleikur þannig að þeir vega hvor annan upp,“ segir Ólafur.

Passað upp á álagið

Pétur Pétursson, þjálfari 1. flokks, passar upp á álagið hjá strákunum í samráði við Ólaf. „Þeir eru ekki að spila með 2. flokki núna því ég tek þá ekki með ef þeir eru að spila með meistaraflokki. Við skiptum því alveg niður nema að það sé það margir dagar á milli leikja að það sé hugsanlega hægt að nota þá. Við höfum haft það þannig að ef að þeir eru í meistaraflokki þá eru þeir bara þar. Það hefur gengið alveg ágætlega en auðvitað skiptir það máli hvort þessir strákar eru með eða ekki,“ segir Pétur sem segir að hann gæti talið upp miklu fleiri leikmenn sem eiga erindi í meistaraflokkin.

ooj@frettabladid.is

Jóhann Berg hefur slegið í gegn í sumar:

Við finnum traustið

Jóhann Berg hefur verið í byrjunarliði Breiðabliks frá byrjun tímabilsins og hefur vakið mikla athygli fyrir frammistöðu sína.

„Þetta hefur verið ágætt tímabil hjá mér, en við hefðum getað gert betur sem lið. Við spiludum ekkert alltof vel í byrjun en frá og með 4. eða 5. umferð þá byrjuðum við að spila gríðarlega vel. Ég held að núna sé þetta komið á gott ról hjá okkur,“ segir Jóhann sem er búinn að skora í síðustu tveimur leikjum eða frá því að hann fékk að fara í framlínuna.

„Ég beid mjög lengi eftir þessu fyrsta marki en það kom loksins á móti Val og það er skemmtilegra að maður sé byrjaður að skora. Ég er búinn að vera að spila frammi með Malla sem er mjög skemmtilegt. Ég fæ fleiri tækifæri til að skora þar,“ segir Jóhann Berg sem segir traust þjálfarans skipta miklu máli.

„Það er fint að hann sé tilbúinn að treysta okkur. Við finnum þetta traust og það sést kannski á spilamennskunni hjá okkur. Við smellum alveg inn í liðið en það er gott að hafa mann eins og Adda inni á miðjunni, sem er að stjórna okkur,“ segir Jóhann en fyrir fyrsta leik þá ráðlagði Ólafur þjálfari honum bara að spila sinn leik og gera það sem hann væri vanur að gera.

„Hann sagði mér bara að gera það sem ég væri vanur að gera, taka menn á og leggja upp mörk,“ sagði Jóhann Berg.



GUÐMUNDUR KRISTJÁNSSON

19 ára (Fæddur 1. mars 1989)

Miðjumaður

SUMAR 2008

Leikir/mörk: 6/1

Í byrjunarliði: 6 leikir

Fyrsti leikur: 16. júní á móti FH

Ólafur um Guðmund:

„Guðmundur var búinn að vera að æfa með meistaraflokknum í fyrra og hittifyrri. Hann fékk nokkra leiki í fyrra en var að keppa við þá menn sem voru jafnbestir í fyrsumar, Arnar Grétarsson og Nenad Petrović. Ég sá að hann þyrfti meiri leikæfingu og hana fékk hann þegar við lánuðum hann til Hauka í einn mánuð. Hann er gríðarlega fljótur og næstfljótastur í hópnum. Hann er líkamlega mjög sterkur og er síðan með meiri spilátíma orðinn miklu öruggari á boltann sem og í allri ákvarðanatöku. Hann tapar mjög fáum boltum og vinnur mjög marga. Ég er mjög ánægður með hann inni á miðsvæðinu.“



KRISTINN JÓNSSON

17 ára (Fæddur 4. ágúst 1990)

Vinstri bakvörður

SUMAR 2008

Leikir/mörk: 8/0

Í byrjunarliði: 8 leikir

Fyrsti leikur: 20. maí á móti KR

Ólafur um Kristinn:

„Hann spilaði tvo til þrjá leiki í fyrra feikilega vel og í vetur fékk hann líka mikla og góða reynslu. Við gátum skólað hann aðeins til. Bakvörðirnir geta tekið þátt í sókninni í þessum leikstíl sem við höfum og hann er því alveg fullkominn í þessa stöðu. Hann hefur gott vald á boltanum, er fljótur og með finar fyrirgjafir. Þessi staða passar því vel fyrir hann. Hann er orðinn miklu öruggari í varnarleiknum, er orðinn finn einn á einn og hefur mjög góðan hraða. Kristinn hefur spilað þessa stöðu feikilega vel í undanförunum leikjum.“



JÓHANN BERG GUÐMUNDSSON

17 ára (fæddur 27. október 1990)

Vængmaður/Sóknarmaður

SUMAR 2008

Leikir/mörk: 12/2

Í byrjunarliði: 12 leikir

Fyrsti leikur: 10. maí á móti ÍA

Ólafur um Jóhann:

„Jóhann er búinn að koma skemmtilega á óvart. Hann kom til okkar í vetur og okkur fannst hann eiga fullt erindi í meistaraflokkin. Hann fékk tækifærið í leik, greip það og er síðan búinn að vera inni í liðinu. Hann er mjög beinskýttur, hefur hraða og góða tækni og meðan hann þorir að fara á menn þá nýtir hann sína hæfileika mjög vel. Fyrsta snertingin hans er frábær og hann getur tekið við boltanum undir pressu sem auðveldar honum allt mjög mikið. Hann er líka mjög þroskaður miðað við aldur hvað varðar tækni.“



FINNUR ORRI MARGEIRSSON

17 ára (fæddur 8. mars 1991)

Miðvörður

SUMAR 2008

Leikir/mörk: 4/0

Í byrjunarliði: 4 leikir

Fyrsti leikur: 19. júní á móti KA

Ólafur um Finnur:

„Finnur kom og æfði með okkur í fyrra og þá var hann enn í 3. flokki. Í vetur æfði hann með okkur frá fyrsta degi, var mjög samviskusamur, hlustaði og lærði. Finnur hefur varla stigið feilsþor í þessum leikjum. Hann er með fína tækni og ofboðslega góðan leikskilning. Hann sér stöður og leysir þær mjög vel. Hann er líka mjög öflugur maður á móti manni. Hann er ekki mikill að vexti en ágætlega sterkur og það sem hann skortir í styrk leysir hann með skynsemi og með því að lesa leikinn. Ég hef engar áhyggjur af honum, hann er þannig karakter að hann á bara eftir að verða betri því hann er tilbúinn að læra og bæta sig.“



Fáðu ferskar íþróttufréttir á hverjum morgni



Fréttablaðið stendur vaktina á hverju kvöldi – líka á laugardögum. Þannig færum við þér nýjustu úrslitin og staðgóða umfjöllun á morgunverðarborðið hvern einasta morgun.*

*Sunnudagsútgáfa *Morgunblaðsins* er prentuð á laugardegi áður en íþróttáúrlit dagsins liggja fyrir og 24 stundir koma hvorki út á sunnudögum né mánudögum. Auk þess fara 24 stundir í prentun aðra daga áður en íþróttaleikjum kvöldsins er lokið.

Fréttablaðið er eina dagblaðið sem færir þér ferskar íþróttufréttir alla morgna vikunnar, líka á sunnudögum.

Allt sem þú þarft – alla daga



> Christina Ricci

„Ég held að ástæðan fyrir því að margar barnastjörnur endast ekki sé sú að þær fá ekki vinnu eftir að þær hætta að vera krútt. Þar sem ég þótti frekar ófríð sem krakki varð þetta aldrei vandamál hjá mér“. Ricci leikur í myndinni „All Over the Guy“ sem sýnd er á Skjáeinum í kvöld.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ VIGDÍS ÞORMÓÐSDÓTTIR FYLGIST MEÐ SYNDSAMLEGU ATHÆFI

Konan sem svífst einskis í eldhúsinu

Sjónvarpið sýnir á fimmtudagskvöldum ágæta matreiðsluþætti Nigellu Lawson, íturvaxins Breta sem virðist hafa gert það að markmiði sínu að draga úr samviskubiti fultkomunnarinnar um heim allan. Í þessum nýju þáttum sínum gerir Nigella nefnilega allt sem ekki má gera í eldamennsku samkvæmt hinni óskrifuðu reglubók rétt þenkjandi nútímafólks. Hún viðurkennir fúslega að hún noti smjördeig úr pakka vegna þess að það er svo fljótlegt; hún notar skæri til þess að klippa hráefni beint niður á pönnuna og sparar sér þannig að vaska upp skurðarbretti. Hún eldar óhikað óhollan mat, mettaðan fitu og sykri, og notar ekki einu sinni lífrænt ræktað hráefni til verksins.

Ljóst er að Nigella hefur fengið sig fullsadda af rétttrúnaðinum sem umlykur í sífellt meiri mæli allt sem viðkemur matargerð og matarneyslu Vesturlandabúa. Þáttaröðin er þannig hennar persónulega andóf gegn þeirri kenningu, sem



ryður sér mjög til rúms nú um stundir, að matargerð sé einskis virði nema að maður gefi sér langan tíma til þess að elda úr framaní hráefni. Nigella er að þessu leyti afar raunsæ kona; fæstir hafa tíma til þess að vera lengi að elda dagsdaglega og taka því fagnandi ábendingum um hvernig reiða má fram gírnilegan mat á mettíma. Nigella er einnig ákaflega hagsýn kona þar sem hún gerir sér fullvel grein fyrir þessari eftirspurn og einnig því hversu markaðsvæn hún er sjálf. Eldhúseti gæti orðið móðins einvörðungu vegna þess að Nigella líkar leti sinni. Hún er nefnilega heillandi kona; búsældarleg og glaðleg og alltaf afslöppuð og róleg, sama hvað gengur á í eldhúsinu. Hún talar oft um rétti sem hún eldar sér til huggunar þegar henni líður illa og er stressuð, en áhorfendur taka slíkum yfirlýsingum með fyrirvara þar sem illmögulegt er að ímynda sér þessa syndugu eldhúsgyðju öðruvísi en með bros á vör.

EKKI MISSA AF



► **13.30 Barkleys Scottish Open, Beint** STÖÐ 2 SPORT



► **19.40 Út og suður** SJÓNVARPIÐ



► **20.45 Twenty Four 3** STÖÐ 2 EXTRA



► **21.30 All Over the Guy** SKJÁREINN



► **21.50 The Riches** STÖÐ 2

SJÓNVARPIÐ

08.00 Morgunstunden okkar Í næturgarði, Pósturinn Páll, Friðþjófur forvitni, Ný skólinn keisarans, Sígdar teiknimyndir, Finni kostur, Fræknir ferðalangar, Pabbi lögga og Sigga ligga lá.

11.10 Hlé

16.30 Karþagó (Carthage) (2:2)(e)

17.20 Táknálsfréttir

17.30 Milli okkar systra (e)

17.45 Skoppa og Skritla út um hvippinn og hvappinn (5:12) (e)

18.00 Stundin okkar

18.30 Á flakki um Norðurlönd (2:8) (e)

19.00 Fréttir

19.35 Veður

► **19.40 Út og suður** Viðmælendur Gísla Einarssonar að þessu sinni eru George Hollanders leikfangasmiður á Öldu í Eyjafjarðarsveit og Aðalgeir Egilsson safnbóndi á Mánárþakka.

20.10 Julie (Julie) (2:2) Þýsk/frönsk sjónvarpsmynd í tveimur hlutum. Julie de Maupin er ungrri bjargað frá því að verða fórn að við svarta messu. Þegar hún vex úr grasi verður hún afbragð annarra kvenna og heillar hirð Loðvíks XIV með fegurð sinni og sönglist.

21.50 United (United) Norsk bíómynd frá 2006. Káre og Anna búa í smábæ á vesturströnd Noregs. Þau hafa verið saman síðan í æsku og elska hvort annað en ekki síður fótboltaíð Manchester United. Aðalhlutverk: Hávard Lilleheie, Berte Rommetveit, Vegar Hoel og Sondre Sørheim.

23.15 Útvarpsfréttir í dagskrárlök

BIÓ

08.00 Tenacious D in The Pick of Destiny

10.00 Beauty Shop

12.00 Elizabethtown

14.00 Lake House

16.00 Tenacious D. in The Pick of Destiny

18.00 Beauty Shop

20.00 Elizabethtown Rómantísk gamanmynd með Orlando Bloom og Kirsten Dunst í aðalhlutverkum.

22.00 Kiss Kiss Bang Bang

00.00 Ice Harvest

02.00 The Woodsman

04.00 Kiss Kiss Bang Bang

06.00 Blue Sky

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Barney og vinir, Ofurhundurinn Krypto, Fífi.

08.00 Algjör Sveppi Sveppi vaknar allar helgar klukkan átta og sýnir börnunum teiknimyndir með íslensku tali.

09.40 Tommi og Jenni

10.00 Draugasögur Scooby-Doo (13:13)

10.25 Kalli litli kanína og vinir

10.45 Ginger segir frá

11.10 The Life and Times of Juniper

11.35 Bratz

12.00 Hádegisfréttir

12.30 Neighbours

12.50 Neighbours

13.10 Neighbours

13.30 Neighbours

13.50 Neighbours

14.15 America's Got Talent (11:12)

15.20 Primeval (6:6)

16.10 Monk (4:16)

16.55 60 minutes

17.45 Oprah

18.30 Fréttir Stöðvar 2

18.49 Íþróttir

18.55 Veður

19.10 Derren Brown – Hugabrellur

19.35 Life Begins (3:6)

20.25 Monk (13:16)

21.05 Women's Murder Club (4:13) Hér segir frá fjórum vinkonum sem hafa helst áhuga á slúðri og sakamállum. Þær gegna allar ólíkum störfum og þá nýttist vínáttan vel því allar vinna þær við morðrannsóknir.

► **21.50 The Riches** (5:7) Svíakrappur af hjólhýsakyni sem hafa lifað sem sígaunar allt sitt líf, söðla rækilega um og setjast að í venjulegu úthverfi. Í síðustu þáttaröð komst upp um stóra leyndamálið og því þurfti fólk að flygja.

22.35 Wire (4:13) Fjórða syran í myndaflokki sem gerist á strætum Baltimore í Bandaríkjunum þar sem eiturfylf eru vandamál og glæpaklíkur vaða upp.

23.35 Cashmere Mafia (4:7)

00.20 Bones (15:15)

01.05 Icon (1:2)

02.30 Icon (2:2)

03.55 Monk (13:16)

04.35 Women's Murder Club (4:13)

05.20 Derren Brown – Hugabrellur

05.45 Fréttir

SPORT

besta sætið

09.40 Gillette World Sport Fjölbreyttur íþróttabáttur þar sem farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum út í heimi.

10.10 Sumarmótin 2008 Sýnt frá N1-mótinu sem fram fór á Akureyri þar sem lið í 5. flokki drengja etja kappi.

10.55 F1: Við endamarkið Fjallað verður um atburði helgarinnar og gestir í myndveri ræða málin.

13.05 Inside the PGA Skyggnst á bak við tjöldin í PGA-mótaröðinni og tímabilið fram undan skoðað.

13.30 Barkleys Scottish Open Bein útsending frá Barkleys Open en mótið er hluti af Evrópumótaröðinni í golfi.

16.30 Stjörngolf 2008 Þjóðþekktir einstaklingar spiluðu golf en tilgangur mótsins var að safna fé til góðs málefnis.

17.10 Landsbankadeildin 2008 KR-Valur. **19.00 Umhverfis Ísland á 80 höggum** Logi Bergmann Eiðsson fer umhverfis Ísland á 80 höggum.

19.45 Landsbankadeildin 2008 FH - Fylkir. Bein útsending frá leik í Landsbankadeild karla.

22.00 Barkleys Scottish Open

00.00 Landsbankadeildin 2008 FH - Fylkir

SPORT 2

17.25 PL Classic Matches Liverpool - Blackburn Rovers, 94/95. Svipmyndir frá leik Liverpool og Blackburn leiktíðna 1994-1995.

17.55 Bestu leikirnir West Ham - Chelsea.

19.35 PL Classic Matches Everton - Manchester United, 1995. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

20.05 Premier League World 2008/09 Hitað upp fyrir ensku úrvalsdeildina í knattspyrnu sem hefst í ágúst. Frábær þáttur sem enginn áhugamaður um enska boltann má missa af.

20.35 Football Rivalries Rígur helstu stórvelda Evrópu skoðaður og að þessu sinni verður rígur Milan og Inter, og Lazio og Roma krufinn til merrjar.

21.30 10 bestu - Eiður Smári Guðjohnsen Sjötti þátturinn í þáttaröð um tíu bestu knattspyrnumenn Íslandssögunnar.

22.20 Bestu leikirnir Everton - Arsenal.

SKJÁREINN

07.50 Vörutorg

08.50 MotoGP Bein útsending frá Sachsenring í Þýskalandi þar sem tíunda mótið í MotoGP fer fram. Margar þröngar beygjur gera það að verkum að hjólin ná ekki jafnmiklum hraða og á öðrum keppnisbrautum í mótaröðinni en það er ávallt mikið fjór á þessari braut.

13.05 Dr. Phil (e)

15.20 The Biggest Loser (e)

16.10 The Real Housewives of Orange County (e)

17.00 Britain's Next Top Model (e)

17.50 Age of Love (e)

18.40 How to Look Good Naked (e)

19.10 The IT Crowd (e)

19.40 Top Gear – Best of Vinsælasti bílabáttur Bretlands, enda með vandaða og óháða gagnrýni um allt tengt bílum og öðrum ökutækjum.

20.40 Are You Smarter than a 5th Grader Spurningabáttur fyrir alla fjölskylduna. Spurningarnar eru teknar úr skólabókum grunnskólakleppa en þær geta vafist fyrir þeim fullorðnu.

► **21.30 All Over the Guy** Rómantísk gamanmynd sem fjallar um tvo unga homma, Eli og Tom, sem kynntust í gegnum vini sína. Eldurinn hefur slokkað í sambandi þeirra og nú snúa þeir sér til fjölskyldu sinnar, til að fá ráðleggingar um sambandið. Aðalhlutverk: Richard Ruccolo, Dan Bucatinsky, Adam Goldberg, Joanna Kerns, Sasha Alexander, Christina Ricci, Doris Roberts og Lisa Kudrow.

23.00 Crime of Passion Dramatísk sjónvarpsmynd frá 1999. Læknir er myrtur og elsta dóttir hans er grunuð um morðið. Hún er í kapphlaupi við tímann að sanna sakleysi sitt. Aðalhlutverk: Tracey Gold, Powers Boothe og Kelly Rowan.

00.30 Secret Diary of a Call Girl (e)

01.00 Vörutorg

02.00 Óstöðvandi tónlist

SIJÓNVARP NORÐURLANDS

18.15 Fréttir og Að norðan Endurtekið á klist. fresti til kl. 12.15 daginn eftir.

18.45 Gönguleiðir Fyrsti þáttur í 12 þátta seríu „Lönsöræfi“ Endurtekið á klist. fresti til kl. 12.45 daginn eftir.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



Galleri
BORG

Skipholt 35
105 Reykjavík. sími 511 7010
petur@galleriborg.is

Höfum til sölu nokkur málverk eftir Kristján Davíðsson

ERUM AÐ TAKA VIÐ VERKUM Á NÆSTA MÁLVERKAUPPBOÐ
Vinsamlegast hafið samband við Pétur Þór í síma 511 7010 eða 847 1600.

LÆGRI SÖLULAUN - ÖRUGG ÞJÓNUSTA

Viku eftir síðasta uppboð höfðu allir seljendur fengið uppgert.

Galleri
BORG

Skipholt 35
105 Reykjavík. sími 511 7010
petur@galleriborg.is

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 19.10

Derren Brown

Sjónhverfinga- og hugar-brellumeistarinn Derren Brown heldur uppteknum hætti við að beita fórnarlömb sín ótrúlegum hugar-brellum og sýna fram á að vegir hugans eru órannsak-anlegir. Sjón er sögu ríkari.



▶ VIÐ MÆLUM MED FH-FYLKIR BEINT Stöð 2 sport kl. 19.45

Bæði liðin koma særð til leiks, FH-ingar töpuðu tvívegis fyrir Keflavík á þremur dögum í síðustu viku og Fylkismenn hafa tapað fimm deildarleikjum í röð og ekki skorað í hátt í 400 mínútur í deildinni. FH heldur samt enn toppsætinu og hefur unnið alla fjóra heimaleiki sumarsins og það gæti því orðið erfitt fyrir Fylkis-menn að snúa við blaðinu í kvöld.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

- 06.30 Árla dags
- 06.40 Veðurfregni
- 07.05 Morgunandakt
- 08.00 Morgunfréttir
- 08.05 Tónlistargrúsk
- 09.03 Framtíð lýðræðis
- 10.05 Veðurfregni
- 10.15 Þættir úr sögu tvífarans
- 11.00 Guðspjónusta í Hjallakirkju
- 12.00 Hádegisútvarp
- 12.20 Hádegisfréttir
- 12.45 Veðurfregni
- 13.00 Listin og landafræðin
- 14.00 Loftbelgur
- 14.30 Lostafulli listræninginn
- 15.00 Flækingur
- 16.00 Síðdegisfréttir
- 16.08 Veðurfregni
- 16.10 Sumartónl. evrópskra útvarpsstöðva
- 18.00 Kvöldfréttir
- 18.26 Saga til næsta bæjar
- 18.52 Dánarfregni og auglýsingar
- 19.00 Óskastundin
- 19.40 Af minnisstæðu fólki
- 20.00 Leynifélagið
- 20.25 Tónleikur
- 21.10 Undur Andesfjalla
- 22.07 Veðurfregni
- 22.12 Orð kvöldsins
- 22.15 Umhverfis jörðina
- 23.10 Andrarímur
- 00.07 Næturtonar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

EXTRA

15.00 Hollyoaks Bresk unglingsápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.

15.25 Hollyoaks

15.50 Hollyoaks

16.15 Hollyoaks

16.40 Hollyoaks

18.00 Seinfeld (19:22) Stöð 2 Extra sýnir nú þessa sígildu gamanþáttaröð eins og hún leggur sig, fjóra daga vikunnar og svo aftur um helgar.

18.45 Seinfeld (21:22)

19.10 Seinfeld (19:22)

19.35 Seinfeld (20:22)

20.00 Pussycat Dolls Present: Girlicious (6:10) Nú á að stofna systrahljóm-sveit Pussycat Dolls og á hún að heita Girlicious og mun samanstanda af þremur hæfileikaríkum og að sjálfsgöðu gullfalleg-um stúlkum.

▶ 20.45 Twenty Four 3 (7:24) Jack berst fyrir lífi sínu á leiðinni til Mexíkós. CTU kemst að því að Gael hefur verið að vinna fyrir Salazar-bræðuma. Chase stingur af í von um að bjarga lífi Jacks.

21.30 Entourage (14:20) Verðlauna-þættir lauslega byggðir á fyrstu árum Marks Wahlberg í bíóborginni.

22.00 Seinfeld (19:22)

22.45 Seinfeld (21:22)

23.10 Seinfeld (19:22)

23.40 Seinfeld (20:22)

00.05 Sjáðu

00.30 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV

BBC PRIME

10.00 The Weakest Link

11.00 Ballykissangel

12.00 Ballykissangel

13.00 The Race for Everest

14.00 Speed

14.30 Speed

15.00 Speed

15.30 Speed

16.00 Speed

16.30 Speed

17.00 Days that Shook the World

18.00 Days that Shook the World

19.00 Days that Shook the World

20.00 Days that Shook the World

21.00 Days that Shook the World

22.00 Days that Shook the World

23.00 Days that Shook the World

DR 1

9.00 Hammerslag 9.30 Hestebræðrene 9.55 Historier fra Danmark - Hvad man spiser - og ikke spiser 10.10 Boxen 10.30 Mit vndlingsmotiv 12.00 Det lille hus på prærien 13.10 Napoleon og Josephine: En kærlighedshistorie 14.40 Landsbyhospitalet 15.30 Postmand Per 15.55 Home things 16.00 Et dejligt hundeliv 16.30 TV Avisen med Sport og Vejret 17.00 Kløvedal i Kina 18.00 Rejseholdet 19.00 TV Avisen 19.15 Aftenour 2008 19.40 Beck 21.15 Hvem trækker først? 22.40 Jagten på en morder

NKI

8.00 H2O 8.25 Sirkusliv 8.55 Vitenskap jukeboks 9.55 Ekstremvær jukeboks 10.55 Jazz jukeboks 11.55 Ut i naturen jukeboks 12.55 Motorsport: STCC 13.40 Berlinfilharmoniens sommerkonsert fra Waldbühne 15.30 Åpen himmel: "Kom til den hvitmaltte kirke" 16.00 Lillefot og vennene hans 16.25 Herr Hikke 16.30 Energikampen 2007 17.00 Dagsrevyen 17.30 Sportsrevyen 17.50 Med lisens til å sende: Dramatiske øyeblikk 18.20 Millionær i forkledning 19.10 Kavanagh 20.30 Elvis Costello - på tvers! 21.00 Kveldsnytt 21.20 Autofil 21.50 Fjellens døtre 23.15 Norsk på norsk jukeboks

SVT 1

11.05 Talarna i 24 Direkt 12.05 Hjærtats säng 12.35 Hollywoodredaktionen 13.00 Mitt i naturen 13.30 Sommartorget 14.00 Kärlek med förhinder 15.00 Anaconda 15.30 VeteranTV 16.00 Anki och Pytte 16.30 Sagoberättaren 17.00 Hundkoll 17.30 Rapport 18.00 Håll tyst, världen! 18.30 Sportspejeln 19.00 Baronessan 19.25 Världsmästare i lydnad 19.30 Mia och Klara 20.00 Muslim i Europa 20.30 En svensk berättelse 21.00 Rapport 21.10 I sinnets våld 22.10 På luffen i Norden

KYNNTU ÞÉR VETRARDAGSKRÁ STÖÐVAR 2 Á STÖD2.IS

RÍKIÐ - HEFST Í ÁGÚST Á STÖÐ 2

NÝ DREPFYNDIN

GAMANÞÁTTARÖÐ

FRÁ HINUM SÖMU OG GERÐU FÓSTRÆÐUR, SVÍNASÚPUNA OG STELPURNAR

SVEPPI - AUDDI - ÞORSTEINN BACHMANN - ELMA LÍSA GUNNARSDÓTTIR

HALLDÓRA GEIRHARÐSDÓTTIR - EGGERT ÞORLEIFSSON - BENEDIKT ERLINGSSON - VÍKINGUR KRISTJÁNSSON

VIGNIR RAFN VALÞÓRSSON - INGA MARÍA VALDIMARSDÓTTIR OG JÓHANNES HAUÐUR JÓHANNESSON

LEIKSTJÓRI - SILJA HAUKDÓTTIR

HVAÐ SEGIR MAMMA?

„Ég var alltaf viss um að tónlistin lægi fyrir henni. Mér finnst hún taka rosalega skynsamlega á öllu sem snýr að Mercedes Club og vera niðri á jörðinni. Ég er stolt af því hvernig hún höndlar þetta og heldur sínu striki.“



Katrín Óskarsdóttir, móðir Rebekku Kolbeinsdóttir söngkonu í Mercedes Club.

HIN HLÍÐIN SIGRÍÐUR TORFADÓTTIR TULINIUS NEMI OG GALLERÍREKANDI

Hoppar á trampólíninu á Arnarstapa

Hvað er að fréttu? Við stöndum í ströngu við að mála og skrúba eftir seinustu sýningu í Gallerí Íbiza Bunker og erum að gera allt klárt fyrir sýningu Guðmundar Thoroddsen sem verður opnuð kl. 17 á föstudaginn.

Augnlitur: Blár með brúnni sneið í vinstra auganu.

Starf: Gallerírekandi og nemi.

Fjölskylduhagir: Ógift og barnlaus en á voða skemmtilegan kærasta, Loga Höskuldsson.

Hvaðan ertu? Reykjavík.

Ertu hjátrúarfull? Ég varð allavegana mjög skelluð þegar Ragnheiður vinkona mín sagði mér að það boðaði ógæfu að drepa járnsmíði rétt eftir að ég hafði endað líf eins slíks.

Uppáhalds sjónvarpsþátturinn: Simpsons.

Uppáhaldsmatur: Cappuccino og biscotti.

Fallegasti staðurinn: Á Sprengisandi umkringdur jökulum.

iPod eða geislasplari? iPod.

Hvað er skemmtilegast? Að hoppa á trampólíninu á Arnarstapa á Snæfellsnesi. Það er rosalega stórt.

Hvað er leiðinlegast? Að hreinsa hár úr niðurfalli.

Helsti veikleiki: Kex og nammi.

Helsti kostur: Kann að búa til sápuklúvlév og gufubað.

Helsta afrek: Að opna Gallerí Íbiza Bunker ásamt Ragnheiði Káradóttur.



Mestu vonbrigðin: Að vera ekki orðin rokkstjarna.

Hver er draumurinn? Að verða rokkstjarna.

Hver er fyndnust/fyndnastur? Systa móðursystir mín.

Hvað fer mest í taugarnar á þér? Hundahár.

Hvað er mikilvægast? Að vera heiðarlegur við sjálfan sig.



UNG KONA Á UPPLÉIÐ
Ilmur Kristjánsdóttir
leikur Ástríði í sam-
nefndri þáttaröð.

Hamingjuleit í fjármálaheiminum

Ilmur Kristjánsdóttir leikur Ástríði í sjónvarpsþáttaröðinni Ástríður. Tökur hefjast í lok mánadagins og Silja Hauksdóttur leikstýrir. Þetta verða tólf framhaldsþættir sem Stöð 2 sýnir, líklega skömmu eftir áramót.

„Ástríður er ung kona sem kemur úr námi erlendis og fer að vinna hjá fjármálafyrirtæki,“ segir Ilmur. „Þetta eru grín og dramaþættir sem fjalla um líf hennar og ástir. Þetta fjallar minna um fjármálaheiminn, þó við skygnumst aðeins inn í hann.“

Ilmur segir handritshöfunda – Sigurjón Kjartansson, Silju leikstjóra, Kötlu Margréti Þorgeirsdóttur og hana sjálfa – forðast samburð við erlenda þætti en fer þó ekkert í vörn þegar nafn Allyar McBeal ber á góma. „Við

erum ekkert að finna upp hjólið og vorum bara í þessu til að hafa gaman af því. Það er vonandi að áhorfendur hafi gaman af líka. Við þökkjum þennan heim úr amerískum þáttum en höfum aldrei séð þetta í íslensku umhverfi áður. Ég held að samsvörum við íslenskan raunveruleika sé mjög þakklát. Við verðum alltaf ofsalega glöð ef við sjáum Laugavegin í sjónvarpinu.“

Ástríður lendir í ýmsu í gegnum þættina tólf; karlamál og tilfinningakreppur, átök og ástríður, þer hátt eins og nafnið bendir til. „Ég vona að allar konur finni eitthvað af sér í Ástríði. Við sýnum íslenska kvennaheiminn og leit Ástríðar að sannleikanum og hamingjunni. Hvort hún finnur þetta tvennt í síðasta þættinum verður bara að koma í ljós.“ - ghl

EINAR HELGI ÁRMANN: SNÆDDI KVÖLDVERÐ Á FRÖNSKUM MICHELIN-STAÐ

Íslenskt hótel fólk fór í sækeraferð um Evrópu

Nokkrir nemendur við Hótel og matvæðaskólann í Kópavogi héldu út til Sviss í vor í sannkallaða sækeraferð. Tilgangur ferðarinnar var að skoða aðstæður við hinn virta Cesar Ritz skóla, en Menntaskólinn í Kópavogi tók nýverið upp samstarf við skólann. Skólinn er nefndur eftir Cesari Ritz sem var frumkvöðull í hótelrekstri og jafnframt stofnandi Ritz hótelanna. Einar Helgi Ármann var einn nemendanna sem lagði land undir fót en hann, líkt og samferðarmenn hans, stundar nám í hótelrekstri. „Við fórum út til þess að skoða skólann en ákváðum svo að gera meira úr ferðinni og ferðast aðeins um í leiðinni.“

Einar segir alla aðstöðu við skólann hafa verið til fyrirmyndar og að námið hljómi mjög spennandi. „Þetta er þriggja ára nám allt í allt. Við tókum fyrsta árið hér heima, fórum svo út til Sviss í hálft ár og eftir það er þrjú árs sinnur hálfs árs starfþjálfun sem við tókum bæði hér heima og erlendis.“ Eftir að hafa skoðað skólann ferðaðist hópurinn til borgarinnar Lyon í Frakklandi þar sem þau dvöldu á gömlu sveitahótelu. Hóteluð státar af vinsælum Michelin-veitingastað sem matreiðslumeistarinn Friðgeir Eiríksson stjórnaði áður við góðan orðstír.

„Máltíðin sem við borðuðum þar var sú besta sem ég hef nokkurn tímann fengið. Eigandi hótelsins tók mjög vel á móti okkur og sýndi okkur staðinn. Hann sýndi okkur einnig vinkjallara hótelsins og leyfði okkur að smakka á nokkrum vínnum sem hann geymir þar. Eigandinn er mikill Íslandsvinur og hefur nokkrum sinnum komið hingað til lands og á hér marga kunningja,“ segir Einar. Eftir dvölinu í Lyon lá leið hópsins til Parísar þar sem þau snæddu kvöldverð á einum frægasta veitingastað borgarinnar. „Staðurinn á að vera sá flottasti í París en eftir að hafa verið borðað á Clairfontaine veitingastaðnum í Lyon þá fannst okkur lítið varið í þennan stað þrátt fyrir Michelin stjörnur.“

Hópurinn endaði ferðina í London þar sem þau ákváðu að heimsækja veitingastaðinn Texture sem er að hluta til í eigu íslenska kokksins Agnars Sverrissonar. „Texture er frekar nýr staður en hefur fengið topp dóma og á matseðlinum er meðal annars að finna íslenskt lamb og skyr.“ Einar segist hlakka



EVINTÝRAFERÐ UM MATARLENDUR EVRÓPU Einar Helgi Ármann, lengst til hægri, fór ásamt nemendum við Hótel og matvæðaskólans í Kópavogi í sækeraferð til Sviss. Þau heimsóttu líka Michelin-staði í Frakklandi og enduðu ferðina á íslenska veitingastaðnum Texture í London. Með Einari á myndinni eru Torfi Kristleifsson og Anzhela Klimets.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

mikið til þess að hefja nám við Cesar Ritz og finnst ekki ólíklegt að hann í lengist að útskriftinni lokinni. „Ég væri til í að fara til Frakklands og kynna betur þeirri matarmenningu eftir námið, en maður veit svo sem aldrei hvar maður endar.“

Samnemandi Einars, Guðrún Dröfn Emilsdóttir, ber skólanum einnig vel söguna. „Skólinn er alveg magnaður og öll aðstaða fyrir nemendur er fyrsta flokks. Hann er staðsettur í fallegu fjallaborpi rétt við ítölsku landamærin í mjög fallegu umhverfi.“ Guðrún segir einnig að það hafi verið alveg sérstök upplifun að koma til Lyon og telur að jafn fagmannlega rekið hótél sé vandfundið. „Veitingastaðurinn er sérstaklega þekktur innan kokkaheimsins og margir kokkar koma þangað til þess að næla sér í reynslu. Eigandinn sagðist hafa lært hótelrekstur af ömmu sinni sem eitt sinn rak hótél. Heimsóknin á þennan stað var án efa hápunktur ferðarinnar,“ segir Guðrún að lokum.

sara@frettabladid.is

JUST FOOD TO GO

JUST TODAY

LAMBALÆRI - BERNAISE

FISKRETTIR

PASTARETTIR

KJÚKLINGUR 1/1 & 1/2

KJÚKLINGARÉTTIR

SVÍNARIF BBQ

SMURT BRAUÐ

SALÖT O.FL. O.FLI

LAUGARÁSVÉGUR 1 - Sími 588 8588

„...fyrst á visir.is“

visir.is

...ég sá það á visir.is

Stefán Hilmars hittir Ólaf Ragnar

„Ég veit ekki hvaðan þetta kemur. Og hafði ekki heyrt af þessu fyrr en ég las þetta á Vísi. Furðufrétt um að reynt hefði verið að ná í mig og Pálma sjónvarpsstjóra en ekki tekist,“ segir Ragnar Bragason kvikmyndaleikstjóri aðspurður hvort Björk muni birtast í Dagvaktinni.

Þeir sem hafa séð forsyningu fyrsta þáttar Dagvaktarinnar halda vart vatni. Telja hana talsvert betri en Næturvaktina sem sló heldur betur í gegn – þættir Ragnars um þá félagi á bensínstöðinni: Georg Bjarnfreðarson, Ólaf Ragnar og Daníel. Það gleður Ragnar að heyra sem nú stendur í ströngu við að klippa þættina sem verða 11 að

tölu í þeirri syrpu sem sjónvarpsáhorfendur bíða nú í ofvæni. „Ég sjálfur er himinlifandi með þetta. Við reynum að taka þetta á næsta stig og hjakka ekki í sama farinu,“ segir Ragnar. Í Næturvaktinni dattu ýmsir inn sem þeir sjálfir: Hannes Hólmsteinn, Birgitta Haukdal, Einar Bárðar og fleiri. Þegar eru menn farnir að velja því

fyrir sér hverjir rekast inn á bensínstöðina sem er vettvangur ævintýra bensínafgreiðslumannanna. Um það vill Ragnar ekkert tala. Segist varla vita það – eins líklegt og það má teljast. Telur það aukatríði í sjálfu sér hverjir koma við til að kaupa bensín. Og hvár þegar Fréttablaðið ber undir hann, og þykist hafa fyrir því öruggar heimildir, að stórstjarnan Stefán Hilmarsson sé einn þeirra. Þannig að menn verða að geta í eyðurnar þegar þeir velja því fyrir sér hvað verður Ólafur Ragnar, umboðsmaður Sólarinnar, hittir fyrir forsongvara Salarinnar á bensínstöðinni. - jgb




STEFÁN HILMARSSON Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins mun söngvarinn snjalli detta inn á bensínstöðina þar sem Georg Bjarnfreðarson ræður ríkjum.

VELJUM LÍFIÐ

NÚ ER KÁTT Í HÖLLINNI

RISA

MARKAÐUR



Í LAUGARDALSHÖLLINNI

VERD FRÁ
KR. 99

FRISSI FRISKI

FYRIR BÖRNIN
*meðan birgðir endast

Íslensk tónlist - erlend tónlist

TONLIST

klassík - jazz - DVD tónlist

Takmarkað
magn

Bestu plötur
allra tíma fast á
Risamarkaðinum

**Dú sundir
titla í boði**

TÖLVULEIKIR




DVD MYNDIR

Leikir á allar leikjarvélar
PC - Playstation 2 - PSP - Xbox - Nintendo

VERD FRÁ
KR. 199

VERD FRÁ
KR. 999

Nóg af
bílataðum



OPHD 11 - 19 ALLA DAGA VIKUNNAR



ÞORBJÖRGAR
Þorbjörgar
Siggríðar
Gunnlaugsdóttur

Á sjálfu alnetinu

Það er dálítið atriði að fylgja tískunni. Núna er málið að eiga facebooksíðu. Þetta vissi ég fyrir lífandis löngu og benti eiginmanninum reglulega á að í framtíðinni verði þeir ekki til sem ekki eru til á facebook. Ég þóttist skynja að aldursmunur væri farinn að há okkur, enda rúmt ár á milli okkar hjóna.

ÞEIR sem ekki hafa opnað facebooksíðu skilja ekki hvað í þessu felst. Menn verða að upplifa facebook. Lærð skilgreining á facebook ku vera að um sé að ræða stig á milli sms-skilaboða og myspace. Smávægilegur galli þessarar skilgreiningar er þó sá, að þeir sem ekki þekkja facebook vita að líkindum ekki hvað myspace er. En hvað um það.

Í STUTTU máli virðist facebook vera eins og lokuð bloggsíða þar sem menn keppast um að eiga sem flesta pennavini og greina vinunum frá því hvað þeir séu uppteknir í vinnu og lífi spennandi lífi. Mig dreymir um að bóka „Þorbjörg er á fundi, erlendis“ og deila því svo með 300 nánustu vinum. Gott er að eiga fjölda vina sem og flotta vini, sjónvarpsstjórnur, borgarfulltrúa og jafnvel stjórnulögmenn, helst auðvitað þannig að þeir hafi átt frumkvæðið að vinskapanum á facebook með því að „adda“ manni. Nú er eiginmaðurinn loksins kominn með facebooksíðu og við komin í harðvítuga samkeppni um fjölda pennavina. Gleðilegir endurfundir verða iðulega á facebook. Au þá stúlkan finnur fjölskylduna í Austurríki sem hún hafði glatað heimilisfanginu hjá. Og nú geta fínna frúr hætt að tala um að þær verði að fara að hittast þegar þær rekast á aðrar finar. Þess þarf ekki lengur og kaffiboð eru algjörlega liðin tíð. Facebooknotanda auðnast nefnilega daglegar upplýsingar um hagi vina og kunningja. Tilkomumikil frásögn, sem kæmi í beinu framhaldi af fundarhöldum í útlöndum, gæti jafnframt verið að bóka „Þorbjörg leggur nýbakaðar skonsur á morgunverðar (hlað)borðið. Hún straujar dagblaðið fyrir eiginmanninn. Honum finnst svo notalegt þegar snarkar í blaðinu.“

FÓLK hefur aldrei verið eins upptekið við að gera jafnlítið þökk sé heimasíðum, tölvupósti, spjallforritum, bloggi og nú síðast facebook. Hinn vanmetni samfélagsrýnir bloggar eins og hann eigi lífið að leysa og í facebookveröldinni er rífast gangur hjá öllum. Bloggarinn var valinn maður ársins af Time árið 2006. Innan tíðar verður facebook ein af grunnstöðum samfélagsins.

GÓÐAN DAG!
Í dag er sunnudagurinn 13. júlí, 196. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	3.36	13.32	22.38
Akureyri	2.49	13.18	23.44

Heimild: Almanak Háskólans



Komdu út því að sólskinið vill sjá þig!

Bókaðu núna!

Iceland Express flýgur til 14 áfangastaða í allt sumar. Kannaðu málið strax á icelandexpress.is og tryggðu þér sól í sumar.

» Verð frá:

9.990 kr. 50%

Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum. Takmarkað sætaframboð og valdar dagsetningar á hvern áfangastað. Athugið að flugvallaskattur getur verið mismunandi á milli áfangastaða.

» Börn:

50%

Börn, 11 ára og yngri í fylgd með fullorðnum, fá helmingssafslátt af verði fyrir skatta og aðrar greiðslur.

Iceland Express með ánægju